



BYGGÐASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2025



Frá Akureyrarflugvelli.

Umsjón: Hanna Dóra Björnsdóttir og Helga Harðardóttir.

Hönnun, teikningar og umbrot: Blek hönnunarstofa, Akureyri – blekhonnun.is

Ljósmynd á forsiðu: Vík í Mýrdal, Kristján Þ. Halldórsson.

Ljósmyndir: Kristján Þ. Halldórsson: 8, 16, 17, 19, 21, 22, 30, 31, 33, 35, 40, 42, 45, 46, 47, 53, 55, 69, 74, 116, 121, 132. Hjalti Eypór Árnason: 36, 37, 38, 39, 44, 46, 48.

Hanna Dóra Björnsdóttir: 2, 15, 49, 50, 56, 62, 63. Helga Harðardóttir: 20. Sveinn Ragnarsson: 21. Ragnhildur Friðriksdóttir: 39. Donnie Morrison: 50.

Árið í myndum bls. 57-61 og aðrar myndir: Ýmsir starfsmenn Byggðastofnunar.

Kort og gröf: Byggðastofnun nema annað sé tekið fram.

ISBN 978-9935-518-24-8

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS.....	4
INNGANGUR FORSTJÓRA.....	6
STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR.....	9
STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS.....	10
STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS.....	17
STARFSEMI ÞRÓUNARVIÐS.....	18
Brothættar byggðir.....	20
Samningar við landshlutasamtök um atvinnu- og byggðapróun.....	24
Mælaborð.....	25
Orkukostnaður heimila.....	26
Fasteignamat og fasteignagjöld.....	28
Tekjur einstaklinga eftir svæðum.....	29
Þjónustukönnun Byggðastofnunar.....	30
Þjónustukort.....	31
Sóknaráætlanir landshluta.....	32
Verkefnastyrkir samkvæmt stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2022–2026.....	34
Byggðaráðstefnan 2025.....	36
Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.....	38
Borgarstefna.....	40
Aflamark Byggðastofnunar.....	40
Sérfræðiþjónusta á heilbrigðissviði.....	42
Þróun byggðavísitölu.....	42
Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	43
Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaránema.....	44
Samstarf við háskóla.....	45
Samstarf við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna.....	45
Landstólpinn.....	46
Eyrarrósir.....	48
NORA, Norræna Atlantssamstarfið.....	49
Norðurslóðaaáætlunin (NPA).....	51
ESPON.....	54
Norrænir vinnu- og rannsóknarhópar um byggðapróun.....	55
Samfélagsmiðlar Byggðastofnunar.....	56
ÁRIÐ 2025 Í MYNDUM.....	57
FJÁRHAGUR OG REKSTUR.....	63
ÁRSREIKNINGUR BYGGÐASTOFNUNAR.....	63
SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA.....	64
ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA.....	70
YFIRLIT UM AFKOMU.....	75
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	76
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT.....	77
YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR.....	79
SKÝRINGAR.....	80
STARFSÞÁTTAYFIRLIT.....	114
VIÐAUKI (ÓENDURSKOÐAÐUR) STJÓRNARHÁTTARYFIRLÝSING.....	117
FRAMLÖG OG STYRKIR.....	120
LÖG UM BYGGÐASTOFNUN.....	122
REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN NR. 347/2000.....	126

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS

Halldór Gunnar Ólafsson Stjórnarformaður Byggðastofnunar

Þegar rætt er um byggðamál í dag, erum við í raun að ræða atvinnuþróun. Við erum að fjalla um verðmætasköpun, samkeppnishæfni og getu samfélaga til að skapa sér framtíð. Byggð er ekki fyrst og fremst landfræðilegt hugtak heldur er hún er efnahagslegt og samfélagslegt kerfi. Þar sem atvinnulíf dafnar, þar dafnar byggð.

Jafnvægi í byggð er því í mínum huga ekki spurning um tilfinningar eða fortíðarþrá heldur stefnumótandi ákvörðun um hvernig við dreifum tækifærum, áhættu og verðmætasköpun um landið. Þjóð sem treystir á of þrönga atvinnu- og búsetudreifingu veikir stöðu sína. Fjölbreytt atvinnulíf um land allt er hins vegar styrkleikamerki og virkar í raun sem áhættudreifing á landi eins og Íslandi sem hefur í gegnum aldirnar mátt þola alls konar náttúruhamfarir. Við getum sagt að sterk atvinna byggist á þremur grunnstoðum: aðgengi að innviðum, aðgengi að mannauði og aðgengi að fjármagni.

Í fyrsta lagi: **Innviðir**. Samgöngur, fjarskipti og orkuöryggi eru ekki lúxus, heldur forsenda atvinnuuppbyggingar. Fyrirtæki setjast ekki að þar sem aðgengi er ótryggt eða kostnaður óhóflegur. Stafrænir innviðir skipta í dag, ekki síður miklu máli eins og vegir og hafnir gerðu áður. Hraðvirkt net, örugg orka og skilvirkar samgöngur eru grundvöllur þess að ný störf verði til.

Í öðru lagi: **Mannauður**. Engin atvinnuþróun á sér stað án fólks með þekkingu, færni og framtíðarsýn. Aðgengi að menntun, símenntun og sérhæfðri þekkingu þarf að vera til staðar óháð búsetu. Fjarlausnir og samvinna við háskóla og rannsóknarstofnanir skapa ný tækifæri, en ekki er síður mikilvægt að tryggja að samfélög séu aðlaðandi til búsetu fyrir fjölskyldur, sérfræðinga og frumkvöðla.

Í þriðja lagi: **Fjármagn og stuðningskerfi**. Nýsköpun og uppbygging krefjast áhættuþols. Smærri samfélög mega ekki standa verr að vígi þegar kemur að aðgengi að styrkjum, lánsfé eða ráðgjöf. Ef við viljum sjá fjölbreyttari



atvinnugreinar í dreifðari byggðum, verðum við að tryggja að fjárfestingarumhverfið sé samkeppnishæft og atvinnuráðgjöf virki sem alvöru stuðningsnet fyrir fólk og fyrirtæki.

Uppbygging í sjávarútvegi, matvælavinnslu, ferðaþjónustu, skapandi greinum og grænni orku hefur víða skapað hundruð starfa og styrkt samfélög og búsetu fólks á ákveðnum landssvæðum. Slíkur árangur verður ekki til af sjálfu sér heldur byggist á langtímahugsun, samvinnu og skýrri stefnu.

Byggðastefna og atvinnustefna verða að haldast í hendur. Það er ekki nóg að styrkja innviði ef ekki er til stefna um hvaða atvinnugreinar eigi að vaxa og það er ekki nóg að tala um nýsköpun ef grunnþjónusta og húsnæðismál eru ótrygg. Farsæll árangur næst ekki nema hugað sé að þessu öllu.

Við stöndum frammi fyrir nýjum tækifærum. Orkuskipti, sjálfbær matvælaframleiðsla, hringrásarhagkerfi og stafrænar lausnir opna möguleika sem voru óhugsandi fyrir örfáum árum. Landsbyggðin býr yfir auðlindum, rými og þekkingu sem geta orðið burðarás í þeirri þróun ef rétt er á haldið. Spurningin er ekki hvort tækifærin séu til staðar heldur hvort þau eru nýtt.

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS

Við verðum líka að nefna samkeppnishæfni. Fyrirtæki í minni byggðum mega ekki búa við lakari rekstrarskilyrði en þau sem starfa á þéttbýlli svæðum. Jafnræði þýðir ekki að allir fái það sama heldur að allir hafi raunhæf tækifæri til að ná árangri og þá skiptir stöðugleiki máli. Atvinnuuppbygging tekur tíma. Fjárfestingar eru gerðar til margra ára. Ófyrirsjáanleiki í regluverki, skattamálum eða stuðningskerfum getur haft hamlandi áhrif. Skýr og stöðug stefna er ein sterkasta atvinnuþróunaraðgerð sem hægt er að grípa til.

Í umræðu um byggðamál er skömmin þáttur sem sjaldan er nefndur þótt hún geti að mínu mati haft raunveruleg áhrif á stefnumótun, viðhorf og árangur.

Skömm getur að mínu mati birst með ýmsum hætti í byggðaumræðu. Hún getur falist í því að líta á búsetu utan stærstu þéttbýlissvæða sem val sem þurfi að réttlæta. Hún getur falist í því að tala um landsbyggðina sem „vandamál“ sem þurfi að leysa, fremur en tækifæri sem beri að rækta. Hún getur líka birst í því að fólki upplifi að það þurfi að flytja burt til að ná árangri, eins og metnaður og framtíðarsýn eigi heima annars staðar.

Slík skömm er hvorki gagnleg né réttmæt. Hún dregur úr sjálfstrausti samfélaga og getur haft bein áhrif á fjárfestingar, nýsköpun og framtakssemi. Ef sífellt er talað um svæði sem jaðar eða byrði, þá mótast slíkt sjálfmynd fólks og væntingar. Efnahagsleg þróun byggir ekki aðeins á innviðum, mannauði og fjármagni, heldur einnig á trú á eigin getu.

Við þurfum því að vanda orðræðuna. Byggðastefna á ekki að byggjast á vorkunn og má heldur ekki mótast af undirliggjandi skömm gagnvart dreifðri búsetu. Jafnvægi í byggð er ekki tilraun til að halda í eitthvað sem er liðið, heldur meðvituð ákvörðun um að nýta landið, auðlindir þess og mannauð á skynsaman hátt.

” Skömm getur að mínu mati birst með ýmsum hætti í byggðaumræðu. Hún getur falist í því að líta á búsetu utan stærstu þéttbýlissvæða sem val sem þurfi að réttlæta. Hún getur falist í því að tala um landsbyggðina sem „vandamál“ sem þurfi að leysa, fremur en tækifæri sem beri að rækta.

Það er líka mikilvægt að horfast í augu við gagnstæða skömm: að þeir sem búa á þéttbýlli svæðum upplifi að byggðaaðgerðir séu ósanngjörn forgangsröðun fjármuna. Slík umræða getur orðið til þess að byggðamál festist í skotgröfum. Raunin er sú að sterk og fjölbreytt byggð um land allt styrkir heildina. Það er sameiginlegur ávinningur, ekki sérhagsmunamál.

Ef við ætlum að taka byggðamál alvarlega sem þátt í atvinnu- og efnahagsstefnu þjóðarinnar, verðum við að losa umræðuna undan skömm og tilfinningalegum jaðarmerkingum. Við þurfum að tala af fagmennsku, með sjálfstrausti og skýrri framtíðarsýn. Byggð er ekki afsökunarbeiðni. Hún er stefnumótandi ákvörðun um hvernig við viljum að landið okkar virki, efnahagslega, samfélagslega og til lengri tíma litið.

Í lok þessara hugleiðinga minna langar mig að koma þökkum til samstarfsfólks í stjórn Byggðastofnunar fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Einnig vil ég sömuleiðis þakka forstjóra og starfsfólki afar góð viðkynni og gott samstarf.

■ INNGANGUR FORSTJÓRA

Arnar Már Elíasson
Forstjóri Byggðastofnunar

Þróun síðustu áratuga hefur verið á þá leið að um 80% landsmanna býr nú á suðvesturhorni landsins. Byggðir landsins eru hins vegar undirstaða verðmætasköpunar og samfélagslegrar velferðar. Í landsbyggðunum fer fram megnið af matvælaframleiðslu landsins, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði, þar eru forsendur orkuöflunar og þær eru aðdráttarafl ferðamanna, þær geyma náttúruna sem gerir Ísland sérstakt. Ef byggðir fölna og tæmast, veikjast um leið þær stoðir sem hagkerfið hvílir á og samfélagið í heild tapar tækifærum. Hagsmunir landsmanna allra liggja þannig í öflugri og tryggri búsetu um land allt.

Í þessu samhengi skiptir miklu að við rýnum stöðugt hvar áskoranir eru mestar og hvaða verkfæri til jákvæðrar byggðapróunar virka. Þar hefur stofnunin á síðustu árum byggt upp öflugan þekkingargrunn og þróað mismunandi verkefni eftir fjölbreyttum þörfum landsbyggðanna.

Í þessari ársskýrslu er að finna umfjöllun um helstu verkefni stofnunarinnar sem ætlað er að draga úr aðstöðumun landsmanna og stuðla að bættum lífskjörum um land allt. Þau eru öll mikilvæg en mig langar í þessum stutta inngangi að draga fram nokkur þeirra sérstaklega.

Flytjum tækifærin - ekki fólkíð

Að mínu mati er hugmyndafræðin um óstaðbundin störf eitt stærsta og mikilvægasta byggðapróunarverkfæri síðustu ára og áratuga. Þegar störf eru ekki bundin við ákveðna staðsetningu eykst svigrúm fólks til búsetu, samfélög fá þannig tækifæri á auknu tekju- og þekkingarinnstreymi og fyrirtæki og stofnanir hafa úr breiðari hópi umsækjenda að velja.

Ungt fólk, sem alist hefur upp fjarri helstu menntastofnunum, hefur þurft að hleypa heimdraganum til þess að afla sér menntunar. Mörg þeirra hafa mikinn hug á því að flytja aftur í heimahérað að námi loknu og ala þar upp sín eigin börn, en þar hefur víða skort fjölbreytt atvinnutækifæri í samræmi við menntun. Nú er raunhæfur



möguleiki til þess að vinna sem sérfræðingur í innviðaráðuneytinu eða hjá Veðurstofnunni en búa á Vopnafirði eða Suðureyri. Þetta er tiltölulega nýr raunveruleiki sem veitir afar mikla möguleika á betri og frekari dreifingu landsmanna um landið.

Byggðastofnun stuðlar að framgangi þessa með ýmsu móti. Fyrir það fyrsta þá greiðir stofnunin styrki í gegnum byggðaaætlun til ríkisstofnana sem stofna til eða færa stöðugildi frá höfuðborgarsvæðinu út á land. Þegar þessi pistill er tekinn saman hafa einstaklingar flutt af höfuðborgarsvæðinu til Neskaupstaðar, Húsavíkur, Akraness, Ísafjarðar, Akureyrar, Stykkishólms, Hvammstanga og Suðurnesjabæjar sem sérfræðingar, lögfræðingar, skjalaverðir, atferlisráðgjafar og persónuverndarfulltrúar. Enn er nóg eftir í styrkjapottinum og hvet ég alla sem hafa áhuga á að flytja í landsbyggðirnar að ræða þennan möguleika við sinn yfirmann. Í öðru lagi styður stofnunin uppbyggingu vinnustaðaklasa fyrir óstaðbundin störf, því afar mikilvægt er að fólk sem sinnir óstaðbundnum störfum sé hluti af vinnustað en ekki einangrað heima fyrir. Þessi uppbygging er möguleg í gegnum styrkjakerfi úr byggðaaætlun sem nú hefur verið auglýst og í gegnum lánastarfsemi stofnunarinnar. Í þriðja lagi heldur stofnunin utan um mælaborð og tölfræði sem snúa að þessu verkefni. Bæði tölfræði um landfræðilega dreifingu ríkisstarfa en einnig kort yfir staðsetningar vinnustaðaklasa. Í fjórða lagi er Byggðastofnun sjálf fyrirmynd í þessum efnum en í dag eru tæplega 20% stöðugilda óstaðbundin hjá stofnuninni sem þó hefur höfuðstöðvar á Sauðárkróki.

Óstaðbundin störf eru ekki lengur jaðarfyrirbæri. Þau eru ein öflugasta mögulega leiðin til að auka búsetufrelsi, fjölgja atvinnutækifærum og styrkja fjölbreytni atvinnulífs í minni byggðakjörnum.

Óstaðbundin störf eru ekki lengur jaðarfyrirbæri. Þau eru ein öflugasta mögulega leiðin til að auka búsetufrelsi, fjölga atvinnutækifærum og styrkja fjölbreytni atvinnulífs í minni byggðakjörnum.

Traustur rekstur með takmörkuðu framlagi á fjárlögum

Samkvæmt fjárlögum ársins 2026 er gert ráð fyrir að heildargjöld ríkisjóðs verði 1.530 milljarðar. Af þeim renna einungis um 212 m.kr. til reksturs Byggðastofnunar eða um 0,0139%. Að öðru leyti er rekstur Byggðastofnunar sjálfbær, að mestu leyti með vaxtatekjum vegna lánveitinga í landsbyggðunum. Því verður seint sagt að stofnunin sé dýr á fóðrum.

Afkoma af starfsemi Byggðastofnunar árið 2025 var jákvæð um 591 m.kr. til samanburðar við 1.305 m.kr. árið 2024, 704 m.kr. árið 2023 og 476 m.kr. árið 2022. Rekstur stofnunarinnar hefur því verið afar sterkur á seinustu árum sem hefur eflt starfsemina og gert starfsfólki kleift að vinna að fjölbreyttum verkefnum. Frekari upplýsingar um rekstur má lesa í skýrslu stjórnar og vitanlega í ársreikningnum sjálfum.

Brothættar byggðir

Verkefnið Brothættar byggðir hefur fyrir löngu sannað gildi sitt og er í dag eitt af mikilvægustu kjarnaverkefnum stofnunarinnar. Það á rætur að rekja til Raufarhafnar árið 2012, þar sem leitað var lausna á bráðum vanda þar eftir hrun í sjávarútvegi og fækkun atvinnutækifæra. Meginhugmyndin var frá upphafi að vinna út frá hugmyndum íbúa og á þeirra forsendum og að þróa aðferð sem mætti síðan beita víðar.

Kjarni verkefnisins er valdefling og samráð íbúa, að virkja þekkingu og getu þeirra til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þetta birtist meðal annars í reglulegum íbúafundum, skýrri verkefnastjórnun og þeirri nálgun að aðstæður móti umgjörðina fremur en að lausnir séu sniðnar eftir einu módeli fyrir alla.

Ég tel afar mikilvægt að líta til þess að árangur af verkefninu sé metinn í fleiri víddum en bara fólksfjölgun. Þótt mannfjöldi skipti vitanlega töluverðu máli þá er ekki síður mikilvægt ef verkefnið nær að efla þætti eins og frumkvæði íbúa, þjónustustig, atvinnutækifæri, mannlíf og innviði. Því er áhersla á að meta árangur heildstætt og læra kerfisbundið af því sem gengur vel og því sem má gera betur. Þetta er lykillinn að því að byggja upp raunverulegan viðnámsprótt í brothættum byggðum.

Griðarleg eftirspurn í lánveitingar Byggðastofnunar

Á undanförnum misserum hefur lánastarfsemi Byggðastofnunar eflst verulega. Þetta má einna helst greina á ört vaxandi lánaafni sem hefur tvöfaldast frá árinu 2019. Ástæðurnar fyrir aukinni eftirspurn eru einna helst tvær. Fyrir það fyrsta hefur ábyrgðasamkomulag við European Investment Fund gert stofnuninni kleift að bjóða upp á nýja og eftirsóttá lánaflökka í landsbyggðunum. Má þar helst nefna kynslóðaskiptalán í landbúnaði, lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna, lán til umhverfisvænna verkefna og nú síðast sérstakan lánaflokk til atvinnureksturs í viðkvæmstu byggðarlögunum á Íslandi. Í öðru lagi hefur stóraukið kynningarstarf aukið þekkingu landsmanna á verkefnum stofnunarinnar. Má þar helst nefna fundaherferð stjórnenda stofnunarinnar til forsvarsmanna allra sveitarfélaga á Íslandi, utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem verkefni stofnunarinnar eru kynnt og möguleg samstarfsverkefni rædd. Nú þegar hafa 33 sveitarfélög verið heimsótt í þessum tilgangi og er markmiðið að loka hringnum árið 2026.

Áfram má því búast við mikilli eftirspurn í lánveitingar frá stofnuninni, en árið 2025 var það langstærsta frá upphafi þegar veitt voru lán að upphæð 3,5 ma.kr. til verkefna í landsbyggðunum.

Aflamark Byggðastofnunar skiptir víða sköpum

Aflamark Byggðastofnunar tryggir litlum sjávarbyggðum reglubundið hráefni til vinnslu og er víða grunnforsenda heilsárs framléiðslu sem skapar stöðugleika í atvinnu, tekjum og þjónustu í mörgum af viðkvæmstu byggðarlögunum á Íslandi. Með slíkri festu verða til forsendur fyrir fjárfestingu, þekkingu og nýliðun á þessum stöðum.

Verkefninu er ætlað að vera mótvægi við samþjöppun sem átt hefur sér stað í sjávarþorpum um landið á síðustu árum og áratugum og styðja þannig við sjálfbærni þessara byggðarlaga.

Þegar þessum takmörkuðu gæðum er úthlutað skiptir miklu máli að framkvæmdin byggji á skýrum laga- og reglugerðargrunni og gagnsæi, svo traust skapist um verkefnið. Það hefur stofnunin alla tíð gert líkt og lesa má m.a. úr [skýrslu Ríkisendurskoðunar](#) frá árinu 2024.



Eggin í Gleðivík.

Starfsánægja, fagmennska og framlegð

Á árinu 2025 lögðum við áherslu á að fylgjast með tækniframförum og nýta þær af skynsemi. Starfsfólk sótti ítarleg ChatGPT námskeið og höfum við í kjölfarið sett af stað prufuverkefni til aukinnar framleiðni – án þess að slaka á kröfum um trúnað, persónuvernd, faglega ábyrgð og gagnrýna hugsun. Gervigreind er öflugt verkfæri, en aðeins ef við notum hana til að styðja við ákvarðanir, ekki þurrka út mannlega dómgreind.

Að lokum vil ég, líkt og áður í inngangi ársskýrslu, staldra við mannauð Byggðastofnunar. Verkefnin sem hér hafa verið nefnd auk þeirra sem finna má aftar í þessari ársskýrslu krefjast þekkingar, reynslu og fagmennsku. Grunnur þess er vellíðan og ánægja starfsfólks, sem upplifir traust og hefur raunverulegt svigrúm til að skila árangri.


Byggðastofnun hefur komið mjög vel út úr könnuninni *Stofnun ársins* seinustu ár. Árið 2025 var stofnunin í þrítugasta sæti af þeim 139 stofnunum sem þátt tóku í könnuninni. Góður árangur en þó tækifæri til úrbóta.

Við leggjum áherslu á að fylgjast reglulega með líðan og starfsumhverfi starfsfólks. Til viðbótar við árlega ofangreinda könnun gerum við reglulega örkannanir og rýnum niðurstöður jafnóðum svo fljótt megi bregðast við komi ástæður til þess. Þannig náum við að viðhalda vinnustað þar sem afköst og ánægja fara saman.

Þá vil ég nýta tækifærið og þakka nýrri stjórn Byggðastofnunar fyrir samstarfið, en á ársfundi voru skipaðir sex nýir stjórnarmenn til stofnunarinnar. Það virðist einhugur innan stjórnar að vinna að frekari framgangi stofnunarinnar og stjórnarmenn brenna fyrir málefnum landsbyggðanna. Slíkt er ekki sjálfgefið en afar mikilvægt.

Arnar Már Elíasson,
forstjóri Byggðastofnunar

STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR



Mynd 1. Skipurit Byggðastofnunar mars 2026.


STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS

Árið 2025 var metár í starfsemi fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar. Stofnunin hefur aldrei lánað jafn mikið fjármagn og þá á einu ári.

Mikil ásókn var í lánaflokka stofnunarinnar og eftirspurnin eftir lánunum jókst þrátt fyrir hátt vaxtastig og verðbólgu. Á seinni hluta ársins þurfti að hægja á lánveitingum þar sem lántökuheimild stofnunarinnar á fjárlögum kláraðist auk þess sem ábyrgðapottur InvestEU samkomulagsins tæmdist.

Í apríl stóðu Byggðastofnun og landshlutasamtökin, fyrir fundarröðinni „Atvinnuþróun í landsbyggðunum“. Þar var farið yfir lánamöguleika stofnunarinnar til atvinnurekstrar í landsbyggðunum, atvinnuþróun í landshlutunum og styrki Byggðaáætlunar. Fundarröðin var rafræn og tókst með ágætum.

Byggðastofnun kemur að tveimur verkefnum sem miða að uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í landsbyggðunum, annars vegar í Búðardal og hins vegar á Stöðvarfirði. Í Búðardal er markmiðið að reisa nýtt atvinnuhúsnæði í samstarfi við Dalabyggð, Fjárfestingafélagið Hvamm og aðra samstarfsaðila. Undirbúningur verkefnisins hófst árið 2024 og stefnt er að því að húsnæðið rísi á árinu 2026. Á Stöðvarfirði standa yfir endurbætur á eldra húsnæði í eigu stofnunarinnar. Unnið er í samstarfi við heimamenn að því að móta áætlun um notkun húsnæðisins til framtíðar og tryggja að það nýtist sem best m.t.t. atvinnu- og samfélagsþróunar á svæðinu. Fulltrúar stofnunarinnar heimsóttu Highlands and Islands Enterprises (HIE) í Skotlandi á árinu til að kynna betur verkefnum sem snúa að uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í viðkvæmum byggðum en verkefni Byggðastofnunar í Búðardal er unnið eftir sömu hugmyndafræði. Starfsfólk HIE hefur verið stofnuninni innan handar varðandi val á byggðarlagi, útfærslu hugmynda og annarra þátta sem snúa að verkefninu.



Mynd 2. Fjöldi lánsbeiðna til Byggðastofnunar frá 2015.

Lánsbeiðnir

Fjöldi erinda til lánanefndar var nánast á pari við fyrra ár. Lánanefnd tók fyrir 289 erindi á árinu. Lánsbeiðnir voru 133, 96 skilmálabreytingar og veðbreytingar og tilboð í hlutafé auk annarra beiðna tengdar útlánastarfseminni voru 60 talsins. Til samanburðar voru lánsbeiðnir 121 árið 2024, 95 árið 2023 og 82 árið 2022. Þrátt fyrir hátt vaxtastig og verðbólgu hefur ásókn í útlán stofnunarinnar verið mikil og lánsbeiðnir hærri í krónum talið en áður.

Mynd 2 sýnir fjölda lánsbeiðna til stofnunarinnar og afgreiðslur þeirra síðastliðin tíu ár. Lánsbeiðnum fækkaði eftir heimsfaraldur og svipar fjölda þeirra nú til ársins 2018. Samþykktarhlutfallið var svipað og undanfarin ár.



Lánaflokkar

Byggðastofnun býður upp á fjölbreytta lánaflokka sem eru sniðnir að þörfum landsbyggðanna. Flokkarnir eru: almenn lán, landbúnaðarlán, lán til nýliðunar í landbúnaði, lán til atvinnurekstrar kvenna, græn lán, nýsköpunarlán og lán til viðkvæmra byggðarlaga.


Stofnunin hefur verið í samstarfi við EIF (European Investment Fund) frá árinu 2020, fyrst með aðild að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi til ársloka 2023 og svo með aðild að InvestEU ábyrgðakerfinu frá því í júní 2024. EIF er í eigu Evrópubankans og Evrópusambandsins að mestu leyti auk annarra minni opinberra aðila og einkaaðila. Aðild að ábyrgðasamkomulaginu gerir stofnuninni kleift að veita hagstæðari lánaskilmála en áður í gegnum tiltekna lánaflokka. Viðtökurnar á nýjum lánaflokkum fóru fram úr væntingum og hefur stofnunin þurft að sækja um hækkun á bakábyrgð til að mæta eftirspurn.

Mikilvægt er að stofnunin fylgist áfram með þróun atvinnulífs og búsetu í landsbyggðunum og bjóði upp á fjármögnunarmöguleika sem best henta starfsemi innan þeirra hverju sinni.


Atvinnugreinar

Tæplega helmingur allra lánsbeiðna árið 2025 eru umsóknir um landbúnaðarlán, en landbúnaður hefur síðustu ár verið fyrirferðamesta atvinnugreinin í lánasafni Byggðastofnunar. Heildarútlán stofnunarinnar til landbúnaðar voru rúmlega 16,4 ma.kr. þann 31. desember 2025 eða 56% af lánasafninu í heild. Stærstu beiðnirnar eru vegna jarðakaupa auk þess sem að 90% lán vegna nýliðunar í landbúnaði hafa verið eftirsótt.

Lánsbeiðnum frá aðilum í ferðaþjónustu hélt áfram að fjölga árið 2025 en aukningin var mest í landbúnaði eins og árin á undan. Uppsöfnuð þörf hefur verið vegna kynslóðaskipta í landbúnaði og nokkur ásókn verið í þann lánaflokk til nýliðunar. Voru 11 lánsbeiðnir vegna nýliðunar samþykktar á árinu að heildarfjárhæð 1,2 ma.kr.



Mynd 3. Lánsbeiðnir eftir atvinnugreinum.



Mynd 4. Lánsbeiðnir eftir landshlutum.

Landsvæði

Það fjármagn sem óskað var eftir var mest vegna umsókna frá Suðurlandi eða 32% af heildarfjárhæð lánsbeiðna ársins. Ástæður má einkum rekja til samsetningar atvinnulífs á svæðinu en landbúnaður og ferðaþjónusta eru þar veigamikil. Flestar lánsbeiðnir komu einnig frá Suðurlandi eða 33% af heildarfjölda lánsbeiðna ársins 2025. Þar á eftir koma Norðurland vestra og eystra en Vesturland og Vestfirðir fylgja þar á eftir. Fæstar umsóknir komu frá Austurlandi og Suðurnesjum.

Lánaflokkar Byggðastofnunar

vextir m.v. 1. mars 2026.

ALMENN LÁN

- 5,75% verðtryggt
- 4% álag á REIBOR
- 4,5% álag á SOFR (USD) og €STR (EUR)
- Lánstími allt að 20 ár

LANDBÚNAÐARLÁN

- 4,75% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta

LÁN TIL NÝLIÐUNAR Í LANDBÚNAÐI

- 4,5% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Möguleiki er á því að greiða einungis vexti fyrstu þrjú árin
- Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta

ATVINNUREKSTUR KVENNA

- 5,05% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að tíu ár
- Að lágmarki 75% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra
- Lánsupphæðir
 - Allt að 5 m.kr. án trygginga
 - Allt að 10 m.kr. með tryggingum

GRÆN LÁN

- 5,05% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár eða í samræmi við veðandlag
- Möguleiki er á því að greiða einungis vexti fyrstu þrjú árin
- Til umhverfisvænni verkefna

NÝSKÖPUNARLÁN

- Ræsing
 - 5,05% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að sjö ár en möguleiki á að greiða fyrstu greiðslu eftir tvö ár og vaxtagreiðslu í eitt ár eftir það
 - Lánsupphæð að hámarki 10 m.kr.
 - Tryggingar: vörumerkis / vöru / þjónustu / tækjum auk 50% ssk. ábyrgð forsvarsmanna

Uppskölun

- 4,75% verðtryggt
- 3,0% álag á REIBOR
- Lánstími allt að tíu ár en möguleiki á að greiða fyrstu greiðslu eftir eitt ár og vaxtagreiðslu í eitt ár eftir það
- Lánsupphæð að hámarki 10 m.kr.
- Tryggingar: vörumerkis / vöru / þjónustu / tækjum auk 50% ssk. ábyrgð forsvarsmanna

Markaðssetning

- 4,0% álag á REIBOR
- Lánstími allt að þrjú ár
- Lánsupphæð að hámarki 3 m.kr.
- Án trygginga

- Lánað er til hvers kyns verkefna sem hafa nýsköpunargildi og eru framkvæmanleg

LÁN TIL VIÐKVÆMRA BYGGÐARLAGA

- Veitt á skilgreindum svæðum
- Grunnfösenda lánveitingar er að viðkomandi byggðarlag sé sannarlega í viðkvæmri stöðu að mati stofnunarinnar
- Tryggt með veði í fasteign, lóð eða jörð
 - 4,5% verðtryggt
 - 2,5% álag á REIBOR
 - 3,5% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að 25 ár
- Tryggt með veði í vélum og tækjum
 - 5,5% verðtryggt
 - 4,0% álag á REIBOR
 - 4,5% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að tíu ár
- Tryggt með veði í skipum með kvóta
 - 4,8% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - 4,0% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að tíu ár

ALMENNAR VEÐAKRÖFUR LÁNA BYGGÐASTOFNUNAR:

- 75% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
- 50% veðsetning í vélum og tækjum
- 60% veðsetning í skipum með kvóta
- **Lántökugjald:** 0,5-1,2%

Tafla 1. Lánaflokkar Byggðastofnunar.

Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar

Heildarstaða lánasafns Byggðastofnunar í lok árs 2025 var rúmar 29,1 ma.kr. á kröfuvirði en um 27,6 ma.kr. á bókfærðu virði. Veitt lán á árinu voru um 5,1 ma.kr. sem eru aukning frá því árið 2024 þegar veitt lán á árinu voru 4,3 ma.kr. Á mynd 6 má sjá þróun lánasafnsins frá árinu 2016, á bókfærðu virði. Í dag er lánasafnið að mestu í íslenskum krónum en hlutur óverðtryggðra lána hefur stækkað mikið undanfarin ár.


Útlán til landbúnaðar og ferðapjónustu vega þyngst í lánasafni stofnunarinnar. Þar af eru útlán til landbúnaðar nú rúmlega 16,4 ma.kr. eins og áður segir og lán til ferðapjónustu um 6,0 ma.kr.

Hlutfjáreign Byggðastofnunar


Byggðastofnun á hlutfé í 24 félögum víða um land. Er þetta hlutfé tilkomið vegna átaksverkefna fyrrum ríkisstjórna til eflingar atvinnulífs, breytinga skulda í hlutfé

tengdu skuldauppgjóri eða vegna heimilda í lögum um stofnunina til þess að styrkja atvinnulíf í landsbyggðunum. Á árinu hefur Byggðastofnun unnið að því að efla áttahagafjórðinguna og var tæplega 50 m.kr. varið í það verkefni. Áfram verður unnið að eflingu félaganna í samvinnu við aðra hluthafa eða nýja fjórðinguna og er áætlað er að allt að 100 m.kr. verði varið í það verkefni á árinu 2026. Upplýsingar um áttahagafjórðinguna má finna á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

Eignarhlutur stofnunarinnar er hvergi hærri en 40% í samræmi við 20. gr. reglugerðar 347/2000 um stofnunina, enda hugmyndin að félögin séu rekin og þeim stýrt af heimafólki og frumkvöðlum í landsbyggðunum. Bókfært virði hlutabréfa í eigu Byggðastofnunar er rétt tæpur 1,5 ma.kr. en stofnunin hefur lengi átt bréf sem erfitt hefur reynst að losa. Hlutabréf í eigu Byggðastofnunar eru ávallt til sölu en lista yfir þau má nálgast á [heimasíðu stofnunarinnar](#).



Mynd 5. Staða lánasafns Byggðastofnunar 31.12.2025.



Mynd 6. Þróun lánasafnsins 2016-2025.

Sóknarsjóður til stuðnings smærri fyrirtækja í Grindavík

Sóknarsjóður er hluti af aðgerðum til stuðnings atvinnulífs í Grindavík sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um að fara í á árinu. Aðgerðunum var skipt í þrennt, þ.e. Sóknarsjóð, viðauka við Sóknaráætlun Suðurnesja og ráðgjöf til fyrirtækja. Byggðastofnun sá um úthlutun úr Sóknarsjóði en framkvæmd ráðgjafar og úthlutun úr Sóknaráætlun Suðurnesja var í höndum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Heildarfjármagn sem úthlutað var til þessara verkefna var 250 m.kr., þar af var 180 m.kr. varið í Sóknarsjóð til stuðnings lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Grindavík.

Sóknarsjóði er ætlað að veita rekstrarstyrki, styrki til tækjakaupa og uppsetningar á tækjabúnaði, styrki til breytinga á rekstri til að styðja við núverandi rekstur auk þess að styrkja þá sem vilja flytja starfsemi sína. Í forgangi voru verkefni þeirra fyrirtækja sem ætla að halda starfsemi áfram í Grindavík. Auglýst var eftir umsóknum í september 2025 með umsóknarfresti til 1. október. Alls bárust 41 umsókn frá 37 aðilum. Heildarfjárhæð umsókna var 436,2 m.kr. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti 33 umsóknir að heildarfjárhæð 130,4 m.kr.

Styrkir eru fjármagnaðir með framlagi af almennum varasjóði inn á fjárlagalið byggðaaáætlunar. Á grundvelli 12. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun fól innviðaráðherra Byggðastofnun að annast umsýslu sjóðsins.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

240 ehf.	2,0 m.kr.
Bergbúar ehf.	4,8 m.kr.
Blómakot ehf.	2,0 m.kr.
Bryggjan Gastro ehf.	11,0 m.kr.
Converted Water Tower	5,6 m.kr.
Fanndals Lagnir ehf.	2,0 m.kr.
Fishhouse ehf.	10,1 m.kr.
Fjórhjólaævintýri ehf.	11,0 m.kr.
Flatabrim ehf.	1,8 m.kr.
Fótaaðgerðastofa Freydísar	2,0 m.kr.
Gistihúsgrindavík ehf.	11,0 m.kr.
Guðlaugsson ehf.	2,0 m.kr.
Hérastubbur ehf.	7,4 m.kr.
Hótel Grindavík ehf.	1,8 m.kr.
HP flutningar ehf.	11,0 m.kr.
Jóhanna Harðardóttir	3,8 m.kr.
Kokksi ehf.	9,2 m.kr.
Korca ehf.	5,6 m.kr.
Lagnapjónusta Þorsteins ehf.	2,0 m.kr.
Palóma Föt og Skart ehf.	2,0 m.kr.
Ragnheiður Þóra Ólafsdóttir	2,72 m.kr.
Rúnar Málari ehf.	2,0 m.kr.
Staðarbúið ehf.	2,0 m.kr.
Suðupunktur	2,0 m.kr.
Sæbýli rekstur ehf.	2,0 m.kr.
Viðar málari slf.	0,4 m.kr.
Vigt ehf.	3,6 m.kr.
Víkurfrakt ehf.	3,8 m.kr.
VK List ehf.	3,8 m.kr.



Frá Þorlákshöfn.



STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS

Verkefni lögfræðisviðs eru lögfræðiinnheimta, skjalagerð, rekstur fullnustueigna, regluvarsla og almenn lögfræðileg málefni. Lögfræðisvið starfar náið með fyrirtækjasviði og rekstrarsviði. Forstöðumaður lögfræðisviðs er einnig regluvörður og ábyrgðarmaður skv. 34. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Forstöðumaður sinnir einnig hlutverki persónuverndarfulltrúa.

Lögfræðisvið hefur umsjón með fullnustueignum stofnunarinnar ásamt rekstrarsviði. Öðru hvoru þarf stofnunin að leysa til sín eignir vegna gjaldfallinna skulda sem ekki fást greiddar.

Á sviðinu starfa tveir starfsmenn, þ.e. forstöðumaður og ritari sem er jafnframt gjaldkeri. Forstöðumaður sinnir einnig stjórnýslu póstmála í samvinnu við sérfræðing á þróunarsviði, í samræmi við lög nr. 98/2019 en verkefnið var flutt til Byggðastofnunar 1. júlí 2021 með lögum nr. 76/2021.

Aðgengi að viðeigandi póstpjónustu er á meðal mikilvægustu þjónustubátta og mætti jafnvel flokka sem grunnþjónustu. Veiting póstpjónustu er því ekki síst byggðamál sem verður að nálgast út frá hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta.

Verkefni Byggðastofnunar á sviði póstpjónustu lúta fyrst og fremst að stjórnýslu varðandi alþjónustu í pósti, ákvörðunum varðandi gjaldskrá alþjónustuveitanda og um endurgjald til hans vegna veittrar póstpjónustu á Íslandi, sérstaklega í dreifbýli. Stofnunin leysir einnig úr ágreiningsmálum milli póstrekenda og kvörtunum neytenda vegna póstpjónustu.



Suðureyri.

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Í lögum og reglugerð fyrir Byggðastofnun kemur fram að hlutverk þróunarsviðsins er að annast samstarf við samningsaðila um atvinnuráðgjöf, vinna að gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um byggðapróun og hafa umsjón með úttektum, rannsóknnum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs. Þróunarsviðið metur einnig áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsáðgerða á byggðapróun, veitir umsagnir og vinnur greinargerðir.

Byggðaaætlun, fjárlög og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar leggja einnig línur um starfsemi þróunarsviðsins á hverjum tíma. Auk þess er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði byggðamála eftir því sem tilefni gefst til, ýmist að frumkvæði innviðaráðuneytis eða stofnunarinnar sjálfar. Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar er mikilvægasta stjórnækið í daglegum rekstri stofnunarinnar, hún er unnin af starfsfólki og stjórn og er birt í upphafi hvers árs, sjá [starfsáætlun 2025](#). Áætlunin byggir á stefnumótun og stefnumörkun Byggðastofnunar og lýsir helstu verkefnum sem stjórnendum og starfsfólki er falið að vinna að á árinu. Reglubundið er fylgst með framgangi áætlunarinnar og stjórn Byggðastofnunar gerð grein fyrir framvindu hennar á stjórnarfundum.

Mörg verkefni eru viðvarandi þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru tímabundin verkefni. Svo eru enn önnur sem hafa verið færð til stofnunarinnar með lagasetningum, s.s. eftirlit með fjárreiðum og framkvæmd sóknaráætlana og flutningsjöfnunarstýrki vegna framleiðsluvara og sölu olíuvara. Í lok árs var Byggðastofnun falið fyrir hönd innviðaráðuneytisins stjórnsýsla varðandi meðferð umsókna og úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum á grundvelli reglugerðar nr. 1538/2025.

Byggðastofnun er hluti af stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar á Íslandi, meðal annars með því að tengja saman fjármagn, ráðgjöf, verkefnaþróun, innviði og erlent og innlent samstarf. Samningar sem stofnunin gerir við landshlutasamtök sveitarfélaga um atvinnuráðgjöf miða að því að veita skilvirka þjónustu sem byggir á styrkleikum hvers svæðis og styður við starfandi fyrirtæki og frumkvöðla.

Fjölmargir einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir hafa nýtt sér ráðgjöfina sem er mikilvægur hlekkur í stoðkerfi nýsköpunar í landsbyggðunum. Ráðgjöfin hefur stutt við mótun hugmynda, undirbúning og fjármögnun verkefna og hjálpað til við að koma þeim í markvissan farveg.

Þá hafa *frumkvæðisstýrki Brothættra byggða* reynst öflugur stuðningur við frumkvöðla og hugmyndir sem skapa samfélagslegt virði og styrkja staðbundna þróun.

Þátttaka stofnunarinnar í alþjóðlegu samstarfi er jafnframt mikilvægur hluti stuðningskerfis nýsköpunar og atvinnuþróunar á Íslandi. Með aðild að *Norðurslóðaáætluninni* (NPA) og *Norræna Atlantssamstarfinu* (NORA) eykst aðgengi að öflugu tengslaneti og þekkingu háskólasamfélagsins, opinberra stofnana og fyrirtækja og erlendu og innlendu fjármagni. Samstarfsverkefni snúa meðal annars að nýsköpun, umhverfis- og loftslagsmálum, atvinnulífi, rannsóknnum og þróunarstarfi. Jafnframt er lögð áhersla á að virkja ungt fólk til þátttöku í verkefnum sem stuðla að sjálfbærri þróun, nýsköpun, loftslagspoli, samfélagslegri þátttöku og velferð byggða á norðurslóðum.

Í byggðaaætlun fyrir árin 2022–2036 eru settar fram 44 aðgerðir. Þar kemur fram ábyrgð ráðuneyta, framkvæmdaraðila og fjármögnun aðgerða. Byggðastofnun er framkvæmdaraðili tólf aðgerða, ýmist ein og sér eða í samstarfi við aðra. Núverandi aðgerðaaætlun er til fimm ára, 2022–2026.

Mat Byggðastofnunar er að framkvæmd byggðaaætlunar hafi gengið vel og að framgangur aðgerða hafi þegar skilað

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

margvíslegum jákvæðum áhrifum. Árangurinn birtist m.a. í því að aðgerðir hafa skilað afurðum og breytingum sem styrkja stefnumótun og innleiðingu, jafna aðgengi að þjónustu og auka tækifæri til búsetu og atvinnu um land allt. Þetta má til dæmis sjá í eftirfarandi dæmum.

Innviðaráðuneytið, í samstarfi við Byggðastofnun, hefur gefið út skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu ásamt [leiðbeiningum um mótun og innleiðingu stefnu](#). Leiðbeiningarnar voru unnar á grundvelli aðgerðar A.15. *Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis*, og tengjast jafnframt aðgerð 12 í [stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga](#), *Lágmarkspjónusta sveitarfélaga*. Með þessu hefur verið settur sameiginlegur rammi sem auðveldar samræmda innleiðingu og skýrari umræðu um lágmarksviðmið þjónustu.

Í tengslum við aðgerðir A.15. og A.16. *Kostnaðargreining þjónustusóknar*, hefur verið hannað líkan til að greina kostnað íbúa vegna þjónustusóknar í heilbrigðisþjónustu, niður á póstnúmer. Líkanið er hagnýtt greiningartæki þegar meta á ólíkar aðstæður eftir búsetu og styður við markvissari ákvarðanir um jöfnun aðgengis.

Aðgerð B.7. *Óstaðbundin störf*, hefur skilað sýnilegum breytingum. Opinberar stofnanir hafa flutt störf frá höfuðborgarsvæðinu eða ráðið í óstaðbundin störf utan þess, sem styrkir möguleika fólks til búsetu og atvinnu um land allt.

Aðgerð A.6. *Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðisviði*, leiddi til þess að heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sem skilaði tillögum um beitingu ívilunarheimilda Menntasjóðs námsmanna. Í framhaldi var unnin svæðaskilgreining á grundvelli 1. mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna, sem hefur skapað skýrari forsendur fyrir umsóknir sveitarfélaga um ívilnun vegna mönnunar tiltekinnar starfsstétta heilbrigðisstofnana. Fjárveiting til Menntasjóðs námsmanna hefur þó ekki verið aukin til að standa undir ívilnuninni og hefur Byggðastofnun ítrekað hvatt til þess að úr því verði bætt.

Byggðastofnun hefur leitt aðgerð C.10. *Aðlögun loftslagsbreytinga og sveitarfélög* í samstarfi við Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun og umhverfis-, orku- og



Breiðdalsvíkurhöfn.

loftslagsráðuneytið. Afurð aðgerðarinnar er leiðarvísir [Frá áskorun til aðgerða](#) fyrir sveitarfélög um aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga, sem byggður er á tilrauna- verkefnum í fimm sveitarfélögum. Hann sameinar einföld skref og verkfæri sem gera sveitarfélögum kleift að hefja vinnuna óháð stærð, umfangi eða sérhæfðri þekkingu. Á málþingi í febrúar 2026 var fyrsta útgáfa leiðarvísis til umfjöllunar, auk nýrrar [aðlögunaráætlunar Íslands](#), einnig var [Loftslagsatlas Íslands](#) kynntur og fleiri verkfæri og leiðbeiningar sem styðja sveitarfélög í aðlögunarvinnu.

Um mitt ár hófst vinna við endurskoðun á gildandi byggðáætlun og aðgerðaáætlun hennar sem nær yfir tímabilið 2022-2026. Byggðastofnun vann með innviðaráðuneytinu að gerð græn bókar. Í henni er fjallað um stöðu byggðamála á Íslandi, áskoranir og tækifæri næstu ára og sett eru fram lykilvergöngu og lagðar til áherslur og leiðir til að fylgja þeim. Við gerð græn bókarinnar var lögð áhersla á samráð við hagaðila og almenning. Haldnir voru nokkrir samráðsfundir og boðið upp á opið samráð á vef Byggðastofnunar. Græn bókin var lögð fram til umsagnar í [samráðsgátt](#) í byrjun árs 2026.

Mælikvarðar eru mikilvægt tæki til að meta og mæla árangur byggðaáætlunar og lögð hefur verið áhersla á að safna og vinna úr gögnum og að gera þau aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar. Þannig hefur opinber þjónusta verið kortlögð og er [þjónustukort](#) aðgengilegt á heimsíðunni á íslensku, ensku og pólsku. Kortið nýtist sem mælikvarði á framgang aðgerða samkvæmt markmiðum byggðaáætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu. Kortið hefur einnig nýst sveitarfélögum, verkfræðistofum og öðrum þeim sem vinna að skipulagsmálum og kortlagningu á einstökum svæðum.

Á árinu var áfram unnið að því að bæta aðgengi að byggðatengdum upplýsingum með mælaborðum sem birt eru á vef stofnunarinnar. Áhersla er lögð á myndræna og aðgengilega framsetningu þar sem töluleg gögn eru sett fram í gröfum, töflum og kortum með skýrum sjónrænum útfærslum.

Mælaborðin veita meðal annars yfirsýn yfir íbúafjölda og aldurs- og kynjaskiptingu eftir svæðum, þróun íbúafjölda eftir sveitarfélögum og landshlutum, fasteignagjöld og orkukostnað heimila um allt land. Jafnframt eru þar birtar upplýsingar um fjölda stöðugilda á vegum ríkisins, tekjur íbúa eftir svæðum og niðurstöður íbúakannana. Á árinu bættist við nýtt mælaborð sem sýnir upphæðir styrkja og framlaga sem Byggðastofnun hefur umsýslu með fyrir hönd stjórnvalda.

Gögnin eru mikilvægur grunnur fyrir stefnumótun, svæðagreiningar og áætlanagerð hjá stjórnvöldum og hagaðilum sem vinna að byggðamálum, rannsóknum og greiningum. Markmiðið er að styðja við upplýsta umræðu og að stefnumótun í byggðamálum byggji á bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni.

Á [heimasíðu stofnunarinnar](#) er að finna nánari upplýsingar um verkefni sem tengjast byggðaáætlun og starfsemi þróunarsviðsins. Á næstu síðum er ítarlegri umfjöllun um mörg þeirra verkefna sem starfsfólk þróunarsviðs vann að á árinu 2025.

Brothættar byggðir

Byggðastofnun leiðir byggðapróunarverkefnið Brothættar byggðir sem hófst á árinu 2012. Verkefnið lýtur að því að leiða fram vilja og skoðanir íbúa, leita lausna og greina sóknarfæri á þeirra forsendum og sýn á framtíð byggðarlagsins í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag, landshlutasamtök og aðra hagsmunaaðila. Meginmarkmið Brothættra byggða samkvæmt byggðaáætlun er að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum.

Á árinu hófst verkefnið í tveimur nýjum þátttökubygðarlögum, Reykhólahreppi og Kaldrananeshreppi. Verkefnið er hugsað til fimm ára í hverju byggðarlagi frá og með árinu 2025. Gert er ráð fyrir því að fimm sinnum verði styrkjum veitt úr frumkvæðissjóðum byggðarlaganna til frumkvæðisverkefna á samningstímanum. Íbúabing var haldið í Reykhólahreppi í mars og í Kaldrananeshreppi í október. Þingunum stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá lldi. Á báðum stöðum var virk og góð þátttaka og vel gekk að fylgja verkefnunum úr hlaði. Þau hlutu heitin *Fjár sjóður fjalla og fjarða* og *Jú víst! Kraftur í Kaldrana*. Frumkvæðisstyrkir voru veittir úr Frumkvæðissjóði Fjár sjóðs fjalla og fjarða seinni hluta árs 2025. Frumkvæðisstyrkir verða veittir í fyrsta sinn í Kaldrananeshreppi á fyrri hluta árs 2026.



Frá íbúafundi á Stöðvarfirði.



Frá íbúafundi í DalaAuði.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti haustið 2024 að fram-
lengja verkefni DalaAuð og Sterkan Stöðvarfjörð um eitt
ár, til loka árs 2026, hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar.

Auknir fjármunir til rekstrar

Stjórn stofnunarinnar samþykkti á árinu 2024 að leggja
verkefninu til aukna fjármuni úr rekstri stofnunarinnar
sem nemur 45 milljónum króna á ári, árin 2025 –
2027. Þeir fjármunir eru nýttir til að styrkja verkefnið í
virkum þáttökubýggðarlögum grunnverkefnisins, m.a.
með því að lengja samningstíma verkefna og styrkja
frumkvæðissjóði byggðarlaganna. Fjármunirnir eru einnig
nýttir til að koma til móts við fyrrum þáttökubýggðarlög
sem enn glíma við erfiða stöðu með tímabundnu
tilraunaverkefni til að byggja á þeim árangri sem náðist
í Brothættum byggðum í grunnverkefnunum. Í því skyni
voru samningar gerðir um tvö ný tilraunaverkefni, til
þriggja ára, í tveimur fyrrum þáttökubýggðarlögum, á
Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði. Tilraunaverkefni
fóru vel af stað. Íbúafundir voru haldnir og fjármunum
veitt til frumkvæðisstyrkja í báðum byggðarlögum til
áhugaverðra verkefna.



Frumkvæðisstyrkir

Á árinu 2025 voru kr. 41.250.000 til ráðstöfunar í
frumkvæðissjóðum þáttökubýggðarlaga í grunn-
verkefninu og við það bættust fjármunir sem ekki höfðu
nýst að fullu í eldri frumkvæðisverkefnum. Heildar-
úthlutun varð því kr. 41.650.000 og var úthlutað til 61
verkefnis. Til viðbótar voru 24.750.000 kr. til ráðstöfunar
í tilraunaverkefnunum tveimur og var þeim fjármunum
úthlutað til 17 verkefna. Frumkvæðisverkefni eru fjöl-
breytt og ná til atvinnu-, menningar- og samfélags-
uppbyggingar. Skoða má yfirlit yfir veitta styrki í
þáttökubýggðarlögum frá upphafi [hér](#). Eftir því sem
verkefnum hefur undið fram hafa íbúar einnig sótt um
styrki í stærri sjóði og sum verkefni fengið meðbyr þar.

Verklýsing Brothættra byggða

Verklýsing brothættra byggða var uppfærð á árinu
með tilliti til fenginnar reynslu af verkefninu, uppfærða
verkefnisáætlun og viðauka má sjá [hér](#). Meðal nýjunga
varðandi uppfærslu á verklagi má nefna að frá og
með árinu 2025 verða viðhorfskannanir lagðar fyrir
íbúa í upphafi hvers nýs verkefnis en einnig við lok
verkefna, þ.e. þegar Byggðastofnun dregur sig í hlé.
Á þessu ári voru lagðar fyrir sex viðhorfskannanir, í
nýju þáttökubýggðarlögum, í Reykhólahreppi og
í Kaldrananeshreppi, í tilraunaverkefnunum tveimur
á Raufarhöfn og í Öxarfjarðarhéraði og meðal íbúa í
Strandabyggð og á Bakkafirði en Byggðastofnun dró sig
í hlé úr tveimur síðastnefndu í lok árs 2024. Niðurstöður



Úthlutunarhátíð í verkefninu Fjársjóður fjalla og fjarða.



Íbúáping í Kaldrananeshreppi.

viðhorfskannananna má sjá [hér](#) á vef Byggðastofnunar á undirsíðum hvers þátttökubyggðarlags.

Í verkefnislýsingu Brothættra byggða er gert ráð fyrir að bæði ráðuneyti og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fjalli um verkefnisáætlanir einstakra byggðarlaga. Auk þess leitast umsjónaraðilar Brothættra byggða við að kynna verkefnið áhugasömum. Auk þess er verkefnið kynnt árlega fyrir háskólanemendum, félagasamtökum og fleiri aðilum sem þess óska.


Umgjörð Brothættra byggða

Verkefnið Brothættar byggðir hefur nú verið starfrækt í rúman áratug. Tvisvar á tímabilinu hefur verið lagt mat á verkefnið. Í fyrra skiptið var það var EY (Ernst og Young) sem sá um úttekt á árinu 2015, sjá úttektarskýrslu [hér](#). Í seinna skiptið var það KPMG sem sá um úttekt og áhrifamat á verkefninu á árinu 2023, sjá niðurstöður [hér](#). Niðurstöðurnar voru kynntar á afmælistálfingi Brothættra byggða sem haldið var á Raufarhöfn í október 2023. Sjá má upptökur frá framsöguerindum af málþinginu [hér](#). Í byggðaáætlun 2022-2036 er gert ráð fyrir fjármunum og rekstri verkefnisins Brothættra byggða næstu ár.

Verkefnisstjórar Brothættra byggða hafa verið ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga samkvæmt samningum við Byggðastofnun. Aðstæður móta umgjörðina og umfang starfsins en hver verkefnisstjóri sinnir einu byggðarlagi. Byggðastofnun fjármagnar starf verkefnisstjórnanna að stórum hluta af framlögum fjárlaga til Brothættra byggða á byggðaáætlun. Reglubundið samstarf er á milli fulltrúa Brothættra byggða hjá Byggðastofnun, verkefnisstjóra í núverandi og fyrrverandi þátttökubyggðarlögum og verkefnisstjóra í sambærilegum byggðaþróunarverkefnum sem m.a. hafa farið af stað í kjölfar náttúruhamfara. Í lok árs gafst verkefnisstjórum tækifæri til að taka þátt í rýnihópum á vegum Nordregio, Sustainable Nordic Municipalities and Regions. Það er áhugavert og mikilvægt að taka þátt í norrænu samstarfi með þessum hætti og deila hugmyndum og spegla reynslu af málefnum og áskorunum í dreifðum byggðum. Hægt er að fylgjast með framvindu verkefnisins á [heimasíðu Nordregio](#).

Í þátttökubyggðarlögum Brothættra byggða er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga, viðkomandi sveitarfélags og íbúa. Í upphafi verkefnis er haldið íbúáping þar sem rætt er um þau mál sem íbúar vilja setja á dagskrá,

til dæmis er varðar stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Framhald verkefnisins byggir á stöðugreiningu ásamt niðurstöðum íbúafingsins, markmiðssetningu og verkefnum sem sett eru fram í samhengi við markmiðin. Íbúafundir eru haldnir árlega til að gefa íbúum færi á að koma með ábendingar um verkefnisáætlun og fara yfir stöðu verkefna. Verkefnisstjóri ritar árskýrslu um verkefnið í viðkomandi byggðarlagi á hverju ári þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins. Ársskýrslur verkefnisstjóra má finna á undirsíðu hvers verkefnis á heimasíðu Byggðastofnunar, sjá [hér](#). Einnig taka fulltrúar Brothættra byggða hjá Byggðastofnun saman ársskýrslu um öll þáttökuverkefni á hverju ári, sjá [hér](#).



Yfirlit yfir þáttökubyggðarlög

Hér eru heiti virkra þáttökubyggðarlaga 2025 í Brothættum byggðum sýnd með appelsínugulum lit en þau sem lokið hafa formlega göngu í verkefninu með fjólubláum lit. Byggðarlög í tilraunaverkefni eru auðkennd með brúnum lit.

Byggðarlag sem er virkt í Brothættum byggðum

Byggðarlag sem lokið hefur þáttöku í Brothættum byggðum


Byggðarlag sem lokið hefur þáttöku en er nú þátttakandi í tilraunaverkefni um framhald af brothættum byggðum

Byggðarlag	Verkefnisheiti	Virkur verkefnistími
Bíldudalur	Bíldudalur til framtíðar	2013-2016
Þingeyri og nágrenni	Öll vötn til Dýrafjarðar	2018-2022
Strandabyggð	Sterkar Strandir	2020-2024
Árneshreppur	Áfram Árneshreppur	2017-2023
Kaldrananeshreppur	Jú víst! Kraftur í Kaldrana	2025-2030
Hrísey	Hrísey, perla Eyjafjarðar	2015-2019
Grímsey	Glæðum Grímsey	2016-2022
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	2016-2020 (ÖÍS II 2025-2027)
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	2012-2017 (ROF II 2025-2027)
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	2019-2024
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	2018-2021
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	2022-2026
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	2013-2018
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	2015-2018
Dalabyggð	DalaAuður	2022-2026
Reykholahreppur	Fjár sjóður fjalla og fjarða	2025-2029

Samningar við landshlutasamtök um atvinnu- og byggðapróun

Byggðastofnun endurnýjaði samninga um atvinnuráðgjöf og atvinnu- og byggðapróun við landshlutasamtök sveitarfélaga í byrjun árs 2023 með gildistíma til ársloka 2027. Með samningunum taka landshlutasamtök sveitarfélaga að sér að sinna atvinnuráðgjöf og vinna að margvíslegum atvinnu- og byggðapróunarverkefnum á sínum starfssvæðum. Samningsaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Vestfjarðastofa, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Austurbrú. Framlag til samningsaðila er ákvarðað af Alþingi ár hvert, framlagið var 240,3 m.kr. árið 2025. Reiknilíkan sem byggir á fimm yfirpáttum og nokkrum undirpáttum er notað til að reikna út skiptingu framlagsins á milli samningsaðila (mynd 7).

Hjá landshlutasamtökunum starfar fjöldi atvinnuráðgjafa og byggðapróunarfulltrúa með víðtæka menntun og reynslu og getur þjónusta þeirra skipt sköpum fyrir



Mynd 7. Skipting fjármagns 2025.

frumkvöðla og fyrirtæki á svæðunum. Þjónustan felur m.a. í sér leiðsögn og ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja er til þeirra leita, s.s. er varðar stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðum þeirra, markaðssókn, styrkumsóknir, vöruþróun, fjármögnun, endurskipulagningu og erlend samskipti. Einnig er veitt ráðgjöf um lána- og styrkjaumsóknir til Byggðastofnunar eftir atvikum. Útfærsla ráðgjafarinnar á hverju svæði er í höndum samningsaðila og er hún veitt á fjölbreyttan hátt, s.s. í opnum viðtals-tímum víðsvegar á starfssvæði þeirra, með símtölum, námskeiðum, fyrirlestrum og fyrirtækjaheimsóknum. Undanfarin ár hafa netnámskeið, viðtöl og örfyrirlestrar í gegnum vefinn færst í aukana. Samningurinn fjármagnar einnig að hluta til aðkomu atvinnuráðgjafa og annarra verkefnastjóra að fjölda byggðapróunarverkefna, en landshlutasamtökin hafa mikilvægu hlutverki að gegna er kemur að samkeppnishæfni, bættum búsetuskilyrðum, atvinnulífi og nýsköpunarumhverfi innan starfssvæða sinna. Starfsfólk landshlutasamtakanna hefur á ári hverju unnið að yfir 80 atvinnu- og byggðapróunarverkefnum innan ramma samninga við Byggðastofnun.

Haldnir eru mánaðarlegir fundir með framkvæmdastjórum samningsaðila, auk þess sem sameiginlegir vor- og haustfundir eru haldnir með fulltrúum Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna ár hvert. Jafnframt er lögð áhersla á reglulegt námskeiðahald og náms- og kynnisferðir.

Á haustmánuðum 2025 var stofnað fagráð atvinnuráðgjafa þar sem tveir fulltrúar frá hverjum landshlutasamtökum eiga sæti ásamt tveimur fulltrúum Byggðastofnunar. Markmið fagráðsins er að efla tengsl ráðgjafa og vinna að auknu samstarfi í öllum landshlutum, samræma verklag, styrkja þjálfun og endurmenntun ráðgjafa og leita leiða til að auka sýnileika þjónustunnar. Í nóvember var haldinn vinnufundur í Hveragerði þar sem fagráðið fór í stefnumótunarvinnu og hóf vinnu við gerð aðgerðaráætlunar sem mun vera leiðarvísir fyrir vinnu fagráðsins fyrir árið 2026. Vinnustofan í Hveragerði var vel heppnuð og árangursrík og ljóst að fagráð ráðgjafanna er vel í stakk búið til að takast á við verkefni framundan, í góðu samstarfi við samstarfsfólk og aðra hagaðila.

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Haustfundur landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar var haldinn í Mývatnssveit í byrjun nóvember. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra höfðu veg og vanda af þéttri dagskrá þar sem meðal annars var rætt um byggðaáætlun, en að auki lögð áhersla á sameiginleg markmið, samstarf milli landshluta og áframhaldandi uppbyggingu í landsbyggðunum.

Í lok árs 2025 lagði meirihluti fjárlaganefndar til 35 m.kr. aukaframlag til *Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni árið 2026* en Byggðastofnun og landshlutasamtökin hafa á undanförunum árum ítrekað óskað eftir auknu fjármagni til þessa málaflokks. Það er því einkar ánægjulegt að tekist hafi að sækja viðbótarfjármagn fyrir árið 2026 til að tryggja áframhaldandi lykilþjónustu atvinnuráðgjafa og byggðapróunarfylltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga við fólk og fyrirtæki í byggðum landsins.




Fulltrúar í fagræði atvinnuráðgjafar á fundi í Hveragerði.

Mælaborð

Á heimasíðu Byggðastofnunar er vefsæði fyrir mælaborð. Þeim er ætlað að veita einfalt og fljótlegt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn. Þó áfram sé notast við hefðbundið skýrsluform í reglubundnum verkefnum þróunarsviðs gefa mælaborðin ítarlegri sýn á tölulegu gögnin sem unnið er með og henta því mjög vel sem viðauki. Í mælaborðunum geta notendur síað gögn eftir hentugleika og einblínt til dæmis á einn ákveðinn landshluta. Tölur úr gagnasafni birtast þá jafnóðum í töflum eða gröfum fyrir valin svæði, tiltekið ár eða aðra þætti sem valdir eru. Mæligildi birtast einnig á skýran hátt á kortum þar sem ítarlegri upplýsingar fást með því að færa músarbendil yfir tiltekið landsvæði.

Sífelld er leitast við að uppfæra og auka gagnaförða mælaborðanna sem styðja við starfsemi Byggðastofnunar og koma við sögu í fjölmörgum verkefnum sem þar eru unnin. Mælaborðin nýtast jafnframt í greiningarvinnu hjá samtökum sveitarfélaga, í ýmsum verkefnum innan stjórnáslunnar svo sem hjá sveitarfélögum og ráðuneytum, sjálfstæðum ráðgjöfum, nemendum og akademísku starfsfólki auk almennings sem lætur sig byggðamál varða.



Mynd 8. Skjáskot úr uppfærðu mælaborði um íbúakönnun landshlutanna.

Áður hafa eftirfarandi [mælaborð verið birt](#) á vefsvæðinu:

1. [Sveitarfélagaskipan](#) aftur til 1875, bæði í stökum árum og í tímabilum, þar sem breytingum á sveitarfélagaskipan eru gerð skil.
2. [Íbúafjöldi í ársbyrjun](#) árin 1998-2024 eftir sveitarfélögum og landshlutum. Íbúafjöldi eftir kyni og aldri skipt í byggðakjarna og dreifbýli.
3. [Breytingar á íbúafjölda](#) sveitarfélaga og landshluta fyrir valið tímabil, sundurliðað niður í fædda/dána og aðflutta/brottflytta á hverjum stað.
4. [Mannfjöldaspá 2023-2024](#) sem sýnir fjölda íbúa í sveitarfélögum landsins næstu 51 ár samkvæmt mannfjöldaspá Bygðastofnunar.
5. [Ríkisfang íbúa](#) svæða þar sem fjöldi íslenskra og erlendra íbúa sveitarfélaga og landshluta er sýndur og kynja- og aldursdreifing í hvorum hópi fyrir sig. Auk þess er yfirlit yfir helstu þjóðerni erlendra ríkisborgara sem búa á Íslandi.
6. [Orkukostnaður viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í raforku- og húshitunarkostnað, með og án varmadælu til húshitunar þar sem það á við.
7. [Fasteignagjöld viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald ásamt yfirliti yfir hús- og lóðarmat viðmiðunareignarinnar á hverju matssvæði.
8. [Stöðugildi á vegum ríkisins](#) í árslok eftir landshlutum, sveitarfélögum, kynjum og málaflokkum ráðuneyta.
9. [Tekjur einstaklinga](#) eftir svæðum. Tekjur einstaklinga skiptast í atvinnutekjur, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkra-tryggingum, atvinnuleysisgreiðslur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur. Þar er hægt að skoða stöðu og þróun heildartekna og tekna á hvern íbúa eða tekjuþega eftir svæðum, tekjulið, kyni og atvinnugreinum.
10. [Íbúakönnun landshlutanna](#) þar sem hægt er að greina svör við valinni spurningu eftir bakgrunni svarenda, þ.e.a.s. búsetu, kyni, aldri, ríkisfangi, menntun, vinnumarkaðsstöðu og heimilisgerð. Jafnframt er þar samanburður á stöðu og mikilvægi 40 búsetuþátta eftir svæðum.
11. Á árinu 2025 var birt nýtt mælaborð um [styrki og framlög](#) sem Bygðastofnun úthlutar árlega til

hagaðila um allt land. Styrkir og framlög eru veitt úr nokkrum mismunandi pottum: Þeirra stærstir eru sóknaráætlanir landshluta og atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni en úr þeim rennur grunnframlag ríkisins gegnum Bygðastofnun til landshlutasamtaka sveitarfélaga. Auk þess veitir stofnunin styrki vegna ýmissa aðgerða á byggðaaætlun, byggðarannsóknastyrki og styrki til meistaranema.

Til viðbótar við mælaborðin sem búið er að birta er á næstu misserum gert ráð fyrir nýjum mælaborðum um m.a. lán Bygðastofnunar, búferla- og þjónustukannanir og húsnæðismál.

Orkukostnaður heimila

Bygðastofnun hefur fengið Umhverfis- og orkustofnun til að reikna út kostnað heimila á flestum þéttbýlisstöðum og fáeinum dreifbýlisstöðum vegna rafmagns og hita á ársgrundvelli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Mikill munur er á orkuverði á milli þéttbýlisstaða, fyrst og fremst vegna mismunandi húshitunarkostnaðar. Orkukostnaður í dreifbýli er almennt hærri en í þéttbýli.

Alls eru 92 byggðakjarnar í greiningunni og ná tölur fyrir þá aftur til ársins 2014. Auk þess er orkukostnaður fyrir dreifbýli án hitaveitu reiknaður.

Raforka

Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.

Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst í þéttbýli hjá HS

Veitum, um 115 þ.kr. Hæsta gjald í byggðakjörnum sem eru skilgreindir sem þéttbýli er um 138 þ.kr. hjá RARIK en raforkuverð eru hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 154-173 þ.kr. Lægsta mögulega raforkuverð fyrir viðmiðunareign var um þriðjungji hærra í dreifbýli en í þéttbýli fram til ársins 2021, þegar bilið þar á milli minnkaði mikið. Eftir 2021 hefur raforkuverð fyrir viðmiðunareign verið u.þ.b. 20% hærra í dreifbýli en í þéttbýli, en munurinn hefur þó aukist nokkuð aftur undanfarin tvö ár - sérstaklega í krónutölum. Frá árinu 2023 hefur raforkuverð fyrir viðmiðunareignina hækkað um 5-32%, mest í Grímsey 32% og í dreifbýli hjá RARIK 31%.


Húshitun.

Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Brautarholti á Skeiðum 75 þ.kr. og á Flúðum um 87 þ.kr. Á þessum stöðum er lægsti húshitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti

húshitunarkostnaðurinn er í Grímsey um 343 þ.kr., þar sem kynt er með olíu. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á Grenivík 267 þ.kr., þó þar sé hitaveita, og þar næst á stöðum með beina rafhitun 265 þ.kr. Á Kópaskeri er hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 252 þ.kr. Á Höfn í Hornafirði og í Nesjahverfi er nýleg hitaveita og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 248 þ.kr.

Áætlað er að með svokallaðri loft í vatn varmadælu sé hægt lækka kostnað við rafhitun um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í íbúðarhúsnæði sínu geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Umhverfis- og orkustofnunar til að setja upp varmadælu.

Nánari upplýsingar um orkukostnað heimila eru í skýrslunni [Samanburður á orkukostnaði heimila árið 2025](#) og í [mælaborði](#) sem hvort tveggja eru aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar.



Mynd 9. Orkukostnaður alls árið 2025, miðað við gjaldskrá 1. september 2025.

Fasteignamat og fasteignagjöld

Byggðastofnun hefur fengið Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til að reikna út fasteignamat á sömu viðmiðunarfasteigninni í þéttbýli um allt land. Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m² að grunnfleti og 476 m³ á 808 m² lóð. Fasteignagjöld viðmiðunareignarinnar eru reiknuð út af Byggðastofnun samkvæmt álagningarreglum ársins 2025 eins og þær eru í hverju sveitarfélagi út frá fasteignamati Þjóðskrár sem gildir frá 31. desember 2024. Fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi og sorpgjöldum. Matssvæðin eru nú 103 í 48 sveitarfélögum, þar af 27 á höfuðborgarsvæðinu og 76 utan þess.

Heildarfasteignamat, þ.e.a.s. samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir því hvar á landinu fasteignin er. Meðaltal heildarfasteignamats allra 103 matssvæðanna er 67,1 m.kr. Meðalfasteignamat matssvæðanna 27 á höfuðborgarsvæðinu er 113,3 m.kr., á Suðurnesjum 66,7 m.kr. (6 svæði), á Vesturlandi 49,7 m.kr. (11 svæði), á Vestfjörðum 42,0 m.kr. (12 svæði), á Norðurlandi vestra 45,7 m.kr. (5 svæði), á Norðurlandi eystra 50,7 m.kr. (16 svæði), á Austurlandi 42,5 m.kr. (12 svæði) og á Suðurlandi 60,9 m.kr. (14 svæði).

Þróun fasteignagjalda frá árinu 2014 hefur verið sú að þau hafa víðast hvar hækkað nokkuð en fasteignamat hefur að sama skapi hækkað mikið. Á 30 matssvæðum sem eldri gögn ná til hefur meðaltal heildarfasteignagjalda hækkað um 46% frá 2014 til 2025 (m.v. verðlag 2025). Á sama tíma hækkaði fasteignamat á sömu svæðum að meðaltali um 93%.


Árið 2025 er meðaltal heildarfasteignagjalda á öllum 103 matssvæðunum um 502 þ.kr. Meðalfasteignagjöld á matssvæðum á Suðurlandi eru 563 þ.kr., á Norðurlandi vestra 541 þ.kr., á Suðurnesjum 523 þ.kr., á Vesturlandi 519 þ.kr., á Austurlandi 495 þ.kr., á höfuðborgarsvæðinu 485 þ.kr., á Vestfjörðum 478 þ.kr. og á Norðurlandi eystra 471 þ.kr.

Þó það séu nokkuð sterk línuleg tengsl milli heildarfasteignamats og heildarfasteignagjalda eru ekki bein tengsl þar á milli vegna mismunandi álagningarreglna sveitarfélaga. Til dæmis er hæsta fasteignamat viðmiðunareignarinnar í Suður-Þingholti en gjöld eru þó víða hærri. Að meðaltali samsvara heildarfasteignagjöld viðmiðunareignarinnar um 0,91% af heildarfasteignamati á matssvæðunum 103. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati er þó almennt hæst þar sem matið er lægst og lækkar með hækkingu fasteignamati en þó hvergi undir 0,35%.

Nánari upplýsingar má sjá í skýrslunni [Samanburður fasteignagjalda heimila árið 2025](#) og í [mælaborði](#) á heimasíðu Byggðastofnunar.

Landshluti	Mats- svæði	Sveitar- félög	Fasteigna- mat m.kr.* (meðaltal)	Fasteigna- gjöld þ.kr.* (meðaltal)
Höfuðborgarsvæði	27	6	113,3	484,6
Suðurnes	6	3	66,7	523,2
Vesturland	11	7	49,7	519,0
Vestfirðir	12	5	42,0	477,7
Norðurland vestra	5	4	45,7	540,7
Norðurland eystra	16	10	50,7	471,4
Austurland	12	3	42,5	494,8
Suðurland	14	10	60,9	563,4
Landið allt	103	48	67,1	502,3

Tafla 2. Fasteignamat og fasteignagjöld eftir landshlutum.



Mynd 10. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati (punktartit).

Tekjur einstaklinga eftir svæðum

Byggðastofnun greinir gögn frá Hagstofu Íslands um [tekjur einstaklinga eftir svæðum](#) og tekjuliðum. Atvinnutekjur eru greindar sérstaklega til þess að skoða hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landsvæðum og greina breytingar sem verða þar á. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili þeirra en ekki staðsetningu launagreiðanda.

Heildartekjur einstaklinga á árinu 2024 námu 2.872 ma.kr. Þar af voru atvinnutekjur 69,4%, fjármagnstekjur 11,0%, lífeyrisgreiðslur 10,5%, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum 6,7%, atvinnuleysisgreiðslur 0,9%, fæðingarorlofsgreiðslur 0,8%, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 0,2% og aðrar staðgreiðsluskýldar greiðslur 0,5%.

Á árinu 2024 námu heildaratvinnutekjur 1.992 milljörðum kr. sem var um 23 milljörðum eða 1,2% meira en árið 2023. Hlutfall atvinnutekna kvenna á landinu öllu var 41,5% en atvinnutekjur karla voru 58,5% af heildaratvinnutekjum á landinu öllu. Til viðmiðunar voru konur um 49% af íbúum landsins 1. janúar 2024 en karlar 51%. Hlutfall kvenna af einstaklingum sem höfðu launatekjur (launþegum) árið 2024 var nokkuð lægra eða 47%.

Stærsta atvinnugreinin mæld í atvinnutekjum árið 2024 var opinber stjórnarsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta með 611 milljarða kr. (30,7%), heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum kom næst með 202 milljarða (10,1%), fjármálastarfsemi

og ýmis sérhæfð þjónusta var með 181 milljarða (9,1%) og framleiðsla án fiskvinnslu með 179 milljarða (9,0%).

Á tímabilinu 2017 til 2024 jukust heildaratvinnutekjur í flestum atvinnugreinum um 10-30%. Mest hlutfallsleg aukning 2017-2024 var í fiskeldi, en heildaratvinnutekjur í greininni hækkuðu úr 4,3 milljörðum í 9,7 eða um 126%. Vöxtur atvinnutekna í fiskeldi hefur verið yfir 10% á ári síðan 2021. Mikil aukning atvinnutekna varð einnig í byggingastarfsemi árin 2017-2024 eða 52%. Árin 2017-2019 var mikil aukning atvinnutekna í rekstri gisti- og veitingastaða en árin 2020 og 2021 varð mikill samdráttur í greininni vegna COVID-19. Árið 2022 höfðu heildaratvinnutekjur aftur tekið við sér og voru orðnar hærri en önnur ár sem gögnin ná yfir og á árinu 2023 jukust atvinnutekjur í greininni aftur um 9% og héldust svo svipaðar árið 2024. Mikill samdráttur varð í atvinnutekjum í fiskveiðum árið 2023 þegar þær minnkuðu um 7,5% og aftur um 14,8% árið 2024. Auk þess varð talsverður samdráttur í atvinnutekjum í fiskvinnslu árið 2024 eða 7,6%.

Árið 2024 voru atvinnutekjur á íbúa (meðalmannfjöldi) hæstar á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi eða um 5,4 milljónir. Atvinnutekjur á íbúa lækkuðu milli ára í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum þar sem þær hækkuðu um minna en 0,5%. Mesta lækkun atvinnutekna á íbúa varð á Austurlandi 4,2%.

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Höfuðborgarsv.	1.125	1.179	1.188	1.150	1.202	1.266	1.302	1.322
Suðurnes	113	125	126	112	118	137	150	149
Vesturland	72	76	77	74	78	82	83	84
Vestfirðir	31	33	34	34	35	36	36	36
Norðurland v.	28	29	30	30	31	31	32	32
Norðurland e.	131	136	137	135	141	148	150	151
Austurland	51	53	53	54	58	60	62	60
Suðurland	119	127	131	128	137	149	155	158
Landið allt	1.669	1.759	1.777	1.717	1.801	1.908	1.970	1.992

Tafla 3. Heildaratvinnutekjur landshluta 2017-2024 í milljörðum króna (verðlag ársins 2024).

Þjónustukönnun Byggðastofnunar

Samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 er markmið stjórnvalda að jafna aðgengi að þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða. Þjónustukannanir eru liður í að meta aðgengi íbúa að þjónustu og greina hvort og hvar þörf sé á breytingum.

Maskína annaðist gagnaöflun þjónustukönnunar árið 2024. Alls tóku tæplega sjö þúsund íbúar þátt í könnuninni, en svarhlutfall var mismunandi eftir landshlutum og búsetusvæðum. Á árinu 2025 var unnið að úrvinnslu og greiningu gagnanna auk undirbúnings skýrslugerðar. Niðurstöðurnar verða birtar í tveimur skýrslum. Sú fyrri, sem fjallar um vinnu- og þjónustusókn, [kom út í mars 2026](#). Síðari skýrslan, um viðhorf og væntingar til þjónustu, verður birt á þriðja ársfjórðungi 2026.

Grunneining svæðaskiptingar er pósthúmer svarenda. Landinu er skipt í 101 búsetusvæði og niðurstöður greindar fyrir hvert þeirra. Búsetusvæðin eru jafnframt flokkuð í 69

þjónustusvæði út frá þjónustumynstri íbúanna og meðal annars metið hversu stór hluti þjónustusóknar fer fram innan eigin þjónustusvæðis.

Af svarendum voru 72% í vinnu. Um fjórðungur þeirra sækir vinnu að einhverju leyti út fyrir sitt búsetusvæði og fimmtungur þrisvar sinnum eða oftar. Vinnusókn út fyrir búsetusvæði er greind í hverjum landshluta fyrir sig og verulegur munur er milli svæða.

Þátttakendur voru jafnframt spurðir um tíðni og staðsetningu þjónustusóknar í 31 þjónustuflokki. Dagvöruverslun (lágvöruverðsverslun og önnur dagvöruverslun) er umfangsmesta tegund þjónustu og stendur fyrir 42% allrar þjónustusóknar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir þjónustusókn vegna helstu þjónustubátta frá hverju búsetusvæði. Jafnframt er fjallað um breytingar sem hafa orðið á þjónustusókn frá síðustu könnun sem var framkvæmd 2016-2017.



Þjónustukort

Þjónustukortið á vefsíðu Byggðastofnunar sýnir aðgengi landsmanna að allri almennri þjónustu hins opinbera og einkaaðila. Þjónustukortið bætir yfirsýn og skapar grund-völl fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Byggðastofnun hefur unnið að þjónustukortinu frá því á fyrri hluta árs 2018 og sótt ráðgjöf til Landmælinga Íslands, Alta ráðgjafastofu og Capacent. Fyrstu drög að kortinu voru sett fram í júlí 2018. Fjöl-mörgum þjónustubáttum hefur verið bætt við kortið og upplýsingum um hvar þjónustuna er að finna. Skoða má [þjónustukortið](#) á vef Byggðastofnunar.

Vinna við þjónustukortið felur í sér gagnaöflun og upp-færslu gagna í samstarfi við fjölda ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Kortið þarf að vera sem réttast hverju sinni og uppfæra þarf gögnin reglulega.

Gagnasafnið er opið og aðgengilegt öllum. Niðurhalssíða fyrir kortið opnaði á árinu 2019 en þar má hlaða niður á einfaldan hátt gögnum sem Byggðastofnun á og birt eru á kortinu. Sem notandi landupplýsinga er Byggðastofnun í hópi stofnana sem taka þátt í samráðshópi stjórnenda um grunngerð landupplýsinga sem stýrt er af Landmælingum Íslands.

Þeim þjónustubáttum sem hægt er að koma í sjálfvirka uppfærslu hefur nú verið komið þannig fyrir en mörg gagnasett þarf enn að uppfæra handvirkt.

Í árslok 2025 var yfirlit yfir samtals 70 þjónustubætti í kortinu. Lagt er upp með að hafa yfirlit yfir þjónustubætti í takt við eftirspurn úr samfélaginu og þannig hefur tegund þjónustubátta breyst í gegnum tíðina. Þjónustukortið er aðgengilegt á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.



Grímsey í Steingrímsfirði.

Sóknaráætlanir landshluta

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim kemur fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Markmið sóknaráætlana landshluta er að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við auknið lýðræði og kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað.

Með lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir frá árinu 2015 og fimm ára samningum milli ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Árangursrík verkefni hafa farið af stað á vegum sóknaráætlana, bæði sem áhersluverkefni og verkefni styrkt af uppbyggingsjóðum. Byggðastofnun hefur frá upphafi sóknaráætlana árið 2012 farið með verkefnisstjórn auk þess að eiga áheyrnarfulltrúa í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Verkefni hópsins er m.a. að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera, þ.m.t. sóknaráætlana landshluta.

Landshlutasamtök sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd sóknaráætlana og eru þær unnar í víðtæku samráði heimamanna. Nýir samningar um sóknaráætlanir

tóku gildi í byrjun árs 2025 og ná núgildandi samningar yfir tímabilið 2025-2029.

Árlega vinna landshlutasamtökin greinargerð sóknaráætlana liðins árs og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur fram heildargreinargerð sem nær yfir landið allt, sem unnin er af Byggðastofnun. Greinargerðin liggur fyrir að vori eða hausti eftir aðstæðum. Greinargerð ársins 2025 er í vinnslu en greinargerð 2020-2024 er aðgengileg á heimasíðu, en í lok hvers fimm ára samningstímabils er unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra á samningstímabilinu. Greinargerðir fyrri ára eru einnig aðgengilegar á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

Innviðaráðuneytið, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, gera samning við hvern landshluta og leggja til fjármagn, svokölluð grunnframlög, sem skiptast á milli landshlutanna átta skv. sérstakri reiknireglu. Heildarframlag ríkisins til sóknaráætlana árið 2025 var kr. 865.699.999.

Framlög ríkisins renna annars vegar til uppbyggingarsjóða og hins vegar til áhersluverkefna. Stjórnir landshlutasamtaka ákveða skiptingu fjármuna. Þeim er

Landshlutar	Framlag 2025	Framlag 2024	Breyting	Breyting %
Vesturland.....	105.203.989	98.732.123	6.471.866	6,6%
Vestfirðir.....	120.465.109	107.286.266	13.178.843	12,3%
Norðurland vestra	109.148.650	104.888.742	4.259.908	4,1%
Norðurland eystra	135.388.042	127.933.731	7.454.311	5,8%
Austurland.....	121.800.484	104.266.283	17.534.201	16,8%
Suðurland.....	127.433.889	113.457.371	13.976.518	12,3%
Suðurnes.....	103.259.836	95.035.483	8.224.353	8,7%
Höfuðborgarsvæði.....	38.000.000	25.000.000	13.000.000	52%
Umsóknagáttin.....	5.000.000	5.000.000	0	0%
Samtals.....	865.699.999	781.600.000	84.099.999	10,8%

Tafla 4. Skipting grunnframlaga milli landshluta árið 2025.

einnig heimilt að nýta allt að 12 m.kr. í umsýslu. Sjá nánari upplýsingar um úthlutað fjármagn í greinargerð hvers árs ásamt greinargóðu yfirliti um ráðstöfun fjármuna og framvindu samninga á [vef Byggðastofnunar](#).

Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans, menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun hvers landshluta. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af kostnaði verkefna. Sérstök úthlutunarnefnd fer fyrir hverjum sjóði, skipuð af heimamönnum.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Ekki er gerð krafa um móttframlag. Á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður heldur kveður samningurinn einungis á um áhersluverkefni.



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA



Húsavík.

Verkefnastyrkir samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022–2026

Á árinu 2025 var úthlutað 17 m.kr. vegna verslunar í strjálbýli (A.9.), 140 m.kr. vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (C.1.), 27 m.kr. vegna almennings-samgangna um land allt (A.10.) og tæplega 29 m.kr. vegna óstaðbundinna starfa (B.7.). Úthlutað er skv. reglum settum af ráðherra. Samkvæmt reglunum fer Byggðastofnun með umsýslu umsókna, gerð samninga, umsýslu greiðslna og eftirlit með framkvæmd samninga þessara verkefna.

A.9. Framlög til verslunar í strjálbýli.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti í nóvember 2024 vegna ársins 2025. Sex umsóknir bárust sem öll hlutu styrk. Samtals voru 17 m.kr. til úthlutunar. Verkefnin sem hlutu styrk voru:

- *Bakkabúðin ehf. á Reykhólum* – rekstrarstyrkur 5 m.kr.
- *Verzlunarfjélag Árneshrepps* – rekstrarstyrkur 3 m.kr.
- *Hríseyjarbúðin ehf.*
– endurbætur og sjálfvirknivæðing 2,5 m.kr.
- *North East Travel ehf. á Bakkafirði*
– rekstrarstyrkur 1,5 m.kr.
- *Gunnubúð ehf. Raufarhöfn* – endurbætur 3 m.kr.
- *Verslunarfélag Drangness* – endurbætur 2 m.kr.

C.1. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Auglýst var eftir umsóknum í lok árs 2024 með umsóknarfresti í janúar 2025. Alls bárust níttján umsóknir og voru veittir styrkir til þrettán verkefna að fjárhæð 140 m.kr.

Verkefnin sem hlutu styrk voru:

- *Orkuskipti í Húnaþingi vestra* – varmadæluvæðing. Styrkfjárhæð 7,2 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Endurnýjun hluta stofnlagnar frá borholu Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs við Skógalón í átt að Lundi í Öxarfirði.* Styrkfjárhæð 15 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.**
- *Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags (Vesturbyggð).* Styrkfjárhæð 9,4 m.kr. Styrkþegi: **Fjórðungssamband Vestfirðinga.**
- *Gamli bærinn á Blönduósi – aðdráttarafl ferðamanna.* Styrkfjárhæð 13,5 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Tenging fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum.* Styrkfjárhæð 10,6 m.kr. Styrkþegi: **Fjórðungssamband Vestfirðinga.**
- *Auðarstofa – Nýsköpunar- og þekkingarsetur í Dalabyggð.* Styrkfjárhæð 13,5 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.**
- *Samvinnuhús í jaðarbyggðum á Austurlandi – Samvinnuhús á Vopnafirði og Stöðvarfirði.* Styrkfjárhæð 14,1 m.kr. Styrkþegi: **Samtöksveitarfélaga á Austurlandi.**
- *Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum.* Styrkfjárhæð 10 m.kr. Styrkþegi: **Fjórðungssamband Vestfirðinga.**
- *Hver vegur að heiman er vegurinn (Dalabyggð).* Styrkfjárhæð 10 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.**
- *Þekkingagarðar (Sauðárkrókur).* Styrkfjárhæð 8 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Hjólín eru að koma – Tækifæragreining fyrir sjálfbæra hjólaferðaþjónustu á Norðurlandi vestra.* Styrkuppþæð 4,8 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Ráðhúsið á Raufarhöfn, atvinnu- og samfélagssetur.* Styrkuppþæð 8 m.kr. Styrkþegi: **Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.**
- *Byggðapróun og efling samfélags í Grindavík og nærliggjandi svæða.* Styrkuppþæð 16 m.kr. Styrkþegi: **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.**

A.10. Almenningsamgöngur um land allt.

Í mars 2025 voru auglýstir styrkir vegna almennings-samgangna um land allt. Samtals bárust sjö umsóknir og voru veittir styrkir til fjögurra verkefna að upphæð 27 m.kr. Verkefnin sem hlutu styrk voru:

- *Tilraunaverkefni um almenningsamgöngur milli Borgarfjarðareystri og Egilsstaða.* Styrkupp hæð 17 m.kr. Styrkþegi: **Múlaping.**
- *Tómstundaakstur barna í Húnabyggð.* Styrkupp hæð 5 m.kr. Styrkþegi, **Húnabyggð.**
- *Brúin um Borgarfjörð.* Styrkupp hæð 2,8 m.kr. Styrkþegi, **Borgarbyggð.**
- *Fýsileikakönnun um samþættan sérakstur og almenningsamgöngur í Árnassýslu.* Styrkupp hæð 2,2

m.kr. Styrkþegi: **Samband sunnlenskra sveitarfélaga.**

B.7. Óstaðbundin störf.

Í október 2024 voru auglýstir styrkir vegna óstaðbundinna starfa hjá ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu sem annað hvort voru flutt út fyrir höfuðborgarsvæðið eða ráðið var í utan svæðisins. Samtals hafa borist fjórtán umsóknir og hafa tólf þeirra verið samþykktar. Samtals hafa verið veittir styrkir að upphæð 37 m.kr. Störfin sem um ræðir eru á Akranesi, Akureyri, Húsavík, Hvammstanga, Ísafirði, Neskaupstað, Stykkishólmi og í Suðurnesjabæ.



Verslunarfélag Drangsness.

BYGGÐARÁÐSTEFNAN 2025

– Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?

Byggðaráðstefnan var haldin í sjötta sinn 4. nóvember 2025 í Skjólbrekku í Mývatnssveit undir yfirskriftinni *Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga, jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?* Kallað var eftir erindum frá fræða- og háskólasamfélaginu, stjórnsýslunni, sveitarstjórnnum, atvinnulífi og öðrum þeim sem áhuga hafa á byggða- og samfélagsmálum. Viðbrögð við kallinu voru góð og úr varð þéttskipuð [dagskrá](#) áhugaverðra erinda með léttu „trúnó“ uppbroti.



Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.

Sigríður Elín Þórðardóttir forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar setti ráðstefnuna. Í opunarerindi fjallaði hún um tilgang ráðstefnunnar og sagði að í sínum huga væri félagslegur fjölbreytileiki og byggðamál viðfangsefni sem ekki verða aðskilin. Félagslegur fjölbreytileiki sé viðfangsefni sem þurfi að ræða af yfirvegun, byggja á gögnum og rannsóknum og forðast skautun og upplýsingaóreiðu sem grefur undan trausti og samstöðu.

Það séu mörg sóknarfæri sem felast í því að nýta þá auðlind sem félagslegur fjölbreytileiki samfélaga er. Í mannauðnum í hverju byggðarlagi sem er hreyfiafl nýsköpunar sem jafnframt er drifkraftur samfélagslegra og efnahagslegra breytinga og þróunar í byggðarlögum um land allt.

Auk Byggðastofnunar stóðu að ráðstefnunni Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra og Þingeyjarsveit. Ráðstefnan var vel sótt og heppnaðist með ágætum. Rúmlega eitt hundrað gestir mættu á ráðstefnuna eða fylgdust með í streymi. Upptaka ráðstefnunnar og glærुकyningar fyrirlesara eru aðgengilegar á [vef Byggðastofnunnar](#).



Innviðaráðherra, Eyjólfur Ármannsson, gat ekki verið viðstaddur ráðstefnuna en flutti þess í stað rafrænt ávarp.

Innviðaráðherra, Eyjólfur Ármannsson sagði að sem ráðherra byggðamála þá legði hann mikla áherslu á góðar og hagnýtar rannsóknir og að mikilvægt væri að nýta þá þekkingu við stefnumótun. Byggðaáætlun er helsta stjórnþæki ríkisstjórnarinnar til að vinna að markmiðum byggðamála og að nú væri endurskoðun núverandi byggðaáætlunar hafin.



Ráðstefnugestir á byggðaráðstefnu 2025.



Porkell Stefánsson sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar svarar spurningum fundarstjóra að loknu erindi um lýðfræði og íbúapróun.

Porkell Stefánsson greindi frá einu af hlutverkum Byggðastofnunar sem er að safna gögnum og vinna rannsóknir, til að kortleggja stöðuna í byggðum landsins. Í þeim tilgangi eru meðal annars birtar upplýsingar um íbúasamsetningu í mælaborðum og þeirra á meðal eru mælaborð um mannfjöldaspa eftir svæðum, breytingar á íbúafjölda sveitarfélaga og íbúar landsins eftir ríkisfangi. Þorkell fjallaði um íbúapróun og öldrun samfélaga sem er eitt mikilvægara viðfangsefna landsbyggðanna.

Fæðingartíðni hefur verið undir viðhaldsmörkum í fjölda ára, meðalaldur hækkað hratt og aldurstré Íslendinga er farið að líkjast „rekaviðardrumbi“. Íbúar á vinnualdri þurfa að standa sig enn betur svo að kerfi samfélagsins virki fyrir alla íbúa eða fá liðsauka. Íbúum landsins hefur fjölgað um 21% á síðasta áratug og 71% af þeirri fjölgun er vegna flutninga fólks til landsins.



Fundarstjóri Catherine P. Chambers.

Dr. Pamela Innes sagði frá helstu niðurstöðum rannsóknarverkefnisins *Innflytjendur í dreifbýli á Íslandi* (e. Migrants diversity in rural communities: Experiences, inclusion, challenges and opportunities). Þar voru til skoðunar áhrif þess þegar fólk flytur í dreifbýlissamfélög, bæði frá útlöndum og innanlands. Viðtöl og gögn



Dr. Pamela Innes, dósent í mannfræði við University of Wyoming, USA.

rannsóknar sýna að fjölbreytni er innan hóps innflytjenda, ekki aðeins hvað varðar þjóðernisuppruna, heldur birtist einnig í því hvernig ólíkir hópar tengjast hver öðrum og heimamönnum. Reynslan af aðlögun og myndun félagslegra tengslaneta er mismunandi eftir staðsetningu sem undirstrikar að fjölbreytni er einnig í þeim áskorunum og tækifærum sem fólk stendur frammi fyrir sem flytur út á land.

Dr. Lara Wilhelmine Hoffmann, nýdoktor á mennta- vísindasviði Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá RHA Rannsóknamiðstöð HA sagði frá samstarfsverkefni bókasafna og menningarsetra um allt land sem nefnist *Vettvangur samsköpunar* sem fólst í að fara hringferð um landið og rannsaka mismunandi form samfélagsrýma. Gert var stopp á bókasöfnum, listasöfnum, menningarsetrum og „artist residencies“ í dreifbýli og þéttbýli. Haldnar voru vinnustofur og viðburðir á hverjum stað þar sem skapandi aðferðir leggja grunninn að því að þróa færni til að tengjast og verða hluti af samfélagi. Verkefnið auðveldi þátttakendum að endurhugsa tengingar milli fólks, vinna gegn jaðarsetningu og efla borgaralega þátttöku þvert á samfélög um landið allt.

Fjölmörg önnur erindi voru á ráðstefnunni. Að lokinni ráðstefnu svöruðu ráðstefnugestir stuttri könnun. Almenn voru gestir ráðstefnunnar mjög ánægðir með ráðstefnuna í heild sinni, 26% svarenda gáfu henni einkunnina fjóra og 62% fimm (á skalanum 1-5, 5 = framúrskarandi).

Tilgangur byggðaráðstefnanna er að vekja athygli á byggðamállum og efla umræðu. Tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðapróun með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar um allt land. Áformað er að halda næstu byggðaráðstefnu haustið 2027 á Norðurlandi vestra.

Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga

Aðgerð C.10. í byggðaaætlun – nýr leiðarvísir fyrir sveitarfélög um aðlögun að loftslagsbreytingum

„Ef flóðin fara að gerast oftari, þá þarf virkilega að fara að skoða tryggingar á þessum húsum.“

„Maður býst við því á hverju sumri orðið að vatnið klárist.“

Reynslusögur sem þessar heyrðust á vinnustofum aðgerðar C.10. í byggðaaætlun, þar sem starfsfólk sveitarfélaga, kjörnir fulltrúar, rekstraraðilar, slökkvilið, heilbrigðisstarfsfólk og aðrir hagaðilar komu saman til að ræða áskoranir vegna loftslagsbreytinga. Samtölin á vinnustofunum tíu endurspegluðu raunveruleg áhrif sem þegar eru farin að birtast í daglegu lífi og rekstri sveitarfélaga og urðu jafnframt kjarninn í þróun hagnýtrar aðferðafræði sem styður sveitarfélög í að hefja aðlögunarvinnu.

Byggðastofnun hefur leitt aðgerð C.10., *Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög*, frá árinu 2022 í samstarfi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun. Markmið verkefnisins hefur fyrst og fremst verið að þróa og sannreyna aðferðafræði sem hjálpar íslenskum sveitarfélögum að taka fyrstu skrefin í aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga og byggja upp getu, innan stjórnsýslunnar og í samfélaginu, til að takast á við breyttar aðstæður.



Frá lokamálþingi C.10 í Hofi, Akureyri í febrúar 2026.

Fimm ólík sveitarfélög tóku þátt í tilraunaverkefninu á árunum 2023–2025: Akureyrarbær, Sveitarfélagið Hornafjörður, Reykhólahreppur, Reykjanesbær og Fjallabyggð. Sveitarfélögin urðu fyrir valinu af framkvæmdaraðilum aðgerðarinnar eftir að um 20% íslenskra sveitarfélaga höfðu lýst yfir áhuga á þátttöku að lokinni upphafsráðstefnu verkefnisins í lok árs 2022. Þátttökusveitarfélögin fimm standa öll frammi fyrir ólíkum loftslagsáskorunum sem eru þegar farnar að hafa áhrif á daglegt líf og rekstur sveitarfélaganna, allt frá sjávarflóðum og gróðureldum til langvarandi þurrka og aukinnar úrkomu. Reynslan af samstarfinu við sveitarfélögin fimm síðustu þrjú ár var nýtt til að móta aðferðafræði til aðlögunar sem samræmist veruleika íslenskra sveitarfélaga. Þar er staðbundin þekking og reynsla heimafólks og viðeigandi fagaðila höfð að leiðarljósi, sérstaklega þar sem sértæk vísindagögn innan sveitarfélaganna eru takmörkuð eða óaðgengileg.

Aðferðafræðin hefur nú verið sett fram í leiðarvísinum [Frá áskorunum til aðgerða: leiðarvísir fyrir sveitarfélög um aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga](#), sem birtur er á heimasíðu Byggðastofnunar. Leiðarvísirinn er hannaður til að gera sveitarfélögum kleift að hefja aðlögunarvinnu með því að byggja á fyrirliggjandi gögnum og staðbundinni þekkingu, með minni áherslu á kostnaðarsamar úttektir eða ófáanlegar greiningar. Reynsla verkefnisins sýndi að rík krafa um umfangsmikil gögn og kostnaðarsöm áhættumót geti hindrað sveitarfélög í að hefja aðlögunarvinnu, jafnvel þar sem þörfin fyrir aðgerðir er augljós og aðkallandi. Með útgáfu leiðarvísisins er því markmiðið að hvetja og styðja sveitarfélög til að taka fyrstu skrefin í aðlögunarvinnu, þ.e. hefja áhættuskimun og viðkvæmnimat, óháð því hvaða gögn liggja fyrir. Slík vinna getur þannig skapað farveg fyrir mótnun raunhæfra aðgerða til aðlögunar, eða fyrir frekari greiningar og dýpri vinnu í samstarfi við stofnanir og fagaðila, eftir því sem þörf krefur. Leiðarvísirinn hjálpar þannig sveitarfélögum, óháð stærð, getu og fjármagni, að koma aðlögun í fastari skorður og færa hana frá almennum áformum yfir í framkvæmanlegar aðgerðir.



Ragnhildur kynnir leiðarvísir um aðlögun íslenskra sveitarfélaga á lokamálþingi C.10 verkefnisins í Hofi, Akureyri.



Frá vinnustofu verkefnisins í Fjallabyggð.

Leiðarvísirinn er ætlaður stjórnendum og starfsfólki sveitarfélaga sem vinna að skipulagi, þjónustu og daglegri ákvarðanatöku, auk kjörinna fulltrúa og samstarfsaðila sem þurfa sameiginlegt verklag og skýra sýn á næstu skref.

Kjarninn í leiðarvísinum er einfalt ferli í fjórum megin-skrefum:

- Grunnur lagður:** pólitískur stuðningur við verkefnið er tryggður, aðlögunarteymi innan sveitarfélagsins er skilgreint, umfang verkefnisins skilgreint og samantekt aðgengilegra gagna (t.d. veður- og náttúruvargögn, skipulagsgögn, tjónaskýrslur).
- Áhættuskimun og viðkvæmnimat:** byggt á reynslu þátttakenda og gagnavinnu; einfölduð og staðfærð útgáfa RAST-aðferðafræði umhverfisstofnunar Evrópu ([Regional Adaptation Support Tool](#)) er notuð til að meta tjónnæmi og aðlögunargetu á skýran og samanburðarhæfan hátt og bera þannig kennsl á viðkvæmstu þætti, málaflokka og starfsemi sveitarfélaganna gagnvart þeirri loftslagsáskorun sem er til skoðunar.

- Val og greining aðlögunaraðgerða:** í samstarfi við helstu hagaðila eru aðgerðir mótaðar fyrir viðkvæmstu þætti sveitarfélagsins, byggt á viðkvæmnimati í fyrri greiningu. Aðgerðirnar miða að því að draga úr tjónnæmi og auka getu sveitarfélagsins til að takast á við áhrif loftslagsbreytinga.
- Undirbúningur innleiðingar og eftirfylgni:** aðgerðir skilgreindar nánar, sem og ábyrgð, kostnaður og fjármögnun þeirra. Leitast er við að samþætta aðgerðir inn í skipulag, fjárhagsáætlanir, viðbragðsáætlanir og aðrar áætlanir sveitarfélagsins, þar sem því verður við komið.

Verkefninu lauk með vel sóttu málþingi í Hofi á Akureyri 12. febrúar 2026, þar sem leiðarvísirinn var kynntur, ásamt öðrum verkfærum, leiðbeiningum og aðlögunartengdu efni sem orðið hefur til á líftíma C.10. Í raun markar lok aðgerðarinnar upphaf næsta kafla: að fleiri sveitarfélög nýti reynsluna og leiðarvísinn til að stíga sín fyrstu, eða næstu, skref í aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga.





Akureyri.

Borgarstefna

Í framhaldi af úrvinnslu umsagna sem bárust við tillögu að borgarstefnu sem var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á árinu 2024, var unnið að gerð þingsályktunartillögu á grunni fyrirbyggjandi tillögu og hún kynnt nýjum ráðherra. Ráðherra lagði þingsályktunartillögu að borgarstefnu fyrir Alþingi í mars 2025 en ekki tókst að ljúka afgreiðslu hennar á vorþingi. Var þingsályktunartillagan því endurflutt og lögð fram að nýju í september og samþykkt með 33 samhljóða atkvæðum í október sjá [þingsályktun um borgarstefnu fyrir árin 2025-2040](#).

Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. a. í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og hefur stofnunin til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja við fámenn byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Nánar er kveðið á um framkvæmd verkefnisins í reglugerðum nr. [643/2016](#) og [1256/2024](#). Megintilgangur verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem; a) standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi, b) eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu, c) eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.

Verkefnið hófst á fiskveiðiárinu 2013/2014 og þá hafði stofnunin 1.800 þorskígildistonn til ráðstöfunar. Magnið er ákveðið árlega af atvinnuvegaráðherra í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni og af innviðaráðherra í gegnum reglugerð um skiptingu á 5,3% pottinum. Magnið hafði aukist í áföngum og hafði stofnunin til úthlutunar um fimm þúsund þorskígildistonn á fiskveiðiárunum 2020/2021 -

2023/2024. Á fiskveiðiárinu 2024/2025 fór úthlutað magn samkvæmt reglugerð niður í rúm 4.400 þorskígildistonn og á fiskveiðiárinu 2025/2026 hefur stofnunin til úthlutunar ríflega 4.500 þorskígildistonn.


Í samræmi við markmið laganna hefur stofnunin gert samninga við fiskvinnslur og útgerðaraðila til allt að sex ára í senn. Í gildi eru samningar í eftirtöldum byggðarlögum sem gilda út fiskveiðiárið 2029/2030; Bakkafirði, Borgarfirði eystri, Breiðdalsvík, Drangnesi, Hólmavík, Hrísey, Raufarhöfn, Suðureyri, Tálknafirði/ Patreksfirði, Þingeyri og Hólmavík. Þá voru gerðir tveir samningar vegna Flateyrar á árinu sem einnig gilda til loka fiskveiðiársins 2029/2030. Einnig eru samningar á Djúpavogi og í Grímsey sem renna út að afloknu fiskveiðiárinu 2026/2027. Samningarnir í Grímsey eru skv. reglugerð nr. 1256/2025 og því án vinnsluskyldu en samið var við 12 útgerðir um nýtingu aflamarksins. Ein þeirra varð gjaldþrota á árinu og var úthlutaðu aflamarki hennar á því fiskveiðiári sem hófst 1. september úthlutað hlutfallslega til annarra samningsaðila. Allir aðrir samningar stofnunarinnar um aflamark eru skv. reglugerð nr. 643/2016 sem kveða á um skyldu til vinnslu aflans í viðkomandi byggðarlagi eða innan sama atvinnusóknarsvæðis.

Þó þau fyrirtæki sem eru með samning um aflamark Byggðastofnunar séu ekki endilega stór á landsvísu, eru þau oft á tíðum stærstu atvinnurekendurnir í viðkomandi byggðarlögum og oftar en ekki hryggjarstykkið í atvinnulífi viðkomandi byggða. Það er ljóst að aflamark Byggðastofnunar hefur átt mikinn þátt í að viðhalda störfum í viðkomandi byggðarlögum sem byggja afkomu sína að öllu eða mestu leyti á sjávarútvegi. Það hefur þannig stuðlað að aukinni byggðafestu á þessum stöðum og í einhverjum tilfellum viðhaldið þrótti í atvinnulífinu til að byggja upp nýja starfsemi sem getur tekið við hlutverki kvótabundins sjávarútvegs. Þetta hefur ítrekað komið skýrt fram í skilagreinum vegna framkvæmdar samninganna og í samtölum við samningsaðila og aðra haghafa. Einnig hefur framkvæmd og virkni verkefnisins fengið góða umsögn í þeim úttektum sem gerðar hafa verið og má þar m.a. benda á [skýrslu Ríkisendurskoðunar](#).

“ Það er ljóst að aflamark Byggðastofnunar hefur átt mikinn þátt í að viðhalda störfum í viðkomandi byggðarlögum sem byggja afkomu sína að öllu eða mestu leyti á sjávarútvegi.

Að því sögðu leiða lagaákvæði um að úthlutun aflamarksins skuli vera í sjö fisktegunum til þess að erfitt er fyrir smærri útgerðir og vinnslur sérstaklega, að nýta úthlutunina að fullu nema með því að skipta út þeim tegundum sem ekki henta fyrir þær sem betur henta. Eru ákvæði um slík skipti í reglugerð og oft framkvæmd með þeim hætti að samningsaðilar semja við stærri útgerðir sem ekki eru aðilar að samningum stofnunarinnar um vistun viðkomandi aflamarks sem er síðan fært til samningsaðila í þeim tegundum sem þeim henta best. Vissulega eykur þetta á flækjustig við framkvæmd og eftirlit með verkefninu og torveldar einnig skilning á virkni þess sem hefur leitt til ákveðinnar gagnrýni á það.

Færu þessi tegundaskipti hins vegar ekki fram myndi talsverður hluti úthlutaðs aflamarks stofnunarinnar ekki nýtast og verkefnið veikjast sem því næmi. Það er því mat sérfræðinga stofnunarinnar að mikilvægt sé að viðhalda góðu og sem breiðustu samstarfi um framkvæmd verkefnisins, ásamt virku eftirliti, enda um að ræða ráðstöfun verðmæta sem ætlað er að hámarka samfélagslegan ábata.



Mynd 11. Samningar um aukna byggðafestu, staðsetningar og magn í þorskígildistonnunum (þígt.).

Sérfræðiþjónusta á heilbrigðisviði

Verkefnið snýr að því að beita heimildarákvæðum í lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna til ívilnunar vegna endurgreiðslu námslána og á rætur að rekja til vinnu starfshóps heilbrigðisráðherra sem skipaður var árið 2022. Jafnframt byggir verkefnið á aðgerð A.6. *Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðisviði* í byggðaáætlun, eins og gerð hefur verið grein fyrir í fyrri ársskýrslum. Í framhaldi af skilgreiningu stofnunarinnar á þeim svæðum þar sem beita mætti ívilnunum skv. lögum hafa borist fimm umsóknir frá sveitarfélögum um beitingu ívilnana vegna tiltekinna heilbrigðisstétta innan marka viðkomandi sveitarfélaga. Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa skv. ákvæðum laganna skilað menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu skýrslum með mati á umsóknunum. Málið er nú á borði ráðuneytisins sem hyggst vinna tillögur að útfærslu ívilnana m.a. í samráði við Menntasjóð námsmanna og heilbrigðisráðuneytið. Ekki er gert ráð fyrir verkefninu á fjárlögum 2026 en í [svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi](#) eru gefin fyrirheit um að leitað verði eftir fjármögnun verkefnisins í næstu fjármálaáætlun og við gerð fjárlaga 2027.

Þróun byggðavísitölu

Þróun byggðavísitölu byggir á aðgerð C.13. í þingsályktun stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 sem fjallar um opinberar upplýsingar á sviði byggðamála. Markmið aðgerðarinnar er að þekkingargrunnur stefnumótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði styrktur.

Á árinu 2025 var lokið vinnu við byggðavísitölu fyrir sveitarfélög á Íslandi. Vísitalan er staðfærð útgáfa af Distriktsindeksen í Noregi og er íslenska útgáfan uppbyggð þannig: Mannfjöldapróun síðustu tíu ár 40%, fjölgun atvinnutækifæra síðustu tíu ár 10%, fjölbreytni atvinnulífs 10% og vinnu- og þjónustusókn samtals 40%. Síðasti þátturinn skiptist þannig að stærð vinnusóknarsvæðis gildir 20%, þjónustusókn vegna fjarlægðar frá Reykjavík eða Akureyri 10% og þjónustusókn vegna fjarlægðar frá 1500 manna þéttbýli 10%. Ætlunin er að vísitalan geti í framtíðinni gefið sem besta mynd af stöðu sveitarfélaga og m.a. nýst sem árangursmælikvarði á byggðaaðgerðir.



Hreindýr við Stöðvarfjörð.

Svæðisbundin flutningsjöfnun

Byggðastofnun annast framkvæmd styrkveitinga flutningsjöfnunarstyrkja til framleiðenda annars vegar og vegna sölu olíuvara hins vegar skv. [lögum nr. 160/2011](#).

Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda

Markmið með veitingu styrkjanna er að styðja við framleiðsluina og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum. Það er gert með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.


Opnað var fyrir rafrænar umsóknir þann 13. febrúar 2025 en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Alls bárust 71 umsókn, þar af 62 vegna framleiðslustarfsemi í C-bálki en níu vegna grænmetisræktunar í A-bálki. Eru þetta aðeins færri umsóknir en árið áður en þá bárust 85 umsóknir. Stærstur hluti úthlutaðs fjármagns fór til framleiðenda á Vestfjörðum en næst mest til Norðurlands eystra. Stærstur hluti fjárhæðarinnar var vegna framleiðslu í ÍSAT bálki CA – Matvæla- og drykkjavöruiðnaður eða rúmar 130 m.kr. Fjárhæð tíu hæstu styrkjanna nam samtals um 76 m.kr. sem er 47,7% af heildarúthlutun en það er töluvert hærri fjárhæð en í fyrra þegar tíu hæstu styrkirnir voru 61,9 m.kr. eða 38,4% af heildarúthlutun.

Fjárheimildir ársins voru 163,3 m.kr. og voru 159,3 m.kr. greiddar til styrkþega. Heildarfjárhæð samþykktar styrkumsókna nam 456,6 m.kr. og því er útgreiðslu-hlutfallið 35%.


Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara

Markmið með veitingu styrkjanna er að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innanlands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.


Árið 2022 var flutningsjöfnunarstyrkjum vegna sölu olíuvara úthlutað í fyrsta skipti, en áður hafði byggða-



Mynd 12. Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda eftir landshlutum.



Mynd 13. Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda eftir atvinnugreinum.



Mynd 14. Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara eftir landshlutum.

stuðningur verið í öðru formi undir stjórn flutningsjöfnar-sjóðs olíuvara sem hefur verið lagður niður. Umsóknar-frestur rann út 31. mars 2025 og bárust fjórar umsóknir vegna flutningskostnaðar á árinu 2024 sem allar voru samþykktar. Fjárheimildir ársins voru 170 m.kr. og var rúmlega 169,6 m.kr. úthlutað til styrkþega í samræmi við lög nr. 160/2011 og reglugerð nr. 890/2021. Stærstur hluti styrksins var veittur vegna sölustaða á Austurlandi, eða 40,0%.

Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaranema

Byggðarannsóknasjóður

Á ársfundi Byggðastofnunar, 8. maí 2025, voru veittir fimm styrkir úr Byggðarannsóknasjóði. Markmið sjóðsins er að veita styrki til rannsókn- og þróunarverkefna sem stuðlað geta að jákvæðri byggðaþróun og bætt þekkingargrunn sem nýtist við stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðir á sviði byggðamála. Þetta var í ellefta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann er fjármagnaður af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun en stofnunin fer með umsýslu sjóðsins. Til úthlutunar voru 17,5 m.kr. Umsóknarfrestur var til 3. mars og bárust alls 21 umsókn. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki:

- *Strandveiðar og byggðakvótar: Verður auknum umsvifum í strandveiðum og byggðakvótum vart í auknum atvinnutekjum eða útsvarstekjum viðkomandi sveitarfélaga.* Styrkfjárhæð 3.300.000 kr.
Styrkþegi er **Háskólinn á Bifröst: Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum, Vífill Karlsson.**
- *Tvíeggjað sverð – leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins.* Styrkupp hæð 3.960.000 kr.
Styrkþegi er **Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Hjalti Jóhannesson.**
- *Skipulag sjálfbærrar landbúnaðarframleiðslu á Íslandi.* Styrkfjárhæð 4.000.000 kr.
Styrkþegi er **Salvör Jónsdóttir, Háskóla Íslands.**



Formaður Byggðarannsóknasjóðs, styrkþegar 2025 og verkefnastjóri.

- *Samvinna og samræming áfangastaða og sveitarfélaga um sjálfbæra ferðamálaþróun.* Styrkfjárhæð er 3.736.800 kr.
Styrkþegi er **Anna Karlsdóttir og Íris Hrund Halldórsdóttir, báðar við Háskóla Íslands.**
- *Erlendar fjárfestingar í jörðum á Íslandi. Sýn á áhrif á þróun byggða og samheldni íbúa.* Styrkfjárhæð 2.410.000 kr.
Styrkþegi er **Anna Karlsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir, báðar við Háskóla Íslands.**

Á heimasíðu Byggðastofnunar má sjá [nánari upplýsingar um styrkt verkefni.](#)

Styrkir til meistaranema

Byggðastofnun veitir árlega styrki til meistaranema sem vinna lokaverkefni á sviði byggðaþróunar. Í árslok 2025 lagði stjórn Byggðarannsóknasjóðs til að styrkja þrjú meistaranema en fjórtán umsóknir bárust alls um styrki. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti tillögurnar á fundi sínum 11. desember. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaáætlun og áskilið að verkefni hafi skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Heildarupp hæð styrkjanna var 1,2 m.kr. Hvert verkefni var styrkt um 400.000 kr.

Eftirfarandi þrjú verkefni hlutu styrki:

- *Coastal Fishing in Rural Iceland: Impacts of the strandveiðar system.* Styrkþegi er **Kevin Graham Wells, Háskólasetri Vestfjarða.**
- *Nýsköpunarsetur og störf án staðsetninga – lykill að jákvæðri byggðaþróun.* Styrkþegi er **Valdís Fjölinsdóttir, Háskóla Íslands.**
- *Sustaining the rural: assessing socio-ecological resilience through farming in Iceland.* Styrkþegi er **Martina Aymonod, Háskólasetri Vestfjarða.**


Á heimasíðu Byggðastofnunar má sjá [nánari upplýsingar um styrkt verkefni.](#)

Samstarf við háskóla

Byggðastofnun á samstarf og reglulegt samráð við háskóla og rannsóknasetur vegna ýmissa verkefna. Samstarfsverkefni eru fjölbreytt og breytileg eftir atvikum. Öllu jafna er jákvæður vilji fyrir samstarfi í þágu þeirra markmiða og málefna sem stofnunin vinnur að hvort heldur sem stofnunin eða samstarfsaðilar eiga frumkvæði að samstarfinu. Markmið alls samstarf er að stuðla að aukinni umræðu og uppbyggingu þekkingar á sviði skapandi greina, byggða- og sveitarstjórnarmála. Þess er ávallt vænst að samstarf skili jákvæðum ávinningi fyrir alla hlutaðeigandi.

Á vorönn 2025 var námskeiðið *Rannsóknir á sviði menningar og skapandi greina í landsbyggðunum* kennt í annað sinn en það er afrakstur samstarfs Byggðastofnunar við Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri sem styrkt var af Samstarfi háskóla. Hluti af samstarfinu var kynning á starfsemi stofnunarinnar og byggðatengdum málefnum fyrir nemendur námskeiðsins.

Á árinu var áfram unnið að þróun nýrrar námsleiðar í sjálfbærri byggðafræði en það verkefni er leitt af Háskólanum á Hólum í samvinnu við Háskóla Íslands, Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, Samtök þekkingarsetra á landsbyggðinni og Byggðastofnunar. Verkefnið er styrkt af Samstarfi háskóla. Námsleiðin er vel á veg komin og verður í boði frá haustmisseri 2026.



Við Skjálfanda.

Samstarf við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna

Stofnað var til formlegs samstarfs og samráðs milli Byggðastofnunar og menningarfulltrúa landshlutasamtakanna á fyrri hluta ársins. Þá skipaði Byggðastofnun sérstakan verkefnastjóra menningar hjá stofnuninni sem steig inn í samstarf menningarfulltrúa landshlutasamtakanna.

Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna vinna að því að efla menningarlíf, hver í sínum landshluta. Hlutverk þeirra er að styðja við listsköpun og menningarverkefni, byggja upp innviði menningar, styrkja grasrótina og skapa skilyrði fyrir faglega og sjálfbæra menningarstarfsemi.

Þrátt fyrir að landshlutarnir séu ólíkir að stærð, byggðamynstri og hvað varðar menningarlegar áherslur, þá starfa menningarfulltrúarnir í nánú samstarfi sín á milli með því að miðla reynslu, þróa sameiginleg verkefni og vinna að áherslumálum sem snerta menningarstarf í landsbyggðunum í heild sem og að varpa ljósi á fjölbreytileika menningarstarfs í landsbyggðunum.

Með samstarfinu hefur skapast rammi utan um tengingu menningar og byggðapróunar, þar sem menningarstarfsemi er viðurkennd sem einn af lykilþáttum í þróun öflugra og sjálfbærra samfélaga.

Hópurinn fundaði sl. haust með menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra þar sem menningarmál í landsbyggðunum voru m.a. rædd og skýrsla menningarfulltrúanna sem gerð var á árinu vegna aðgerðar B.9. *Stefnumótun og hlutverk menningarstofnana, í byggðaáætlun*, var kynnt. Mjög gott samtal átti sér stað á fundinum, ráðherra sýndi mikinn áhuga á frekara samstarfi við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna og Byggðastofnun. Þá fundaði hópurinn einnig með fulltrúum íslenskra menningarstofnana með það að leiðarljósi að efla tengslanet og samstarf á sviði menningar og skapandi greina.

Byggðastofnun sótti um, í samráði við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna, aðild að fulltrúaráði Listahátíðar

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

í Reykjavík. Aðildin var samþykkt og nú situr fulltrúi menningarfulltrúa landshlutasamtakanna í fulltrúaráðinu. Hlutverk fulltrúaráðs Listahátíðar í Reykjavík er að vera ráðgefandi fyrir stjórn og stjórnanda hátíðarinnar, einkum um langtímamarkmið og stefnu og er skipað menningarsamtökum og -stofnunum með aðsetur í Reykjavík, ásamt Listasafninu á Akureyri. Það er því eflandi fyrir starf Listahátíðar og mikilvægt skref stigið fyrir landsbyggðirnar að rödd þeirra fái fastan sess í fulltrúaráðinu.



Fulltrúar landshlutasamtaka og Byggðastofnunar ásamt Loga Einarssyni ráðherra.



Afhending Landstólpanns á ársfundi Byggðastofnunar 2025.



Minnismerki um Hans Jónatan á Djúpavogi.

Landstólpinn

Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar, var veittur í fyrsta skipti á ársfundi stofnunarinnar árið 2011. Viðurkenningin var veitt í fjórtánda sinn á ársfundi Byggðastofnunar sem haldinn var í Frystihúsinu á Breiðdalsvík þann 8. maí 2025. Nafnið Landstólpinn er fengið úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Alþingi hið nýja.

Hugmyndin að baki viðurkenningunni er að efla skapandi hugsun og bjartsýni. Hún er veitt einstaklingi, fyrirtæki eða hópi/verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga sem vakið hefur jákvæða athygli í landsbyggðunum með verkefni, starfsemi, umfjöllun á opinberum vettvangi eða með öðru móti. Við úthlutun er haft í huga hvort viðkomandi hafi gefið jákvæða mynd af landsbyggðunum eða sínu svæði, aukið virkni íbúa, eflt samstöðu og jákvæðni íbúa og/ eða dregið að gesti.

Í ár bárust samtals 35 tilnefningar til einstaklinga/verkefna víða af landinu. Niðurstaða dómnefndar, sem skipuð er starfsmönnum Byggðastofnunar, var sú að veita Kára Viðarssyni, Frystiklefanum á Rifi Landstólpann árið 2025. Kári veitti viðurkenningunni viðtöku á ársfundi Byggðastofnunar.

Kári er stofnandi og eigandi Frystiklefans á Rífi. Hann nam leiklist við Rose Bruford College í London og útskrifaðist þaðan árið 2009. Hann hefur unnið sem sjálfstætt starfandi leikari, höfundur og framleiðandi við fjölda leiksýninga í Frystiklefanum og í samstarfi við önnur leikhús og leikhópa. Auk þess hefur hann staðið fyrir ýmsum öðrum viðburðum á Hellissandi og Rífi í gegnum Frystiklefan. Þar má t.d. nefna Tónlistarhátíðina *TeneRif* og götulistahátíðina *Hellissandur Street Art Festival* þar sem hús um allan Hellissand hafa verið skreytt listaverkum.

Fá menningarverkefni á landsbyggðinni hafa haft eins mikil samfélagsleg áhrif og Frystiklefinn á Rífi. Kári Viðarsson hefur með stofnun menningarmiðstöðvarinnar sýnt hvað listir og faglegt menningarstarf geta haft öflug áhrif á byggðapróun í landsbyggðunum. Áhrifin hafa verið það jákvæð að í daglegu tali er rætt um Frystiklefaáhrifin og gjarnan ber nafn Kára og Frystiklefans á góma þegar rætt er um menningarstarf í landsbyggðunum. Færa má

rök fyrir því að menningarlíf, mannlíf og atvinnulíf hafi orðið fjölbreyttara á Vesturlandi með tilkomu starfsemi Frystiklefans og laðað að fjölda gesta og nýbúa.

Sá sem hlýtur Landstólpann hverju sinni fær afhentan listmun hannaðan af lista- eða handverksfólki. Einnig fylgir samfélagsviðurkenningunni fjárhæð að upphæð ein milljón króna. Viðurkenningargripurinn í ár var trélista- verk, lágmynd úr tré, eftir myndlistarkonuna Aðalheiði Eysteinsdóttur en hún veitir Alþýðuhúsinu á Siglufirði forstöðu og er þar listrænn stjórnandi. Aðalheiður er hvað þekktust fyrir viðarskúlptúra sína, jafnt stóra sem smáa, en margir þekkja stóra skúlptúra hennar þar sem hún hefur búið til manneskjur úr spýtum. Hún hefur einnig mikið fengist við málverk, lágmyndir og framið gjörninga.

Landstólpinn verður næst veittur á ársfundi Byggðastofnunar sem haldinn verður á Kirkjubæjarklaustri þann 28. maí 2026.



Patreksfjörður.

Eyrarrósin

Eyrarrósin er viðurkenning sem veitt er framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins annað hvert ár og hefur verið veitt allt frá árinu 2005. Auk viðurkenningarinnar og verðlaunafjárhæðar er Eyrarróshafa boðið að standa að viðburði á Listahátíð í Reykjavík árið eftir. Sérstök hvatningarverðlaun Eyrarrósin eru einnig veitt þremur verkefnum sem hafa verið starfrækt í þrjú ár eða skemur. Hvatningarverðlaunin eru veitt metnaðarfullum verkefnum sem þykja hafa listrænan slagkraft, jákvæð áhrif á nærsamfélagið og burði til að festa sig í sessi. Eyrarrósin er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Icelandair og Listahátíðar í Reykjavík.

Eyrarrósin var afhent í nítjándan sinn þann 15. maí 2025 við hátíðlega athöfn í Alþýðuhúsinu á Siglufirði. Hr. Björn Skúlason maki forseta og verndari Eyrarrósinar veitti verðlaunin og var það Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði sem hlaut viðurkenninguna og tók Una B. Sigurðardóttir, stjórnarmaður og fyrrum framkvæmdastjóri á móti henni. Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði er menningarsetur og vettvangur fyrir fjölbreytta lista-, menningar- og nýsköpunarstarfsemi sem staðsett er í fyrrum frystihúsi. Í miðstöðinni eru rúmgóðar vinnustofur, smíðaverkstæði, keramikstúdíó, fjölnota aðstaða með steinavinnslu og viðburðarrými. Hefur þessi góða aðstaða laðað til sín listafólk úr ýmsum greinum bæði innlent og erlent. Listafólkið fær tíma og rými til að þróa hugmyndir og vinna að list sinni, kynna hugmyndir og halda sýningar. Alþjóðlegt listafólk tengir Stöðvarfjörð við alþjóðasamfélagið og alþjóðlegt listalíf á einstakan hátt. Miðstöðin skipuleggur reglulega menningarviðburði og fjölbreytt námskeið af ýmsu tagi í samstarfi við sveitarfélagið Fjarðabyggð. Með þessu er stuðlað að góðu aðgengi að tónlist, leiklist og myndlist á staðnum. Gott dæmi er verkefnið *Upptakturinn* á Austurlandi sem er gjaldfrjálts tónsmíðja fyrir ungmenni sem fá faglega reynslu af upptöku og þróun laga og tónlistar.

Þegar frystihúsið, stærsti vinnuveitandi Stöðvarfjarðar, hætti starfsemi um aldamótin, var framtíð hússins óviss. Þá tók sig saman hópur fólks og vann sjálfbóðaliðastarf til að umbreyta húsinu í lifandi menningar- og



Handhafar Eyrarrósinar og hvatningarverðlauna 2025 auk verndara Eyrarrósinar og fulltrúa úr valnefnd.



Una B. Sigurðardóttir ásamt Láru Sóleyju Jóhannsdóttur hjá Listahátíð í Reykjavík og hr. Birni Skúlasyni verndara Eyrarrósinar.

samfélagsmiðstöð. Sköpunarmiðstöðin hýsir sjálfstæðar einingar eins og Studio Silo, Kaffibrennsluna Kvörn og verkstæði Steinasafns Petru auk þess að bjóða umhverfi þar sem ný verkefni og fyrirtæki geta dafnað. Í samstarfi við nærsamfélagið og Fjarðabyggð hefur miðstöðin þannig stutt við nýsköpun og atvinnuþróun í skapandi greinum. Sköpunarmiðstöðin er mikilvægur drifkraftur í menningar- og samfélagsþróun Austurlands.

Hvatningarverðlaun Eyrarrósinar 2025 hlutu verkefnið Afhverju Ekki, einnig nefnt „The Absolutely Everything Studio“ í Breiðanesi á Laugum í Þingeyjarsveit, *Gletta*, sýningarrými á Borgarfirði eystri og *Tankarnir á Raufarhöfn*.

NORA, Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfs- vettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi sem á þrjá fulltrúa í svokallaðri NORA-nefnd en í þeim hópi er einnig fulltrúi innviðaráðuneytisins í framkvæmdastjórn. Aðildarlöndin skiptast á formennsku árlega og voru Íslendingar síðast með formennsku á árinu 2023. Færeyingar leiddu starfið árið 2025. Áhersluverkefni þeirra var ráðstefna um ábyrga nýtingu hafsins í ferðaþjónustu undir heitinu An [Ocean of Opportunities](#) eða *Hafsjór tækifæra*. NORA tók einnig þátt í að skipuleggja og halda [ráðstefnu í Stornoway](#) á Suðureyjum um sjálfbæra framtíð eyjasamfélaga í Norður Atlantshafi sem fjallað er nánar um hér á eftir auk þess sem NORA stóð fyrir kynningu á norrænum mat í sameiginlegum skála [Norðurlandanna á heimssýningunni í Osaka](#) í Japan.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri.

Styrkir geta numið allt að 500 þús. DKK á ári og verkefni verið styrkt að hámarki í þrjú ár. Styrkfjárhæð getur numið allt að 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um sé að ræða samstarf tveggja NORA landa að lágmarki. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu 2025 bárust 49 umsóknir. Úthlutað var tæpum 5,6 millj. DKK til 22 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í nítján verkefnum eða 86% verkefnanna. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er mjög góð og hefur á undanförunum

árum verið á bilinu 70–90%. Hér má sjá [nánari upplýsingar og yfirlit um styrkt verkefni](#). Einnig má finna upplýsingar um hvert verkefni sem hefur notið liðsinnis áætlunarinnar [á heimasíðu NORA](#).

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni eða 80%. Aðildarlöndin greiða árlega rúmlega 20% af heildarframlögum til NORA og greiðir Ísland um 29% af beinu framlagi aðildarlandanna. Að auki fær NORA lítills háttar framlag frá færeysku landsstjórninni vegna staðsetningar skrifstofunnar og frá Vestnorræna sjóðnum.

NORA leggur áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs en einnig að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshafið, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni svo sem verkefni um UNESCO svæðin. Á árinu 2023 var gerður samningur á milli NORA og Orkneyjaráðsins sem gerir þátttöku Orkneyinga í styrktum samstarfsverknum NORA mögulega.

NORA starfaði á árinu samkvæmt [stefnu fyrir árin 2025-2028](#) en í henni er sem fyrr lögð áhersla á sjö fagsvið. Áætlunin hvílir á þremur grunnstoðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Stefna NORA er einnig aðgengileg á heimasíðu NORA í [Íslenskri þýðingu](#). Stefnuáætlunin tekur mið af áætlunum ráðherraráðsins um Framtíðarsýn 2030.



NORA nefndin og tengiliðir í Færeyjum í maí 2025, eyjan Koltur og Trøllhøvdi til vinstri.

Ráðstefna NORA í Stornoway um hvernig megi efla sjálfbæra framtíð eyjasamfélaga

Áskoranir og sjálfbær framtíð fámennra eyjasamfélaga á Norður Atlantshafssvæðinu voru meðal umfjöllunarefna á ráðstefnu NORA sem fram fór í Stornoway í Skotlandi 1.-3. júlí 2025. Landstengiliður NORA sótti ráðstefnuna sem bar heitið *North Atlantic & Arctic Neighbours: Building Sustainable Futures for Island Communities*.

Skipuleggjandi og bakhjarl ráðstefnunnar var Islands Book Trust í samvinnu við NORA. Þetta er fyrsta ráðstefna sinnar tegundar í Stornoway en þátttakendur komu frá NORA löndunum; Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og strandhéruðum Noregs auk þátttakenda frá Skotlandi og þá sérstaklega frá skosku eyjunum þar sem ráðstefnan fór fram.

Fræðimenn og fagaðilar greindu frá stöðu landanna og ræddu lýðfræðilega og efnahagslega þróun við aðra hagsmunaaðila, frumkvöðla og ungt fólk. Fram kom að álíka áskoranir eru víða varðandi brýna þörf á uppbyggingu innviða eins og bættra samgangna, framboðs á húsnæði, þjónustu og atvinnutækifæra. Þátttakendur deildu reynslu og frásögnum auk þess að skiptast á hugmyndum um hvernig megi efla sjálfbæra framtíð fámennra samfélaga. Áhersla var lögð á að draga fram og ræða mögulegar leiðir



Frá ráðstefnu NORA í Stornoway.

og lausnir til að tryggja seiglu og velmegun, efla samfélagslega þátttöku ungs fólks og lýðræði, bæta stjórnarhætti og byggðabrag. Fram kom að samtal og samráð við íbúa er mikilvægt, að heimamönnum sé treyst og að þeir hafi vald og frelsi til ákvarðana varðandi samfélagið sem þeir búa í. Útgangspunktur megi gjarnan og oftara vera sá að styrkja og efla samfélög fremur en að fjölga íbúum.

Einnig var fjallað um hversu mikil áhrif sögur samfélaga og orðspor getur haft á framtíð þeirra. Í stað þess til dæmis að ítrekað sé rætt með neikvæðum undirtóni um að samfélag sé að eldast, svæði sé vindasamt og vinnumarkaður einhæfur þá megi fremur beina athyglinni að því hvað geri samfélagið að góðu samfélagi. Góð menning í samfélaginu sem býður fólk velkomið eykur líkur á því að fólk hafi löngun til að koma og dvelja til lengri og skemmri tíma. Tilfinningin að tilheyra samfélagi geri það aðlaðandi.



Þátttakendur ráðstefnunnar framan við University of the Highlands and Islands (UHI).



Norðurslóðaáætlunin (NPA)

Norðurslóðaáætlunin ([Interreg Northern Periphery and Arctic](#)) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands og Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja. Markmið áætlunarinnar er að efla sjálfbært atvinnu- og efnahagslíf og búsetuþætti á starfssvæðinu sem eru norðurhérað Finnlands, Svíþjóðar og Noregs, vesturhluti Írlands og allt landssvæði Færeyja, Íslands og Grænlands.

Þó aðstæður á þessu stóra svæði séu ekki einsleitir eru þar ákveðin sameiginleg einkenni sem felast m.a. í veðráttu, strjálbýli, miklum vegalengdum, náttúruauðlindum, háu menntunarstigi og neikvæðri lýðfræðilegri þróun á dreifbýlum svæðum. Við upphaf núgildandi áætlunartímabils 2021-2027 hurfu Skotland og Norður-Írland úr samstarfinu vegna útgöngu Bretlands úr ESB. Er það miður þar sem bæði löndin voru virkir þátttakendur í samstarfinu og höfðu lagt mikið til þess í gegnum þátttöku í verkefnum.

Aðalskrifstofa NPA er í Kaupmannahöfn og landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu hér á landi, sem felst annars vegar í hlutverki landstengiliðar sem er að kynna áætlunina, aðstoða umsækjendur, þ.m.t. talið að finna erlenda samstarfsaðila og taka þátt í mati umsókna. Hins vegar er stofnunin einnig eftirlitsaðili með framkvæmd verkefna og yfirfer framvinduskýrslur vegna útgreiðslu styrkja. Auk þess situr einn fulltrúi frá Byggðastofnun og annar frá innviðaráðuneytinu í stjórn NPA.

Þátttaka Íslands í NPA er byggðaaðgerð sem á rætur sínar í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Þar var kveðið á um að stuðla markvisst að þátttöku stofnana og atvinnulífs á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Í þeim tilgangi var lagt til að Ísland gerðist aðili að Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Það gekk eftir og hefur Ísland verið virkur þátttakandi síðan 2002 og byggir þátttakanu nú á byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036. Heildarframlag til NPA á yfirstandandi tímabili, 2021-2027, eru 51,5 milljónir evra og þar af fara 46,8 milljónir evra til að styðja verkefni. Framlag Íslands er 3 milljónir evra og að frádregnum sameiginlegum kostnaði við rekstur

áætlunarinnar koma 2,6 milljónir evra til stuðnings við íslenska þátttakendur.

Til að ná markmiði sínu um að efla sjálfbært atvinnu- og efnahagslíf og búsetugæði, styður Norðurslóðaáætlunin við samstarfsverkefni sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna.

Skilgreind forgangssvið með undirmarkmiðum fyrir núgildandi áætlunartímabil eru:

1. Styrkja nýsköpunarhæfni þrautseigra og aðlaðandi samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar.
 - 1.1. Þróa og bæta rannsókn- og nýsköpunarhæfni og nýtingu hátækni.
 - 1.2. Nýta kosti stafvæðingarinnar fyrir íbúa, atvinnulíf, rannsóknastofnanir og stjórnvöld.
 - 1.3. Styrkja sjálfbæran vöxt, samkeppnishæfni og fjölgun starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
2. Styrkja getu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að laga sig að loftslagsbreytingum og bættri auðlindanýtingu.
 - 2.1. Stuðla að betri orkunýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
 - 2.2. Styðja aðlögun að loftslagsbreytingum, varnir gegn hamförum og seiglu með beitingu vistkerfislausna (ecosystem based approaches).
 - 2.3. Styðja við umbreytinguna yfir í hringrásarhagkerfið og betri orkunýtingu.
3. Styrkja stofnanagetu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að nýta sér samstarfsverkefni.
 - 3.1. Bæta stofnanagetu stjórnvalda og annarra haghafa við innleiðingu svæðisbundinna áætlana á sjó og landi.

Lögð er áhersla á afurðir verkefnanna, vöru og/eða þjónustu sem styrkir atvinnulíf, búsetu eða bætur öryggi íbúa. Þátttakendur geta verið fyrirtæki, sveitarfélög,

fyrirtæki þeirra, stofnanir og samtök, ríkisstofnanir, mennta- og rannsóknastofnanir eða frjáls félagasamtök.

Norðurslóðaáætlunin er samkeppnissjóður sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES samningsins, þar sem umsækjendur keppa í gæðum um það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 35% mótframlagi umsækjenda hvað íslenska þátttöku varðar. Stuðningur við þátttöku íslenskra aðila í verkefnum er eingöngu fjármagnaður af framangreindu framlagi Íslands til áætlunarinnar. Til að stuðla að sem mestri virkni þessara fjármuna með því að hámarka fjölda verkefna með íslenski þátttöku, var ákveðið að hámarksupphæð kostnaðar íslenskra aðila í einstökum verkefnum væri 200 þús. evrur og hámarksstyrkur 65% af þeim fjármunum sem eru þá um 130 þús. evrur.

Verkefni og úthlutunir ársins

Landstengiliður tók þátt í tveimur vinnufundum landstengiliða með skrifstofunni í Kaupmannahöfn sem fram fór á netinu í febrúar og október. Hann situr einnig í matshóp áætlunarinnar sem hefur það hlutverk að meta annars vegar hvernig staðið hefur verið að framkvæmd áætlunarinnar og hins vegar hvaða árangri hún hefur skilað fyrir samfélögin á starfssvæðinu. Undir í matinu verða líklega öll verkefni sem hlotið hafa styrk á núverandi áætlunartímabili 2021-2027 og mögulega einhver frá fyrra tímabili. Matshópurinn hélt einn fund á árinu sem fram fór á netinu þar sem línur voru lagðar varðandi inntak matsins og framkvæmd, m.a. um val á utanaðkomandi matsaðila en gert er ráð fyrir að hann verði valinn á grundvelli útboðs. Gert er ráð fyrir að matsvinnunni ljúki á árinu 2027.

Ársfundur áætlunarinnar fór fram í byrjun október í Bodø í Noregi og hann sóttu, auk landstengiliðar, starfsmaður á fyrirtækjasviði sem sér um yfirferð framvinduskýrslna íslenskra þátttakenda í verkefnum og forstöðumaður þróunarsviðs sem áseti í stjórn áætlunarinnar. Einnig sóttu fundinn fulltrúar innviðaráðuneytisins ásamt nokkrum fjölda íslenskra þátttakenda í verkefnum sem hlotið hafa styrki. Fundurinn markaði ákveðin tímamót þar sem verið var að halda upp á 25 ára afmæli áætlunarinnar. Kom það fram í því að annars vegar var horft yfir farinn veg þar

sem mikill samhljómur var um að áætlunin hafi í gegnum árin skilað svæðinu verulegum ávinningi og stuðlað að verðmætri þekkingaryfirfærslu milli samfélaga.

Hins vegar var horft til þess hvernig áætlunin gæti þróast til framtíðar í ljósi breyttrar heimsmyndar þar sem áhugi á norðurslóðum hefur stórkæmt. Í því sambandi kom fram að á vettvangi Evrópusambandsins mætti gera ráð fyrir því að áætlunin yrði eflað, en einnig vegna góðrar reynslu af henni hingað til.

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu var samþykkt að taka þátt í 25 nýjum verkefnum á árinu 2024 sem bættust við þau 35 sem áður hafði verið samþykkt að taka þátt í. Á þessu ári var aðeins auglýst eitt kall, svokallað klasakall sem var samstarfsverkefni með [Interreg Aurora](#) áætluninni sem er samstarfsáætlun norðurhéraða Finnlands, Svíþjóðar og Noregs. Um var að ræða minni verkefni þar sem umsækjendum sem höfðu áður fengið stuðning við verkefni sín var gefinn kostur á að sækja um viðbótastuðning við að þróa afurðir verkefna sinna og koma þeim betur á framfæri. Eins og áður tók landstengiliður áætlunarinnar og íslenski ráðgjafarhópurinn þátt í mati umsókna í þessu kalli sem var opið frá 8. september til 6. október en alls bárust sjö umsóknir, þar af fimm með íslenskum þátttakendum.

Samþykkt var að styrkja fimm verkefni, þar af þrjú með íslenski þátttöku en þau eru:

AUTOsens

Þátttakendur eru: University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), Teagasc- the Agriculture and Food Development Authority (IE) og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 199.998 evrur og þar af er íslenski hlutinn 52.645 evrur.

ReThink

Þátttakendur eru: Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, Gold of Lapland (SE), Business Kristinestad (FI) og [Visit Reykjanes](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 197.803 evrur og þar af er íslenski hlutinn 45.756 evrur.

CATALIS

Þátttakendur eru: Luleå University of Technology (SE) sem leiðir verkefnið, SINTEF NARVIK (NO), Novia University of Applied Sciences (FI), Tampere University Foundation (FI), University of the Faroe Islands (FO), The Arctic University of Norway (NO) og [Háskóli Íslands, umhverfis- og byggingarverkfræðideild](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 129.583 evrur og þar af er íslenski hlutinn 16.972 evrur. Frekari upplýsingar um verkefni með íslenskum þátttakendum má nálgast á [heimasíðu Byggðastofnunar](#) og um öll verkefni áætlunarinnar á [heimasíðu hennar](#).

Öflug íslensk þátttaka og verðmætt samstarf

Það sem af er áætlunartímabilinu 2021-2027 hefur þátttaka íslenskra aðila verið mjög öflug. Af 79 umsóknum um aðalverkefni hafa íslenskir þátttakendur verið með í 57 þeirra eða í ríflega 72% tilvika. Þegar kemur að samþykktum verkefnum er hlutfallið enn hærra en þar hafa íslenskir aðilar verið meðal þátttakenda í 34 af 41 verkefni sem samþykkt hefur verið að styrkja eða í tæplega 83% tilvika. Heildarkostnaður verkefna er 47,5 milljónir evra og þar af er kostnaður íslensku þátttakendanna 6,5 milljónir evra.

Vegna öflugrar þátttöku íslenskra aðila í áætluninni hefur gengið hratt á íslenska framlagið og þegar kom að seinni úthlutun 2024 voru einungis eftir rúmar 400 þús. evrur af 2,6 millj. evra framlagi Íslands til verkefna-áætlunarinnar. Til að tryggja virka þátttöku af öllu áætlunarsvæðinu ákváðu ESB löndin Svíþjóð, Finnland og Írland í áætluninni að fjármagna þátttöku frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi kæmi sú staða upp að fjármunir landanna dygðu ekki. Þetta þýðir að þegar ákvarðanir höfðu verið teknar um styrkveitingar til einstakra verkefna hafði í árslok 2025 verið ráðstafað um 1,6 millj. evra til íslenskra þátttakenda af fjármunum ESB landanna. Hér er um verulegt fjármagn að ræða í hlutfalli við heildarupphæð íslenska framlagsins til áætlunarinnar allt sjö ára tímabilið 2021-2027. Um leið er þetta til marks um þau gagnkvæmu verðmæti sem í þessu alþjóðlega samstarfi felast og ástæða til að þakka þann velvilja sem fólgin er í ákvörðuninni af hálfu ESB landanna. Ljóst er að óbreyttu að frekari þátttaka íslenskra aðila í verkefnum er alfarið háð því að framhald verði á þessum stuðningi ESB landanna í áætluninni.



Íslenskir þátttakendur á tuttugu og fimm ára afmælisársfundum Norðurslóðaáætlunarinnar í Bodø 2025.



Breiðdalsvík.

ESPON

ESPON er ein af áætlunum ESB um milliríkjasamstarf sem Ísland er þátttakandi í ásamt öllum 27 aðildarríkjum ESB auk Noregs, Liechtenstein og Sviss. ESPON, sem stendur fyrir European Territorial Observatory Network, miðar að því að efla umfang og gæði byggðarannsóknna í löndum Evrópu og greiða aðgengi opinberra stjórnvalda að áreiðanlegum og vönduðum gögnum og rannsóknarniðurstöðum, til notkunar í opinberri stefnumótun innan byggðamála.

Ísland hefur tekið þátt í ESPON áætluninni frá árinu 2007. Fulltrúar Byggðastofnunar sitja bæði í stýrinednd ESPON (Monitoring Committee-MC) og sem landstengiliðir (National Contact Point-ECP) fyrir Íslands hönd. Helstu verkefni ESPON á árinu 2025 voru áframhaldandi mótun nýrrar áætlunar ESPON 2030 og uppfærsla á áhersluflokkum.

Hin nýja starfsáætlun var sett af stað undir lok árs 2022. Tekin var upp ný nálgun þar sem allar niðurstöður, rannsóknir og viðburðir innan ESPON þurfa að falla innan ákveðinna áherslupemaflokka (e. Thematic Action Plans, TAPs) sem skilgreindir eru af stýrinednd áætlunarinnar út frá þörfum þátttökulandanna, vísindasamfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Áherslupemun verða tíu en átta þeirra eru komin í gagnið:



Mynd 15. Áherslupemaflokkar ESPON.



Megináherslur rannsókna eru sem fyrr hagnýtar rannsóknir á byggðapróun (Applied research) og verkefnaþaðar greiningar (Targeted Analysis). Þær síðarnefndu byggja á óskum hagaðila hverju sinni og geta þeir sent inn óskir um viðfangsefni í gegnum ESPON heimasíðuna. Allar rannsóknarniðurstöður gögn, kort og aðrar upplýsingar sem framleiddar eru á vegum ESPON eru aðgengilegar í gegnum heimasíðu ESPON www.espon.eu og í gagnatorgi ESPON, [ESPON PORTAL](http://ESPONPORTAL). Þar er hægt að skoða kort ESPON og fletta upp rannsóknarniðurstöðum eftir málefnum, gagnasöfnum og/eða löndum. Þetta þýðir að þó svo að rannsóknir og viðfangsefni ESPON ráðist af þörfum stjórnvalda og hagaðila innan þátttökulanda áætlunarinnar hverju sinni, þá geta allir hagnýtt sér niðurstöðurnar, s.s. vísindasamfélagið, háskólar, ráðgjafar, fyrirtæki, félagasamtök, fréttamiðlar og almenningur.

Á árinu 2025 var sett í gang vinna, að frumkvæði Byggðastofnunar, um svokallað On-demand verkefni fyrir Ísland hjá ESPON. Verkefni eru til u.þ.b. sex mánaða og eiga að varpa ljósi á svæðisbundnar áskoranir og hjálpa til við opinbera stefnumótun. Verkefnið var mótað í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra þar sem unnið er að undirbúningi samanburðarrannsókna á áhrifum rekstarörðugleika stóriðja, annars vegar á Bakka við Húsavík og hinsvegar álvers og járnblendis á Grundartanga, á samfélagið og nærsvæði þeirra. Rekstrarörðugleikar þessir eru til komnir vegna tollastríðs Bandaríkjanna og Evrópusambandsins og einnig vegna bilunar hjá Norðuráli á Grundartanga.

Fulltrúi Byggðastofnunar tók þátt í ESPON viku í Álaborg í Danmörku í lok nóvember. Dagskráin samanstóð af stjórnarfundum, fundum tengiliða og ráðstefnu þar sem yfirskriftin var *endurnýtanleg orka og orkuskipti*. Mikið var fjallað um þátttöku almennings í orkuskiptum og hvernig hægt væri að fá almenning til að nálgast þau á sem jákvæðastan hátt.

Norrænir vinnu- og rannsóknarhópar um byggðapróun

Á árinu 2025 hófst nýtt starfstímabil sem stendur út árið 2028. Fjórir fulltrúar frá Íslandi eru í hópnum. Auk fulltrúa Byggðastofnunar eru tveir fulltrúar frá landshlutasamtökum sveitarfélaga og einn frá Háskóla Íslands. Þemahópurinn ber heitið *Thematic Group on Regional and Local Resilience and Attractiveness (TGT)*. Meginverkefni hópsins snúa að:

- Viðbrögðum við loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, óstöðugleika í alþjóðamálum, heimsfaröldrum, orkuskortum og stríði.
- Að byggja upp þekkingargrunn um helstu þætti sem hafa áhrif á ákvörðun fólks um að vera, flytja eða snúa aftur, safna og miðla staðbundnum dæmum sem hafa gengið vel, draga fram aðferðir og verkfæri, svo sem staðarsköpun, til að auka aðdráttarafl staða og stuðla að þekkingaryfirfærslu.
- Að leita leiða til að auka aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku. Tryggja raunverulega þátttöku ungs fólks sem er ekki aðeins spurning um réttindi heldur líka nauðsyn að þessi aldurshópur komi að stefnumótun til að takast á við samfélags- og efnahagslegar áskoranir.

Byggðastofnun á einnig fulltrúa í öðrum samstarfshópi um byggðamál sem einnig hefur skipunartíma frá 2025 – 2027. Auk fulltrúa Byggðastofnunar eiga Vestfjarðastofa, Ferðamálastofa og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga fulltrúa innan hópsins. Viðfangsefni samstarfshópsins fjallar um réttlát græn svæðisbundin umskipti og nærsamfélög (*Competitiveness and inclusive green transition regionally and locally – TG2*) og hefur verið skipt niður í fjögur smærri verkefni sem snúa að eftirfarandi:

- Styrkja viðnámsþrótt (e. Powering resilience): Hvernig má styrkja samkeppnishæfni svæða með samstarfi einkaaðila og opinberra aðila er varðar orkufrekan iðnað? Hlutverk Íslands í þessu verkefni er að skoða hvernig meggi koma nýjum orkugjöfum á laggjarnar með slíku samstarfi.
- Opna á kosti fyrir nærsamfélagið (e. unlocking local benefits): Hvernig er hægt að styrkja og styðja jákvæð sambönd landbúnaðar, vistkerfa, hringrásarkerfa og efnahagskerfa í grænum umskiptum? Hópurinn vill



Kaffi Sunnó á Stöðvarfirði.

- skoða þetta annaðhvort í staðbundnu samhengi t.d. firðir, strandsvæði, tún, skógarsvæði, fjalllendi, eða út frá atvinnugeirum svæða t.d. sjókvíaldi, fiskiveiðar, orkuíðnaði, námuvinnslu. Lagt hefur verið til að jarðhitasvæði á Íslandi verði skoðuð sérstaklega
- Nordic SPARC (Nordic Sustainable Production and Regional Competitiveness): Hver er staðan varðandi sjálfbæra framleiðslu og samkeppnishæfni svæða? Þar er áhugavert fyrir Ísland að skoða sína sérstöðu varðandi veðurfar og stærð sveitarfélaga sem þrátt fyrir smæð hafa skipulagsvald og geta þannig haft mikil áhrif á framvindu mála m.t.t. þessa þátta.
- Umbreytingar vinnumarkaðarins (e. Labour market dynamics): Þörf er á að skoða hvernig vinnumarkaðurinn muni breytast með nýjum áherslum í grænum umskiptum. Hvernig má stuðla að samkeppnishæfni landsvæða þegar vinnumarkaðurinn tekur breytingum? Nýleg verkefni á Íslandi líkt og styrking þekkingarsetra um allt land er gott dæmi um hvernig gera má samfélög á landsbyggðinni samkeppnishæfari.

Fulltrúi stofnunarinnar tók þátt í rýnihóp í tengslum við rannsóknarverkefni Nordregio undir heitinu [Ensuring inclusive economic growth in the transition to a green economy](#) og snýr að greiningu á því hvernig tryggja meggi umskipti yfir í grænt hagkerfi sem eru sanngjörn fyrir alla þjóðfélagshópa. Íslenski hlutinn fjallar um áhrif umskiptanna á ferðaþjónustuna, einkum á landsbyggðinni og var unnin af starfsmönnum háskólanna á Akureyri og Bifröst. Verkefninu lauk um mitt ár með útgáfu lokaskýrslu [Regional economic effects of the green transition in the Nordic Region](#).


Samfélagsmiðlar Byggðastofnunar

Hjá Byggðastofnunar lögð áhersla á sýnileikastofnunarinnar og að kynna verkefni hennar með markvissum hætti. Miðlateymi sér um samskipta- og upplýsingamál og samhæfða og áreiðanlega upplýsingamiðlun um Byggðastofnun og starfsemi hennar.

Allt kynningarstarf og allir samfélagsmiðlar sem starfræktir eru undir nafni eða merki Byggðastofnunar skulu leitast við að veita skýrar og greinargóðar upplýsingar, deila uppbyggjandi og jákvæðu efni.

Markmið Byggðastofnunar á samfélagsmiðlum er að vekja athygli fjölmiðla og almennings á hlutverki stofnunarinnar og þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fer þar fram. Auk þess að hvetja til umræðu um byggðamál og að ábendingum sé komið á framfæri eftir atvikum. Þá þykir einnig mikilvægt að fjölga þjónustuleiðum sem notendum standa til boða og að nota fjölbreyttar leiðir miðlunar til að auglýsa fræðslufundi, viðburði og fleira og ná þannig til ólíkra markhópa, svo sem eftir aldri og áhugasviðum.


Sérstök áhersla hefur verið lögð á samfélagsmiðlana Instagram og Facebook til að ná til nýrra fylgjenda og kynna starf stofnunarinnar betur.



<https://www.facebook.com/byggdastofnun>



Hljóðaklettur.



<https://www.instagram.com/byggdastofnun>

ÁRIÐ 2025 Í MYNDUM



Haustfundur í Mývatnssveit.



Kveðja við starfslok.



Heimsókn í Silfurstjörnuna.



Frá afhendingu Eyrarrósarinnar.

ÁRIÐ Í MYNDUM



NPA ráðstefna.



Heimsókn Stéttin Húsavík.



Stjórn fundar á Reykhólum.



Jólafransagerð.

ÁRIÐ Í MYNDUM



Kynnisferð í Þörungaverksmiðjuna.



Frá íbúáþingi í Reykhólahreppi.



Vorfundur á Breiðdalsvík.

ÁRIÐ Í MYNDUM



Göngutúr hjá Hljóðaklettum.



Heimsókn í Highlands and Islands Enterprise.



Í Hljóðaklettum.



Kynnisferð á Borkjarnasafnið á Breiðdalsvík

ÁRIÐ Í MYNDUM



Stjórnendur heimsækja Austurland.



Frá íbúafundi Betri Bakkafjarðar.



Íslendingar á NORA ráðstefnu í Stornoway.



Heimsókn í Þeistareyki.





ÁRSREIKNINGUR BYGGÐASTOFNUNAR 2025

SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA.....	64
ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA	70
YFIRLIT UM AFKOMU.....	75
EFNAHAGSREIKNINGUR	76
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT	77
YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR.....	79
SKÝRINGAR.....	80
STARFSPÁTTAYFIRLIT	114
VIÐAUKI (ÓENDURSKOÐAÐUR) STJÓRNARHÁTTARYFIRLÝSING	117

SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur með henni eftirlit eins og nánar er kveðið á um í lögum.

Rekstur árið 2025

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2025 er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS") sem voru í gildi á Íslandi 31. desember 2025.

Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma jákvæð um 590,5 milljónir króna en til samanburðar var afkoma jákvæð um 1.305 milljónir króna árið 2024. Afkoma ársins er færð inn á uppsafnaða afkomu meðal eigin fjár. Eigið fé í lok desember 2025 samkvæmt efnahagsreikningi var 6.594

milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,35% en var 23,17% í lok árs 2024.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok desember 2025 33.870 milljónum króna og hefur hækkað um 3.752 milljónir króna frá árslokum 2024. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlíð efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 27.580 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.519 milljónir króna frá árslokum 2024. Handbært fé í lok desember 2025 nam 3.636 milljónum króna en var 2.637 milljónir króna í árslok 2024. Lántökur og skuldabréfa-útgáfur námu 26.263 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.857 milljónir króna á árinu. Aðrar skuldir námu 1.013 milljónum króna og höfðu hækkað um 305 milljónir króna frá áramótum. Ný útlán ársins 2025 námu 5.086 milljónum króna á móti 4.336 milljónum króna árið 2024.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem innleiða tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV), og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem hefur verið veitt lagagildi hér á landi ásamt síðari breytingum, kveða á um lagalegar kröfur til eiginfjár stofnunarinnar. Lágmarkskrafa um eiginfjárhlutfall undir stoð I er 8% af áhættugrunni fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjáruka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Stjórnarhættir

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 8. maí 2025 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2026. Í stjórnina voru skipuð Halldór Gunnar Ólafsson stjórnarformaður, Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson, Heiða Ingimarsdóttir, Haraldur Benediktsson, Heiðbrá Ólafsdóttir, Margrét Ólöf Sanders og Steindór R. Haraldsson. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Guðrún Helga Bjarnadóttir, Hafþór Guðmundsson, Lovísa Oktovía Eyvindsdóttir, Sigríður Framdalz Ólafsdóttir, Unnar Hermannsson, Arnar Þór Sævarsson og Kjartan Páll Þórarinsson. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit Sí metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Á árinu, 2025 hélt stjórn Byggðastofnunar tólf stjórnarfundir. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar en úr þeim útgáfum eru fjarlægðar allar upplýsingar sem falla undir 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Stjórn samþykkti stjórnarháttaryfirlýsingu 28. ágúst 2025. Er yfirlýsingin birt á heimasíðu stofnunarinnar og með ársreikningi Byggðastofnunar.

Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 27. mars 2025.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk síðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórnin hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna og hlutafjár auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa, fullnustueigna og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, vanskilafundir og öryggisnefnd sem settar hafa verið

verklagsreglur um. Í verklagsreglum um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Voru reglurnar síðast uppfærðar og samþykktar af stjórn á fundi hennar 26. september 2024.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafæri stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 6. júní 2025 voru Ása Kristbjörg Karlsdóttir, Margrét Ólöf Sanders og Sigrún Hallgrímsdóttir skipaðar í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynni skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól Grand Thornton endurskoðun ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2025-2029.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á

árunum 2016-2020. Árið 2020 var samningurinn við KPMG framlengdur til ársins 2025.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5. mgr. 78. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og takmarkar það áhættuvilja hennar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Núgildandi áhættustefna Byggðastofnunar var staðfest af stjórn í september 2025.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækni-áhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 78. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann

áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2023. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Skv. fjárlögum 2025 hafði Byggðastofnun 5.000 milljóna króna lántökuheimild á árinu 2025 og nýtti stofnunin þá heimild að fullu á árinu með lántökum hjá Endurlánum ríkissjóðs.

Á árinu 2026 hefur stofnunin skv. fjárlögum 2026 5.000 milljón króna lántökuheimild.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt

66. gr. d laga nr. 3/2006 um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglureins og að framan greinir, þar er m.a. kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem er venslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn.

Stjórn samþykkti stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar á fundi 24. nóvember 2023. Tilgangur þessarar stefnu er að tryggja að Byggðastofnun uppfylli á hverjum tíma kröfur viðeigandi laga, reglna, viðmiða og leiðbeininga um mat á hæfi stjórnarmanna og forstjóra Byggðastofnunar að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs reksturs, til þess meðal annars að framfylgja viðmiðum um góða stjórnarhætti og auka trúverðuleika stofnunarinnar.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti síðareglur á fundi 1. nóvember 2023 sem gilda um stjórn og starfsmenn. Síðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar síðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðuleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem starfsfólk er metið á eigin forsendum og hefur jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynja innan stofnunarinnar og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi hennar.

Í lok árs 2023 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnunar heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2024-2027. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hefði fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðalsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl í landsbyggðunum. Gert er ráð fyrir að rekstur Byggðastofnunar verði áfram með svipuðum hætti á árinu 2026 og verið hefur.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Hann er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) sem eru í gildi á Íslandi í lok desember 2025.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem stofnunin býr við.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og afkomu Byggðastofnunar á árinu 2025 í samræmi við ákvæði í lögum um opinber fjármál.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri fjölluðu um ársreikninginn fyrir árið 2025 á fundi þann 26. febrúar 2026 og staðfestu hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki 26. febrúar 2026

Haldór Gunnar Ólafsson, formaður

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Ólöf A Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson

Arnar Már Elíasson, forstjóri



Skógarfoss.

ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Byggðastofnunar („stofnunin“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir afkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskila-aðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2025, efnahag hans 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og við alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miðað við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem “IPSAS”).

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð stofnuninni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Mat á útlánum til viðskiptavina

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu nr. 2 (l) & (m) og skýringu nr. 14, útlán til viðskiptavina og skýringu nr. 22. áhættustýring.

Útlán til viðskiptavina námu 27.580 milljónum króna eða 81,4% af heildareignum stofnunarinnar á sama tíma og eru því stærsti einstaki eignaliður þess.

Útlán eru upphaflega færð á gangvirði og síðar metin á afskrifuðu kostnaðarverði samkvæmt aðferð virkra vaxta. Virðisrýrnun er reiknuð á grundvelli líkans um vænt útlánatap (e. Expected Credit Loss, ECL) í samræmi við IPSAS 41.

Mat á virðisrýrnunarsjóði er verulega matskennt og háð forsendum stjórnenda.

Vegna umfangs útlána í efnahagsreikningi og þeirrar verulegu matsóvissu sem fylgir ákvörðun vænts útlánataps teljum við virðisrýrnun útlána til viðskiptavina vera lykilatriði við endurskoðun.

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Við öfluðum skilnings á útlánaferlinu, útlánaáhættu og útreikningi vænts útlánataps samkvæmt því líkani sem stofnunin beitir. Við yfirforum og lögðum mat á hönnun og virkni innra eftirlits sem tengist utanumhaldi á útlánum og virðisrýrnun.

Við framkvæmdum prófanir á líkani stofnunarinnar sem notað er við útreikning vænts útlánataps og yfirforum og lögðum mat á aðferðafræði og helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar útreikningum. Við yfirforum líkanið með hliðsjón af kröfum IPSAS.

Skýringar vegna útlána og virðisrýrnunarsjóðs voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem stofnunin birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem stofnunin gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m. árskýrsla, skýrsla stjórnar og forstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðar stjórnarháttayfirlýsingar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi í samræmi lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og við alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og forstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism).

Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar stofnunarinnar og berum ein ábyrgð á áliti okkar á stofnuninni.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn Byggðastofnunar og endurskoðunarnefnd stofnunarinnar meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Byggðastofnun þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent endurskoðunarnefnd yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Við vorum kjörnir endurskoðendur stofnunarinnar á árinu 2025 að undangengnu útboði á vegum ríkisendurskoðunar. Þetta er fyrsta reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur stofnunarinnar.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 26. febrúar 2026

J. Sturla Jónsson
löggiltur endurskoðandi



YFIRLIT UM AFKOMU

		2025	2024
	Skýr.		
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánnum til viðskiptavina reiknaðar með aðferð virkra vaxta.....		2.635.609	2.573.682
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....		88.859	77.468
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....		16.819	19.297
		<u>2.741.287</u>	<u>2.670.446</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum og leiguskuldum.....	16	1.524.834	1.345.188
		<u>1.216.453</u>	<u>1.325.258</u>
	Hreinar vaxtatekjur		
		<u>1.216.453</u>	<u>1.325.258</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	452.300	453.500
Gengismunur.....	7	3.101	2.367
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....		45.787	52.510
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna.....		5.273	46.556
Leigutekjur af eignum í virku sölufarli.....	12	70	0
Aðrar tekjur.....	8	300.489	188.771
		<u>807.020</u>	<u>743.704</u>
	Hreinar rekstrartekjur		
		<u>2.023.473</u>	<u>2.068.962</u>
Önnur rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		240.300	240.500
Veittir aðrir styrkir.....		161.845	121.325
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	447.197	436.977
Annar rekstrarkostnaður.....		216.716	216.095
Rekstrarkostnaður eigna í virku sölufarli.....	12	9.468	1.925
Matsbreytingar eigna í virku sölufarli.....	12	6.515	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og leigueigna.....	15,18	23.691	24.354
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	22	327.205	(276.899)
		<u>1.432.937</u>	<u>764.277</u>
	Afkoma ársins		
		<u>590.536</u>	<u>1.304.685</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

		31.12.2025	31.12.2024
	Skýr.		
Eignir			
Handbært fé.....	9	3.636.024	2.636.872
Markaðsskuldabréf.....	10	369.202	355.927
Aðrar kröfur.....		5.274	4.639
Hlutabréf.....	11	376.726	332.572
Eignir í virku söluferli.....	2(c),12	64.231	10
Leigueignir.....	2(c),18	9.277	0
Hlutdeildarfélög.....	13	1.075.131	968.970
Útlán til viðskiptavina.....	14	27.580.096	25.060.931
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	753.806	757.442
	Eignir samtals	33.869.767	30.117.363
Skuldir			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	16	26.263.415	23.406.323
Óráðstöfuð framlög.....		839.841	563.986
Leiguskuldir.....	2(c),18	9.592	0
Aðrar skuldir.....		163.359	144.030
	Skuldir samtals	27.276.206	24.114.339
Eigið fé			
Eiginfjárframlag.....		7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	17	(1.206.440)	(1.796.976)
	Eigið fé samtals	6.593.560	6.003.024
	Skuldir og eigið fé samtals	33.869.767	30.117.363

■ SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

	<i>Skýr.</i>	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins.....		590.536	1.304.685
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar vaxtatekjur.....		(1.216.453)	(1.325.258)
Gengismunur.....	7	(3.101)	(2.367)
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....	11	(45.787)	(52.510)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	13	(5.273)	(46.556)
Matsbreytingar eigna í virku sölufarli.....	12	6.515	0
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....	11	(53.470)	(884)
Afskriftir rekstrarfjármuna og leigueigna.....	15,18	23.691	24.354
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	(2.025)	0
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	22	327.205	(276.899)
		<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>	<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>
		(378.161)	(375.435)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Afborganir útlána.....	14	2.862.315	2.045.370
Veitt lán.....	14	(5.085.917)	(4.336.205)
Innlausn og sala fullnustueigna.....	12	(35.849)	0
Aðrar kröfur.....		635	(20.658)
Aðrar skuldir.....		19.329	(62.929)
Óráðstöfuð framlög.....		275.855	34.699
		<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>	<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>
		(2.341.794)	(2.715.158)
Innborgaðir vextir.....		2.031.126	2.113.551
Greiddir vextir.....		(1.372.805)	(1.141.899)
Mótttekinn arður.....		11.063	8.743
		<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>	<hr style="width: 100%; border: 0.5px solid black;"/>
Handbært fé til rekstrar		(1.672.410)	(1.734.762)

Fjárfestingarhreyfingar

Hlutabréf og hlutdeildarfélag.....	11,13	(45.784)	(11.338)
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	(17.320)	0
		<hr/>	<hr/>
Fjárfestingarhreyfingar		(63.104)	(11.338)

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af lántökum.....	16	(2.273.355)	(1.491.345)
Afborganir af leiguskuldum.....	18	(1.523)	0
Nýjar lántökur.....	16	5.000.000	4.965.395
		<hr/>	<hr/>
Fjármögnunarhreyfingar		2.725.121	3.474.050

Hækkun á handbæru fé		989.608	1.727.950
Gengismunur á handbæru fé.....	7	9.544	(18.008)
Handbært fé í ársbyrjun	9	2.636.872	926.930
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í lok ársins.....	9	3.636.024	2.636.872

Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa

Sala fullnustueigna og lánveiting fyrir söluverð.....	13	0	23.000
Sala hlutabréfa og móttaka annarra hlutabréfa f. söluverð.....		160.981	0

■ YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR

	Skýr.	Eiginfjár- framlag	Uppsöfnuð afkoma	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2024.....		7.800.000	(3.101.661)	4.698.339
Afkoma ársins 2024.....			1.304.685	1.304.685
Eigið fé 31. desember 2024.....		<u>7.800.000</u>	<u>(1.796.976)</u>	<u>6.003.024</u>
Afkoma ársins 2025.....			590.536	590.536
Eigið fé 31. desember 2025.....		<u>7.800.000</u>	<u>(1.206.440)</u>	<u>6.593.560</u>

SKÝRINGAR

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi, annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a) Yfirlýsing um samræmi

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Hann er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS") sem voru í gildi á Íslandi 31. desember 2025.

Stjórn og forstjóri Byggðastofnunar staðfestu ársreikninginn þann 26. febrúar 2026.

b) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum færslu hlutabréfa á gangvirði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

c) Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð þessa ársreiknings eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings Byggðastofnunar fyrir árið 2024, að undanskildum eftirfarandi breytingum:

Breyting á reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga

Í upphafi árs 2025 tók gildi IPSAS 43 *Leigusamningar* og kom í stað IPSAS 13 *Leigusamningar*.

IPSAS 43 innleiðir eitt leigusamningslíkan fyrir leigutaka. Í því felst að leigutaki gerir ekki lengur greinarmun á rekstrarleigusamningum og fjármögnunarleigusamningum heldur færir í efnahagsreikning vegna allra leigusamninga leigueignir, sem endurspeglar rétt til að nýta undirliggjandi eignir, og leiguskuldir, sem endurspeglar skuldbindingar til að greiða leigu. Leigutaki færir í rekstrarreikning afskriftir af leigueignum og vaxtagjöld af leiguskuldum. Valkvæðar undanþágur frá þessu líkani er hins vegar að finna í staðlinum vegna leigusamninga þar sem leigutími, ákvarðaður í samræmi við reglur IPSAS 43, er 12 mánuðir eða styttri og vegna leigusamninga þar sem verðmæti undirliggjandi eignar er lítið. Meðferð leigusamninga hjá leigusala samkvæmt IPSAS 43 er svipuð og samkvæmt IPSAS 13 þar sem leigusali þarf að halda áfram að flokka hvern leigusamning sem annað hvort fjármögnunarleigusamning eða rekstrarleigusamning.

Byggðastofnun hefur beitt IPSAS 43 frá og með 1. janúar 2025 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem leigueignir námu sömu fjárhæðum og leiguskuldir þann 1. janúar 2025, án áhrifa á eigið fé 1. janúar 2025, og án þess að breyta samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2024.

Uptaka IPSAS 43 hefur haft eftirfarandi áhrif á ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2025:

* Stofnunin hefur fært í efnahagsreikning 1. janúar 2025 leigueignir og leiguskuldir að fjárhæð 10,9 millj.kr.;

* Stofnunin hefur fært í yfirliti um afkomu ársins 2025 afskriftir vegna leigueigna að fjárhæð 1,8 millj.kr. og vaxtagjöld vegna leiguskulda að fjárhæð 0,7 millj.kr., samtals 2.5 millj.kr.

Nánari upplýsingar um leigusamninga koma fram í skýr. 2(k) og 18.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum vegna eigna í virku sölufarli

Í upphafi árs 2025 tók gildi IPSAS 44 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi .

IPSAS 44 tilgreinir reikningsskilaaðferðir fyrir eignir sem eru í virku sölufarli og þær kröfur sem eru gerðar vegna framsetningar og upplýsinga í reikningsskilum um slíkar eignir og aflagða starfsemi.

Byggðastofnun hefur beitt IPSAS 44 framvirkt frá og með 1. janúar 2025. Beitingin hefur ekki haft áhrif á mati eigna og skulda né á eigið fé 1. janúar 2025. Hún hefur leitt til þess að heitið "Fullnustueignir" var breytt í "Eignir í virku sölufarli" eftir því sem það átti við í ársreikningnum.

Nánari upplýsingar um eignir í virku sölufarli koma fram í skýr. 2(j) og 13.

Aðrir nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi 1. janúar 2025 höfðu ekki áhrif á ársreikning Byggðastofnunar.

d) IPSAS-staðlar sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi

Nokkrir IPSAS-staðlar og breytingar á IPSAS-stöðlum hafa verið gefin út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2025. Byggðastofnun hefur ekki beitt nýju stöðlunum og breytingunum á stöðlum við gerð þessa ársreiknings en ætlar að beita þeim þegar þeir taka gildi í framtíðinni. Byggðastofnun er í því ferli að meta möguleg áhrif af upphaflegri beitingu IPSAS 47 Tekjur og IPSAS 48 Tilfærsluútgjöld, sem munu gilda frá og með 1. janúar 2027, og þar af leiðandi veit ekki sem stendur hver áhrifin verða, ef einhver. Stofnunin reiknar með að beiting annarra útgefna staðla og breytinga á stöðlum muni ekki hafa áhrif á ársreikning stofnunar á því ári þegar þau taka gildi.

e) Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Við gerð þessara reikningsskila hafa stjórnendur tekið ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í reikningsskilunum. Stjórnendur byggja mat sitt á fyrri reynslu og öðrum þáttum sem taldir eru skynsamlegir miðað við aðstæður, en endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun hjá stjórnendum. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

Helstu óvissuþættirnir eru mat á afskriftareikningi útlána, lánsloforða og annarra krafna og mat á virði hlutabréfa og fullnustueigna.

Samkvæmt reglum IPSAS ber stjórnendum að meta hvort lántökur og lánveitingar séu ívilnandi við upphaflega færslu þeirra í bókhaldi. Einnig ber þeim að meta hvort veitt lánsloforð fela í sér loforð um að veita lán á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum. Jákvæð niðurstaða slíks mats hefur ákveðnar reikningshaldslegar afleiðingar í för með sér. Stjórnendur Bygðastofnunar hafa framkvæmt þetta mat og komist að niðurstöðu um að umfang ívilnandi útlána og lánsloforða sem voru útistandandi hjá Bygðastofnun 31. desember 2025 var óverulegt. Eftirfarandi aðferðir voru notaðar við matið:

- Lántökur voru metnar út frá því hvort vaxtaálag ofan á ríkistryggð skuldabréf væri undir vaxtaálagi skráðra skuldabréfa útgefin af Bygðastofnun í síðustu viðskiptum. Fyrir lántökur í erlendum myntum var kannað hvort vaxtaálag ofan á LIBOR væri undir skuldatryggingarálagi (CDS) íslenska ríkisins.
- Vegna útlána og lánsloforða, voru markaðskjör skilgreind sem þau kjör sem lántakendum Bygðastofnunar byðist hjá öðrum íslenskum lánastofnunum. Gert var ráð fyrir að markaðskjör útlána væru samtala grunnvaxta og álags vegna útlánaáhættu. Fyrir lán í íslenskum krónum voru grunnvextir ákvarðaðir sem lægstu vextir á lánamarkaði skv. Seðlabanka Íslands og notast var við LIBOR-vexti fyrir lán í erlendum myntum. Vaxtaálag vegna útlánaáhættu var metið byggt á lánshæfismati viðkomandi lántakanda og veðstöðu.

f) Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2026. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða miðgengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2025. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í yfirliti um afkomu og efnahagsreikning.

Miðgengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	31.12.2025	31.12.2024
USD	125,20	138,20
DKK	19,71	19,30
JPY	0,80	0,88
EUR	147,20	143,90
 Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins:		
USD	124,74	138,13
JPY	0,79	0,87
EUR	146,68	143,40
 Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins:		
EUR	146,66	143,37
 Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins:		
USD	124,73	138,05
JPY	0,80	0,88
EUR	146,71	143,43
 Vísitölur í upphafi tímabils:		
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	1.1.2026 658,2	1.1.2025 634,7

g) Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

h) Markaðsskuldabréf

Markaðsskuldabréf samanstanda af ríkisskuldabréfum. Þau eru færð í bókhaldi þegar kaupin eru gerð upp og eru þau metin upphaflega á gangvirði, sem er kaupverðið, auk viðskiptakostnaðar sem má rekja beint til kaupanna. Þau eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem samningsbundið sjóðstreymi þeirra felur í sér eingöngu endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmið Byggðastofnunar með eignarhald á þeim er að uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um að eiga laust fé til að mæta skuldbindingum við álagsaðstæður næstu 30 daga. Stofnunin gerir ekki ráð fyrir sölu þessara

skuldabréfa nema slíkar álagsaðstæður komi upp og markmiðið með eignarhaldinu felur ekki í sér tíðar sölu á markaðsskuldabréfum að verulegu virði. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu verði skuldabréfanna og eru færð undir liðnum „Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum“ í yfirliti um afkomu.

i) Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög þar sem stofnunin hefur veruleg áhrif á fjármála- og rekstrarlegar ákvarðanir án þess að hafa yfirráð yfir ákvörðunum þess. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar stofnunin á 20-50% eignarhlut í öðrum félögum. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félags þá er félagið skilgreint sem hlutdeildarfélag. Stofnunin færir fjárfestingar í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði í gegnum afkomu. Gangvirðisbreytingar eru færðar í yfirliti um afkomu og efnahagsreikning.

j) Eignir í virku sölufarli

Byggðastofnun flokkar fastafjármuni sem „eignir í virku sölufarli“ ef bókfært verð þeirra verður endurheimt aðallega með því að selja þá. Til að slíkt teljist vera tilfellið þurfa viðkomandi eignir að vera tilbúnar til tafarlausrar sölu í núverandi ástandi, og einungis háð venjubundnum ákvæðum sem gilda um sölu slíkra eigna, og að sala þeirra sé talin mjög líkleg. Sala telst mjög líkleg þegar stjórnendur sem ráða því hvort eignirnar verði seldar eða ekki hafa skuldbundið sig við söluáætlun vegna viðkomandi eigna, þær eru auglýstar til sölu með virkum hætti, á verði sem er sanngjarnt með tilliti til núverandi gangvirðis þeirra, þess er vænt að salan uppfylli skilyrði fyrir færslu sem fullgild sala innan við ár frá flokkunardegi (þó með tilteknum undantekningum), og aðgerðir sem þarf að framkvæma til að ljúka við söluáætlunina gefa til kynna að það sé ólíklegt að mikilvægar breytingar verði gerðar á áætluninni eða að hún verði dregin til baka.

Eignir í virku sölufarli eru metnar á því sem lægra er af bókfærðu verði þeirra eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Afskriftir af rekstrarfjármunum eru ekki færðar á meðan þeir eru flokkaðir sem eignir í virku sölufarli en tilfallandi tekjur og gjöld vegna þeirra eru færð í yfirliti um afkomu.

k) Leigusamningar

Byggðastofnun sem leigutaki

Á skuldbindingardegi samnings leggur Byggðastofnun mat á það hvort samningur eða hluti hans feli í sér leigusamning. Samningur er leigusamningur að hluta eða í heild ef hann veitir rétt til að ráða yfir notkun á tiltekinni eign á tilteknu tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Byggðastofnun færir í efnahagsreikning leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Á þeim degi eða við breytingu á samningi sem felur í sér leiguhluta úthlutar stofnunin endurgjaldinu á sérhvern leiguhluta á grundvelli sjálfstæðs verðs hvers hlutar fyrir sig. Stofnunin hefur

þó valið að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga þar sem leigutími, skilgreindur í samræmi við reglur IPSAS 43, er 12 mánuðir eða styttri og vegna leigusamninga þar sem verðmæti undirliggjandi eigna er lítið. Leigugreiðslur vegna þessara samninga eru færðar til gjalda í rekstrarreikning línulega á leigutíma.

Byggðastofnun ákvarðar leigutímamann út frá óuppsegjanlegu leigutímabili leigusamnings að viðbættum tímabilum sem falla undir framlengingarheimildir ef stofnunin er nokkuð viss um að nýta þær. Ef uppsagnarheimildir eru í samningum sem stofnunin er viss um að nýta þá er tekið tillit til þess. Stjórnendur stofnunar nota eigin dómgreind við ákvörðun á hvort stofnunin er nokkuð viss um að nýta framlengingarheimildir eða nýta uppsagnarheimildir. Við það mat horfa stjórnendur til allra viðeigandi staðreynda og aðstæðna sem mynda efnahagslegan hvata fyrir stofnunina.

Leigueignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði, sem er upphafleg fjárhæð leiguskulda að viðbættum leigugreiðslum sem Byggðastofnun innir af hendi á upphafsdegi samninga eða fyrir þann dag, beinum upphafs-kostnaði og áætlaðs kostnaðar stofnunar við að taka niður eða fjarlægja undirliggjandi eignir eða til þess að færa ástand þeirra eða svæðis þar sem þær eru staðsettar í samt horf að loknum leigusamningi, og að frádregnum mótteknum leiguhvötum.

Eftir upphaflega færslu eru leigueignir metnar í samræmi við kostnaðarverðslíkan í IPSAS 43. Þær eru afskrifaðar línulega frá upphafsdegi samninga til loka leigutíma, nema þegar eignarhald flyst yfir til Byggðastofnunar í lok leigutímans eða ef kostnaðarverð leigueigna endurspeglar að stofnunin muni nýta sér kauprétt á undirliggjandi eignir. Í þeim tilfellum eru leigueignir afskrifaðar á nýtingartíma undirliggjandi eigna, sem er ákvarðaður með sömu aðferð og notuð er fyrir rekstrarfjármuni stofnunar. Bókfært verð leigueigna er lækkað vegna virðisrýrnunar, þegar það á við, og breytt vegna tiltekinna breytinga á bókfærðu verði leiguskulda.

Leiguskuldir eru upphaflega færðar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamninga, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með því að nota innbyggða vexti í leigunni, ef unnt er að ákvarða þá vexti með áreiðanlegum hætti, en annars notar Byggðastofnun vexti á nýju lánsfé. Við mat á vöxtum á nýju lánsfé er horft til ýmissa þátta en einkum tegunda undirliggjandi eigna, staðsetningar þeirra, ástands og leigutíma.

Leigugreiðslur sem eru innfaldar í mati á leiguskuldum geta verið bæði fastar eða breytilegar sem taka þá mið af vísitölum eða vöxtum. Á sama hátt eru metnar inn framlengingarheimildir sem Byggðastofnun er nokkuð viss um að nýta og uppsagnarákvæði sem ákveðið hefur verið að nýta.

Breytilegar leigugreiðslur sem taka mið af veltu eða notkun á undirliggjandi eignum eru ekki innfaldar í mati á leiguskuldum nema að því marki sem þær eru áfallnar og ógreiddar á reikningsskiladegi. Breytilegar leigugreiðslur sem taka mið af veltu eða notkun á undirliggjandi eignum eru færðar til gjalda í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Eftir upphaflega færslu er bókfært verð leiguskulda hækkað vegna vaxtagjalda og lækkað vegna greiddra leigugreiðslna. Bókfært verð er jafnframt endurmetið þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölum eða vöxtum, á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að Byggðastofnun þurfi að greiða vegna hrakvirðis-trygginga, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimildir eða framlengingarheimildir verða nýttar eða að uppsagnarheimildir verða ekki nýttar. Þegar bókfært verð leiguskulda er endurmetið með þessum hætti er samsvarandi leiðrétting gerð á bókfærðu verði leigueigna, eða leiðrétting færð í rekstrarreikning ef bókfært verð leigueigna er komið niður í núll.

Byggðastofnun sem leigusali

Sem leigusali flokkar Byggðastofnun leigusamninga sem rekstrarleigu eða fjármögnunarleigu. Leigusamningur flokkast sem fjármögnunarleiga ef því sem næst öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi flyst frá Byggðastofnun.

Annars flokkast samningur sem rekstrarleiga og eru leigutekjur færðar meðal annarra rekstrartekna í yfirliti um afkomu með línulegri aðferð á leigutímanum.

I) Útlán til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina eru færð í bókhaldi þegar stofnunin millifærir lánsfjárhæðir til viðskiptavina. Þau eru metin upphaflega á gangvirði, sem er yfirleitt lánsfjárhæðin, auk viðskiptakostnaðar sem má rekja beint til lánveitinga og að frádregnu lántökugjöldum sem Byggðastofnun innheimtir við lánveitingu. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem samningsbundið sjóðstreymi þeirra felur í sér eingöngu endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmið Byggðastofnunar með eignarhald á þeim er að innheimta samningsbundið sjóðstreymi þeirra. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu verði útlána og eru færð undir liðnum „Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina“ í yfirliti um afkomu. Lántökugjöld eru tekjufærð yfir lánstíma með aðferð virkra vaxta.

Útlán eru afskrifuð þegar ekki eru raunhæfar væntingar um endurheimtur. Þetta á yfirleitt við þegar stofnunin metur sem svo að lántaki hafi ekki eignir eða tekjur til að standa undir því sjóðstreymi sem þarf til að endurgreiða fjárhæðirnar sem stendur til að afskrifa. Þetta mat fer fram á grundvelli einstakra eigna. Afskrifuð útlán kunna engu að síður að vera innheimt með fullnustuaðgerðum.

m) Afskriftarreikningur útlána, lánsloforða og annarra krafna

Afskriftarreikningur er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Afskriftarreikningur er færður vegna útlána, lánsloforða og annarra krafna. Hann er færður í efnahagsreikningi til lækkunar á útlánum og öðrum kröfum en meðal annarra skulda vegna lánsloforða. Framlög í afskriftarreikning eru færð til gjalda í yfirliti um afkomu að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra útlána og krafna.

Fjárhæð afskriftareiknings á hverjum tíma er metin í samræmi við vænt útlánatöp, þar sem tekið er tillit til liðinna atburða, núverandi ástands og spá um efnahagsleg

skilyrði í framtíðinni, út frá áreiðanlegum og nærtækum upplýsingum. Matið endurspeglar núvirði fjárvöntunar vegna mögulegra vanefnda, annaðhvort vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi eða vegna allra atburða sem verða á líftíma fjáreignar, eftir því hvort veruleg aukning hefur átt sér stað á útlánaáhættu fjáreignar á reikningsskiladegi samanborið við þá útlánaáhættu sem var við upphaflega færslu hennar í bókhaldi. Við útreikning væntra útlánatapa er tekið tillit til tímavirðis peninga og breytilegra sviðsmynda um framtíðarhorfur. Fjallað er um aðferðir og forsendur við mat á væntu útlánatapi í skýringu 22.

n) Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í yfirliti um afkomu þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

o) Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Lántökur og skuldabréfaútgáfur eru færðar upphaflega á gangvirði, sem er yfirlitt lánsfjárhæðin, að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði sem má rekja beint til lántaka og skuldabréfaútgáfna. Lántökur og skuldabréfaútgáfur eru síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu verði lántaka og skuldabréfaútgáfna og eru skráð undir liðnum „Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum“ í yfirliti um afkomu. Lántökugjöld sem stofnunin greiðir, ef einhver, eru gjaldfærð yfir lánstíma með aðferð virkra vaxta.

p) Tekjur

Vaxtatekjur eru færðar í yfirliti um afkomu með aðferð virkra vaxta.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu eigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

Framlag ríkissjóðs

Byggðastofnun fær framlag frá ríkissjóði á grundvelli fjárlaga. Um er að ræða eiginfjárframlag, framlag vegna almenns rekstrar hennar og atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og framlag sem ætlað er til styrkveitinga í samræmi við byggðaáætlun eða aðra liði á fjárlögum.

Byggðastofnun færir móttækur fjárhæðir frá ríkissjóði sem eiginfjárframlag þegar um er að ræða greiðslur sem ríkissjóður innir af hendi til stofnunarinnar í stöðu sinni sem eigandi hennar og leiðir til hækunar á hlutdeild ríkissjóðs í hreinum eignum stofnunarinnar.

Framlag vegna almenns rekstrar Byggðastofnunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni er fært til tekna eftir því sem greiðslur berast nema þegar um er að ræða framlag samkvæmt fjárukalögum, en það er fært til tekna við samþykkt Alþingis á fjárukalögum og er fjárhæðin færð sem krafa í efnahagsreikningi þar til hún hefur verið greidd til stofnunarinnar. Veitt framlög og aðrir styrkir eru færð til gjalda í yfirliti um afkomu þegar þeir eru greiddir út.

Framlag sem ætlað er til styrkveitinga í samræmi við byggðaáætlun á fjárlögum er fært sem krafa og skuld í efnahagsreikningi þegar greiðslur berast. Þetta framlag er ekki fært í gegnum yfirlit um afkomu vegna þess að Byggðastofnun hefur ekki ákvörðunarvald um útteilingu þess, sem er háð ákvörðun ráðherra eða nefndar. Styrkveitingar vegna þessa framlags eru ekki heldur í gegnum yfirlit um afkomu.

3. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun	348.819	344.134
Lífeyrissjóðsframlög	57.655	57.568
Tryggingagjald	25.275	24.963
Breyting á áunnu orlofi	7.661	22
Áunnar launauppbætur	1.053	3.848
Önnur launatengd gjöld	6.734	6.443
Laun og launatengd gjöld alls	447.197	436.977

Á tímabilinu störfuðu 27 starfsmenn hjá stofnuninni m.v. heilsársstörf. Þann 31. desember 2025 voru 26 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni (31. desember 2024: 26) og heils dagsstöðugildi voru 26 (2024: 26). Meðalfjöldi starfsmanna árið 2025 var 25,2 (2024: 27,2)

4. Þóknanir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra

Laun til stjórnar Bygðastofnunar, endurskoðunarnefndar og forstjóra greinast þannig:

	2025	2024
Halldór Gunnar Ólafsson, stjórnarformaður frá 8.5.2025	2.619	0
Arnar Þór Sævarsson, varamaður í stjórn	84	0
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, endurskoðunarnefnd til 31.05.2025	292	636
Ása Kristbjörg Karlsdóttir, endurskoðunarnefnd frá 6.6.2024	660	330
Guðný Hildur Magnúsdóttir, stjórnarmaður frá 16.04.2024 til 8.5.2025	714	1.452
Halldóra K. Hauksdóttir, stjórnarmaður til 8.5.2025	714	2.522
Haraldur Benediktsson, stjórnarmaður frá 27.4.2023	2.012	1.942
Heiða Ingimarsdóttir, stjórnarmaður frá 8.5.2025	1.298	0
Heiðbrá Ólafsdóttir, stjórnarmaður frá 8.5.2025	1.298	0
Jónína Björk Óskarsdóttir, stjórnarmaður til 16.04.2024	0	661
Karl Björnsson, stjórnarmaður til 8.5.2025	714	1.942
Kristbjörg H. Kristbergsdóttir, endurskoðunarnefnd til 6.6.2024	0	291
Margrét A Sanders, stjórnarmaður og endurskoðunarnefnd frá 8.5.2025	1.650	0
María Hjálmarsdóttir, stjórnarmaður og endurskoðunarnefnd til 8.5.2025	965	2.272
Oddný Árnadóttir, stjórnarmaður frá 16.04.2024 til 8.5.2025	714	1.371
Óli Halldórsson, stjórnarformaður frá 16.04.2024 til 8.5.2025	1.441	3.588
Rúnar Þór Guðbrandsson, stjórnarmaður frá 27.4.2023 til 16.04.2024	0	661
Sigríður Ólafsdóttir, varamaður í stjórn	84	0
Sigrún Hallgrímsdóttir, endurskoðunarnefnd frá 1.6.2025	352	0
Sigurjón Þórðarson, varamaður í stjórn til 16.04.2024	0	403
Steindór R Haraldsson, stjórnarmaður frá 8.5.2025	1.298	0
Valgerður Rún Benediktsdóttir, varamaður í stjórn	0	81
Vígfús Þórarinn Ásbjörnsson, stjórnarmaður frá 8.5.2025	1.298	0
Arnar Már Eliasson, forstjóri	21.833	21.389
Þóknanir til stjórnar, endurskoðunar- og forstjóra samtals	37.336	39.540

5. Þóknanir endurskoðenda

	2025	2024
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	15.908	19.681
Önnur þjónusta endurskoðunartengt	1.997	575
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun	0	1.564
Þóknanir endurskoðenda samtals	17.905	21.820

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

Framlag skv. fjárlögum	2025	2024
Byggðastofnun	212.000	213.000
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	240.300	240.500
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	452.300	453.500

Framlag skv. fjárlögum frh.

Framlög ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning

	2025	2024
Framlag ríkissjóðs v. Sóknaráætlana landshluta	865.600	781.600
Framlag ríkissjóðs v. flutningsjöfnunar olíuvara	167.000	170.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar A.9 í byggðaaáætlun	15.000	17.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar A.10 í byggðaaáætlun	27.000	0
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar B.7 í byggðaaáætlun	100.000	111.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar C.1 í byggðaaáætlun	140.000	130.000
Framlag ríkissjóðs v. umhverfistengdra verkefna landshlutasamtaka	0	100.000
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	120.000	120.000
Framlag ríkissjóðs v. Byggðarannsóknasjóðs	12.000	12.000
Framlag ríkissjóðs v. styrkja til meistaranema	1.000	1.000
Framlag ríkissjóðs v. sóknarsjóðs Grindavíkur	180.000	0
Annað framlag ríkissjóðs samtals	1.627.600	1.442.600

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	2025	2024
Styrkir vegna sóknaráætlana landshluta	835.089	803.076
Styrkir vegna flutningsjöfnunar olíuvara	169.661	171.697
Styrkir vegna aðgerðar A.9 í byggðaaáætlun	24.250	19.856
Styrkir vegna aðgerðar A.10 í byggðaaáætlun	22.109	1.880
Styrkir vegna aðgerðar B.7 í byggðaaáætlun	11.008	2.700
Styrkir vegna aðgerðar B.8 í byggðaaáætlun	0	21.880
Styrkir vegna aðgerðar C.1 í byggðaaáætlun	150.788	155.058
Styrkir vegna Sóknarsjóðs Grindavíkur	15.590	0
Styrkir til umhverfistengdra verkefna landshlutasamtaka	0	100.000
Styrkir til meistaranema	1.225	(725)
Styrkir vegna Byggðarannsóknasjóðs	10.189	12.990
Veittir styrkir alls	1.239.911	1.288.412

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færðir á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins Brothætta byggðir nam 194.640 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 155.750 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

7. Gengismunur

	2025	2024
Gengismunur af útlánunum	1.953	(113.471)
Gengismunur af gjaldeyrisreikningum	9.544	(18.008)
Gengismunur af kröfum	(3)	10
Gengismunur af lántökum	(8.393)	133.835
	3.101	2.367

8. Aðrar rekstrartekjur

	2025	2024
Endurgreiddur kostnaður vegna Brothættra byggða	155.750	126.135
Greiddur arður og hagnaður af sölu hlutabréfa	64.534	9.626
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	63.579	46.381
Til að draga úr rekstraráhættu notar stofnunin fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit í starfsemi sinni. Meðal fyrirbyggjandi aðgerða eru verkferlar um alla helstu þætti í rekstrinum, þjálfun starfsmanna, aðgreining starfa, afritun gagna og fleira. Þá vinnur Bygðastofnun eftir ISO 27001 staðli um öryggi upplýsingakerfa.

23. Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga

Byggðastofnun hefur metið áhrif náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ á rekstur og efnahag stofnunarinnar og telur að þau hafi ekki áhrif á rekstur og efnahag hennar. Stofnunin er með útistandandi lán til þriggja aðila í Grindavík og er kröfuvirði þeirra 310 milljónir króna (2024: 321 milljón króna). Stofnunin telur lánin vel tryggð og muni fást greidd að fullu.

24. Aflamark Byggðastofnunar

Skv. gr. 10. a í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem ráðherra ákvarðar skv. heimild í 5. mgr. 8. gr. áðurnefndra laga til að styðja við byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít, ufsa, löngu, keilu og gullkarfa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. laganna, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Úthlutun vegna fiskveiðisins 2025/2026 byggir á reglugerð nr. 1270/2025. Ráðherra hefur sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerðum 643/2016 og 1256/2024.

Á fiskveiðiárinu 2025/2026 hefur Byggðastofnun til úthlutunar 6.611 tonn af afla í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu í óslægðu magni og hafa verið gerðir samningar um nýtingu aflans í þrettán byggðarlögum. Nánari upplýsingar um samningana má sjá á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is

Mat Byggðastofnunar er að verðmæti aflamarksins sé 1.752 m.kr. miðað við meðalverð á markaði á árinu 2025.

25. Yfirlit yfir fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok

	2025	2024
Fjárlög.....	452.300	453.500
Fjáraukalög.....	0	0
Fjárveitingar til tekna.....	452.300	453.500
 Greiddar fjárveitingar.....	 452.300	 453.500
 Staða fjárveitinga frá fyrra ári.....	 0	 0
 Eftirstöðvar fjárveitinga.....	 0	 0

26. Samanburður við áætlun

Rekstraráætlun er staðfest af stjórn Bygðastofnunar. Rekstraráætlun er unnin skv. rekstrargrunni.

	2025	Áætlun 2025
Vaxtatekjur		
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina reiknaðar með aðferð virkra vaxta...	2.635.609	2.722.000
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	88.859	60.000
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....	16.819	18.000
	<u>2.741.287</u>	<u>2.800.000</u>
Vaxtagjöld		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum og leiguskuldum.....	1.524.834	1.700.000
	<u>1.524.834</u>	<u>1.700.000</u>
Hreinar vaxtatekjur	1.216.453	1.100.000
Aðrar rekstrartekjur		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	452.300	452.300
Gengismunur.....	3.101	0
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....	45.787	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....	5.273	0
Leigutekjur af eignum í virku sölufarli.....	70	0
Aðrar tekjur.....	300.489	180.000
	<u>807.020</u>	<u>632.300</u>
Hreinar rekstrartekjur	2.023.473	1.732.300
Önnur rekstrargjöld		
Veitt framlög til atvinnuráðgjafar.....	240.300	240.300
Veittir aðrir styrkir.....	161.845	175.000
Laun og launatengd gjöld.....	447.197	450.000
Annar rekstrarkostnaður.....	216.716	200.000
Rekstrarkostnaður eigna í virku sölufarli.....	9.468	2.000
Matsbreytingar eigna í virku sölufarli.....	6.515	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og leigueigna.....	23.691	25.000
Framlög í afskriftarreikning útlána og annarra krafna.....	327.205	250.000
	<u>1.432.937</u>	<u>1.342.300</u>
Afkoma ársins	590.536	390.000
	2025	Áætlun 2025
Sjóðstreymi		
Handbært fé til rekstrar.....	(1.672.410)	(3.051.000)
Fjárfestingarhreyfingar.....	(63.104)	(160.000)
Fármögnunarhreyfingar.....	2.725.121	2.466.000

Helstu frávik frá rekstraráætlun ársins eru vegna hærri hreinna vaxtatekna og söluhagnaðar hlutabréfa.

27. Starfsþáttayfirlit

2025	Lánastarfsemi	Þróunar- starfsemi	Stjórnsýsla póstmála	Samtals
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánnum til viðskiptavina reiknaðar með aðferð virkra vaxta.....	2.635.609			2.635.609
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	88.859			88.859
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....	16.819			16.819
	<u>2.741.287</u>			<u>2.741.287</u>
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld og verðbætur af lánökum og leiguskuldum.....	1.524.834			1.524.834
	<u>1.524.834</u>			<u>1.524.834</u>
Hreinar vaxtatekjur	1.216.453			1.216.453
Aðrar rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	0	422.399	29.901	452.300
Gengismunur.....	3.101	0	0	3.101
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....	45.787	0	0	45.787
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna.....	5.273	0	0	5.273
Leigutekjur af eignum í virku söluferli.....	70	0	0	70
Aðrar tekjur.....	86.893	213.596	0	300.489
	<u>141.124</u>	<u>635.995</u>	<u>29.901</u>	<u>807.020</u>
Hreinar rekstrartekjur	1.357.577	635.995	29.901	2.023.473
Önnur rekstrargjöld				
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....	0	240.300	0	240.300
Veittir aðrir styrkir.....	0	161.845	0	161.845
Laun og launatengd gjöld.....	181.019	255.318	10.859	447.197
Annar rekstrarkostnaður.....	109.534	93.963	13.219	216.716
Rekstrarkostnaður eigna í virku söluferli.....	9.468	0	0	9.468
Matsbreytingar eigna í virku söluferli.....	6.515	0	0	6.515
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og leigueigna.....	10.818	11.980	894	23.691
Framlög í afskriftarreikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	327.205	0	0	327.205
	<u>644.558</u>	<u>763.406</u>	<u>24.972</u>	<u>1.432.937</u>
Afkoma ársins	713.018	(127.411)	4.929	590.536
2024				
	Lánastarfsemi	Þróunar- starfsemi	Stjórnsýsla póstmála	Samtals
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánnum til viðskiptavina reiknaðar með aðferð virkra vaxta.....	2.573.682			2.573.682
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	77.468			77.468
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....	19.297			19.297
	<u>2.670.446</u>			<u>2.670.446</u>
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld og verðbætur af lánökum og leiguskuldum.....	1.345.188			1.345.188
	<u>1.345.188</u>			<u>1.345.188</u>
Hreinar vaxtatekjur	1.325.258			1.325.258

Aðrar rekstrartekjur

Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	0	423.458	30.042	453.500
Gengismunur.....	2.367	0	0	2.367
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....	52.510	0	0	52.510
Hlutdeild í afkomu hluteldarfélaganna.....	46.556	0	0	46.556
Leigutekjur af eignum í virku sölufélagi.....	0	0	0	0
Aðrar tekjur.....	13.573	175.198	0	188.771
	<u>115.006</u>	<u>598.656</u>	<u>30.042</u>	<u>743.704</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>1.440.264</u>	<u>598.656</u>	<u>30.042</u>	<u>2.068.962</u>

Önnur rekstrargjöld

Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....	0	240.500	0	240.500
Veittir aðrir styrkir.....	0	121.325	0	121.325
Laun og launatengd gjöld.....	185.800	228.979	22.198	436.977
Annar rekstrarkostnaður.....	131.602	70.175	14.318	216.095
Rekstrarkostnaður eigna í virku sölufélagi.....	1.925	0	0	1.925
Matsbreytingar eigna í virku sölufélagi.....	0	0	0	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna og leigueigna.....	12.264	10.785	1.305	24.354
Framlög í afskriftarreikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	(276.899)	0	0	(276.899)
	<u>54.692</u>	<u>671.764</u>	<u>37.821</u>	<u>764.277</u>
Afkoma ársins	<u>1.385.572</u>	<u>(73.108)</u>	<u>(7.779)</u>	<u>1.304.685</u>

Starfspættir eru skilgreindir sem lánastarfsemi, þróunarstarfsemi og stjórnsýsla póstmála. Undir lánastarfsemi fellur allt sem viðkemur lánaumsýslu stofnunarinnar. Undir þróunarstarfsemi fellur starfsemi þróunarsviðs stofnunarinnar. Meginverkefni þróunarsviðsins eru byggðaáætlanir, efling atvinnulífs, efling búsetuþátta, rannsóknir, upplýsingar og umsagnir. Þróunarsviðið tekur þátt í gerð stefnumarkandi byggðaáætlunar fyrir landið allt. Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur með henni eftirlit eins og nánar er kveðið á um í lögum.



VIÐAUKI - STJÓRNARHÁTTARYFIRLÝSING BYGGÐASTOFNUNAR (ÓENDURSKOÐAÐ)

Inngangur

Við gerð þessarar yfirlýsingar um stjórnarhætti Byggðastofnunar er stuðst við leiðbeiningar sem koma fram í ritinu „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015, auk ábendinga innri endurskoðunar Byggðastofnunar. Stjórnarháttafirlýsing þessi er hluti af ársreikningi Byggðastofnunar.

Hlutverk Byggðastofnunar og lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 106/1999 (lög um Byggðastofnun) er Byggðastofnun sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn innviðaráðherra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk Byggðastofnunar að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Þá skipuleggur stofnunin og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Í 11. gr. laganna kemur fram að Byggðastofnun veiti lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt. Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur þann megin-tilgang að leitast skal við að tryggja fyrirtækjum lágmarksaðgengi að lánsfé á samkeppnishæfum kjörum á svæðum þar sem viðskiptabankar eða sparisjóðir eru tregir til að lána. Um útlánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og heyrir hún undir fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Verkefni Byggðastofnunar eru útfærð nánar í reglugerð um Byggðastofnun nr. 347/2000.

Stjórnarhættir

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarhátum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk umsjónarmanns áhættustýringar og regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna og hlutabréfa auk þess að gera tillögu til stjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem vísa ber til stjórnar skv. verklagsreglum um útlánastarfsemi.

Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignausmsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Starfsreglur stjórnar Byggðastofnunar auk annarra stefna og verklagsreglna eru aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar.

Frávik frá reglum um stjórnarhætti

Byggðastofnun er undanþegin rekstri innri endurskoðunardeildar skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020. Í desember 2020 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að framlengja samninginn við KPMG til ársins 2025. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfskyldur áhættunefndar á stjórn Byggðastofnunar.

Áhættustýring og innra eftirlit

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, síðast 24. október 2024. Stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Skv. 2. ml. 3. mgr. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lána-starfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi. Þetta takmarkar áhættuvilja Byggðastofnunar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um áhættu og framkvæmd áhættustýringar.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólgu-áhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniahætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Úttektir hafa sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 77. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2023. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Ytri endurskoðun

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól Grant Thornton endurskoðun ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2025-2029.

Gildi Byggðastofnunar og siðareglur

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett stofnuninni siðareglur sem hafa að geyma þau gildi sem öll starfsemi hennar byggir á. Allir starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar, svo og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar, eiga jafnan að hafa að leiðarljósi ákvæði siðareglna og það gildismat sem í þeim birtist. Forsendur siðareglna eru einkum jafnræðisregla, góð stjórnslu, málefnalegt gegnsæi og þjónustugæði. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðuleika sem stofnuninni ber að hafa. Stofnunin setur sér metnaðarfull markmið um góða stjórnslu, skilvirkni og málefnalegt gegnsæi allra verkferla.

Umhverfi og samfélag

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann

hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Byggðastofnun hefur sett sér umhverfis- og samfélagsstefnu og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar þ.m.t. kaffistofu og ræstinga, innkaupa, vinnuumhverfis, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs og á einnig við um lánastarfsemi stofnunarinnar. Samþykkt stefna ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og rafræna stjórnsýslu á einnig við um Byggðastofnun og skiptir miklu máli í framkvæmd umhverfis- og samfélagsstefnunnar. Byggðastofnun tekur þátt í verkefninu Græn skref. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst stofnunum tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti.

Stjórnskipulag Byggðastofnunar

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 2025 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2026.

Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki auk þess sem stjórnin sjálf metur hæfi sitt og einstakra stjórnarmanna í samræmi við stefnu Byggðastofnunar um mat á hæfi stjórnar og forstjóra.

Forstjóri Byggðastofnunar er Arnar Már Elíasson. Verkefnum forstjóra og starfsskyldum er nánar lýst í 6. gr. laga um Byggðastofnun, 5. gr. reglugerðar um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra. Samkvæmt erindisbréfi er meginhlutverk forstjóra að annast daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar. Forstjóri Byggðastofnunar starfar í umboði ráðherra og ber ábyrgð gagnvart honum á því að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög, fjármálaáætlun og stefnu í byggðamálum. Hann ber ábyrgð á því að starfsemi Byggðastofnunar sé í samræmi við lög, erindisbréfið og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Árangursmat

Stjórn Byggðastofnunar skal árlega meta árangur starfa sinna, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara í störfum sínum. Við matið skal m.a. skoða hvort stjórnin hafi starfað í samræmi við starfsreglur og hvort mikilvæg stjórnarmálefni séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni. Stjórnin skal bregðast við niðurstöðum matsins á viðeigandi hátt.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 28. ágúst 2025.

FRAMLÖG OG STYRKIR

Atvinnuráðgjöf

Austurbrú ses.	35.035
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	25.405
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.....	34.727
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.....	32.684
Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.....	38.303
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	32.740
Vestfjarðastofa	41.407
Samtals	240.300

Aðrir styrkir

Brothættar byggðir.....	155.750
Byggðarannsóknasjóður	10.189
Eyrarrósir	3.000
Flutningsjöfnun olíuvara	169.661
Landsstólpinn	1.000
Sóknaráætlanir landshluta.....	835.089
Sóknarsjóður vegna Grindavíkur	15.590
Styrkir til meistaranema.....	1.225
Styrkir vegna aðgerðar A.10.....	22.109
Styrkir vegna aðgerðar A.9.....	24.250
Styrkir vegna aðgerðar B.7.	11.008
Styrkir vegna aðgerðar C.1.....	150.788
Samtals	1.399.660



LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

[Lög nr. 106 frá 27. desember 1999](#) með síðari tíma breytingum.

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með: L. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009). L. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 13/2013 (tóku gildi 9. mars 2013). L. 69/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015). L. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 76/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna hér.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

[Ráðherra]¹⁾ ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

¹⁾[L.126/2011.291.gr.](#)

2. gr. Hlutverk.

[Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

[Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni.]¹⁾²⁾

¹⁾[L.76/2021.9.gr.](#) ²⁾[L.69/2015.6.gr.](#)

3. gr. Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

[Ráðherra]¹⁾ skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. [Ráðherra]¹⁾ skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

¹⁾[L.126/2011.291.gr.](#)

4. gr. Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.

5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutfjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánakjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni. [Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.]¹⁾
11. Önnur verkefni sem [ráðherra]²⁾ felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnumála.

¹⁾[L_13/2013.1.gr.](#) ²⁾[L_126/2011.291.gr.](#)

5. gr. Forstjóri.

[Ráðherra]¹⁾ skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. [Um laun og önnur launakjör forstjóra fer skv. [39. gr. a laga nr. 70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾

¹⁾[L_126/2011.291.gr.](#) ²⁾[L_130/2016.8.gr.](#)

6. gr. Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarútlán,
 - e. reglur um lánakjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI.

Starfsemi.

7. gr. ...¹⁾

¹⁾[L_69/2015.6.gr.](#)

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra [haghafa].¹⁾

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

¹⁾[L_69/2015.6.gr.](#)

10. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr. *Veiting lána og ábyrgða.*

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánstarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánstarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

[Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.]¹⁾

¹⁾[L_13/2013_2_gr.](#)

12. gr. *Fjármögnun þróunarverkefna.*

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur að fengnum tillögum stjórnar.

- Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

¹⁾[L_126/2011_291_gr.](#)

III. KAFLI.

Önnur ákvæði.

13. gr. *Upplýsingar um starfsemi.*

[Ráðherra]¹⁾ skal gefa Alþingi árlega skýrslu um ...²⁾ framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum [Byggðastofnunar]²⁾ skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

¹⁾[L_126/2011_291_gr.](#) ²⁾[L_76/2021_10_gr.](#)

14. gr. *Tekjur.*

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Fjármagnstekjur.

[3. Þjónustugjöld skv. 2. og 3. mgr.]¹⁾

[Byggðastofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Umsýslu og skjalagerð sem tengist lánstarfsemi stofnunarinnar.

2. Umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

3. Vinnu við verkefni á sviði byggðaáætlunar og alþjóðlegra verkefna sem stofnuninni er falið að sinna.

Stjórn Byggðastofnunar setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni erfalið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Upphæð gjalda tekur mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og má ekki vera hærrí en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.]¹⁾

¹⁾[L_76/2021_11_gr.](#)

15. gr. *Lántaka.*

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

16. gr. ...¹⁾

¹⁾[L. 76/2021.12.gr.](#)

17. gr. *Undanþága frá gjöldum og sköttum.*

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr. *Þagnarskylda.*

[Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.]¹⁾

¹⁾[L. 71/2019.5.gr.](#)

19. gr. *Reglugerð.*

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.¹⁾

¹⁾[Rg. 347/2000.](#)

20. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN

Reglugerð nr. [347/2000](#) frá 16. maí 2000

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaöflun og rannsóknum.

3. gr. Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr. Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda.

Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánstarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis.

Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr. Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr. Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

- Fyrirtækjasvið sem annast m.a. lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
- Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.

3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.

4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr. Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinnaverkefna. Þarskaleinnigverarekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé.

Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI

Atvinnuráðgjöf.

8. gr. Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi.

Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðapróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr. Efling búsetuþátta.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetuþátta. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu.

Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr. Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði

atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsáðgerða á byggðaþróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr. Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr. Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl. Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegrar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinnna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhaglegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr. Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknar-eyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnuþróunarfélögum.

16. gr. Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr. Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærri fjárhæð en svarar til 17% að teknu tilliti til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarpáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundraðshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Pátttaka í atvinnurekstri.

18. gr. Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almenn séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutfjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutfjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutafé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmuni stofnunarinnar.

19. gr. Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfa-markaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutfjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr. Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutafjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr. Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaáætlunar.

22. gr. Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr. Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr. Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Samagildir um þátttökustjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram

yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr. Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

